


**skoðun 16**

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Gluggar & gler




**Íslensk hönnun þróast hratt**
*Sari Peltonen er önnum kafin við skipulagningu HönnunarMars.*
**allt**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Mánudagur**
**27. febrúar 2012**
49. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Frægar í fótbolta
*Rikka, Tobba Marinós og fleiri frægar konur ætla að styrkja gott málefni með knattspyrnuiðkun.*
**fólk 34**

## Karlarnir og hrunið
*Gyða Margrét Pétursdóttir heldur fyrirlestur um stigveldi karlmennskunnar.*
**tímamót 20**



## Engin spenna í Höllinni
*Haukar og Valur fóru létt með mótherja sína í úrslitum bikarsins.*
**sport 28**

**veðrið í dag**




**STÍF SV-ÁTT** Í dag má víða búast við SV 10-15 m/s en hægari vindur á Vestfjörðum og við N-ströndina. Horfur á rigningu S-til og snjókomu á Vestfjörðum í fyrstu en dregur heldur úr vætunni er líður á daginn.
**VEÐUR 4**

# Skattur af viðbótarlífeyri fari í almenna niðurfærslu

**Formaður efnahags- og viðskiptanefndar vill aðgerðir til almennrar niðurfærslu verðtryggðra skulda. Ríkið innleysi skattttekjur á frjálsan viðbótarsparnað og lífeyrissjóðir greiði 20 milljarða sem fengust í afslátt.**

**EFNAHAGSMÁL** Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir óhjákvæmilegt að grípa til almennra aðgerða til niðurfærslu verðtryggðra lána eftir dóm Hæstaréttar um gengislán. Stór hópur í samfélaginu hafi þar fengið rétt umfram aðra og endurdreifa verði byrðunum.

Helgi vill innleysa skatttekjur ríkisins á frjálsan hluta lífeyrissparnaðar. Þar geti hið opinbera, ríki og sveitarfélög, átt allt að 80 milljörðum króna. „Lengst af borguðum við skattana okkar fyrst og lögðum afganginn síðan inn á sparireikning. Á bóluárunum, þegar ríkissjóður var í sterkri stöðu, gerðum við það ekki, heldur lögðum skattinn líka inn á sparireikning.“ Helgi vill taka þennan skatt út og auka eigið fé Íbúðalánasjóðs.

Hann vill beina sjónum að þeim sem tóku lán frá 2004, eftir að 90 prósenta lán komu fram, til hrunsins í október 2008. Til að koma til móts við ítrustu kröfur hvað varðar þennan hóp þurfi innan við 50 milljarða í Íbúðalánasjóð. Innleysingin dekki það og vilji menn fara lengra aftur megi skoða það.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands segir það kosta lífeyrissjóðina 32 milljarða að koma til móts við ítrustu kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna. Helgi segir þá upphæð lækka sé einblínt á þá sem keyptu eigið íbúðarhúsnæði og enn frekar þegar litið er til afskrifta sem þegar hafa verið gerðar.

> Lífeyrissjóðirnir fengu 20 milljarða aukaafslátt af verðtryggðum íslenskum íbúðabréfum sem keypt voru af Seðlabanka Lúxemborgar eftir hrun.
>
> HELGI HJÖRVAR
> FORMAÐUR EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFNDAR ALÞINGIS

„Lífeyrissjóðirnir fengu 20 milljarða aukaafslátt af verðtryggðum íslenskum íbúðabréfum sem keypt voru af Seðlabanka Lúxemborgar eftir hrun,“ segir Helgi. Hann vill að sjóðirnir nýti þá peninga til að koma til móts við lántakendur. „Heildarhagsmunir lífeyrissjóðanna eru auðvitað miklir, en þetta getur snúist um hvort þeir skili einu prósenti minna í ávöxtun í eitt ár.“

Hvað bankana varðar segir Helgi þá verða að koma til móts við lántakendur á viðskiptalegum forsendum. Þeir verði að meta hvort þeir ætli sér að verða samkeppnishæfir á íbúðalánamarkaði til framtíðar.

**- kóp /** **sjá síðu 12**



FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

**VEISLA!** Strákunum á Ísleifi VE, skipi Vinnslustöðvarinnar í Eyjum, leiðist ekkert að stunda loðnuveiðar þessa dagana. Mokveiði er við Reykjanes og þegar hafa veiðst yfir 400 þúsund lestir. Skipin fylla sig í fáum köstum og aðeins óhagstætt veður getur sett strik í reikninginn við að ná 590 þúsund tonna kvóta vertíðarinnar. **Sjá síðu 4**

Veira ógnar sauðfé í Evrópu:

## Lambadauði í Bretlandi

**LANDBÚNAÐUR** **Svokölluð Schmallenberg-veira, sem herjar á búfénað og hefur valdið skakkaföllum hjá bændum í Þýzkalandi og Hollandi, hefur nú borizt til Bretlands og greinzt á 74 sauðfjárbúum í Englandi.**



**Veiran dreifist með skordýrum. Brezkir bændur hafa miklar áhyggjur af útbreiðslu hennar, en hún veldur vansköpun og dauða lamba. Búizt er við að umfang faraldursins skýrist betur á næstu vikum, en sauðburður er nýhafinn í Englandi.**

**Brezku bændasamtökin segja að sumir sauðfjárbændur hafi misst allt að fjórðung nýfæddra lamba. Ekki er talið að veiran geti borizt í menn, að því er fram kemur í frétt BBC.** **- óþs**

Síminn og Póst- og fjarskiptastofnun takast harkalega á um mál starfsmanns:

# Njósnaði um fyrrverandi eiginkonu

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur ákveðið að kæra starfsmann Símans til lögreglu fyrir að skoða símtalaskrá fyrrverandi eiginkonu sinnar. Þá verður Síminn kærður fyrir brot á fjarskiptalögum við meðferð málsins. Þetta kemur fram í ákvörðun sem PFS mun birta opinberlega í vikunni. Starfsmaðurinn hefur nú verið sendur í leyfi.

Konan leitaði til Símans og óskaði upplýsinga um hvort maðurinn hefði hlerað hana. Síminn taldi sér ekki heimilt, lögum samkvæmt, að afhenda slíkar upplýsingar öðrum en lögreglu og hafnaði umleitan konunnar.

PFS kemst að þeirri niðurstöðu í mjög harðorðri ákvörðun að þetta sé röng og ámælisverð afstaða hjá Símanum, sem hafi verið á „alvarlegum villigötum“ í málinu. Þá sakar PFS Símann um að hafa reynt að afvegaleiða stofnunina við meðferð málsins með rangri og misvísandi upplýsingagjöf til að hylma yfir brot starfsmannsins.

Síminn sakar PFS á móti um „annarlega huglæga afstöðu“ til sín og trúnaðarbrest og segir stofnunina hafa gert sig vanhæfa til að fjalla um máið á hlutlausan hátt. Forstjóri Símans segir að niðurstaðan verði kærð til dómstóla.

**- sh /** **sjá síðu 6**










SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, mun verða veislunni margt í?*

„Veislan er búin. Hún var í fyrradag.“

Þorsteinn Eggertsson, einn afkastamesti textahöfundur þjóðarinnar, varð sjötugur á laugardag.

Geir Jón Þórisson:

# Ber þingmenn þungum sökum

**SAMFÉLAGSMÁL Geir Jón Þórisson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, sagði í þættinum Sprengisandi í gær að Búsáhaldarbyltingunni í janúar árið 2009 hefði verið stýrt af þingmönnum sem sátu inni á Alþingi. Sagði Geir Jón að ljóst væri að í mótmælunum hefðu verið gerendur á sviðinu sem voru fram- arlega í stjórnmálum og eru enn í dag. Geir Jón nafngreindi ekki þá þingmenn sem hann vísaði til en hann vinnur að gerð skýrslu um málið.**

**Orð Geirs Jóns vöktu hörð viðbrögð í gær og fullyrti Hörður Torfason, sem var áberandi í Búsáhaldabyltingunni, í fréttum Stöðvar 2 að Geir Jón færi með hrein ósannindi.** - shá



GEIR JÓN ÞÓRISSON

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar:

# Þorpið skal fjarlægt árið 2013

**FJARÐABYGGÐ** Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur samþykkt áætlun um að starfsmannaþorp Alcoa Fjarðaáls að Hrauni í Reyðarfirði verði fjarlægt fyrir 31. desember 2013. Austurglugginn greindi frá.

Síðasta haust var veitt stöðuleyfi til 1. maí 2012 en fyrir þann tíma átti að liggja fyrir tímaáætlun um hvernig þorpið yrði fjarlægt fyrir árslok.

Búðirnar voru reistar árið 2004 til að hýsa þá starfsmenn sem unnu að byggingu álversins. Síðan hafa þær staðið yfirgefnar og lítið gengið að selja þær eða finna þeim nýtt hlutverk. Meðan mest var dvöldust um 1.600 manns þar. - shá

Tilkynnti um að sér hefði verið nauðgað og fleiri menn hefðu verið viðstaddir:

# 16 ára stúlku nauðgað í húsasundi

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára stúlka leitaði á neyðarmóttöku Landspítalans í gærmorgun vegna nauðgunar í húsasundi í miðbæ Reykjavíkur. Hún hafði áður tilkynnt málið til lögreglu.

Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns hafði enginn verið handtekinn vegna málsins í gærkvöldi. Svo virðist sem einn maður hafi nauðgað stúlkunni en að fleiri hafi verið þar viðstaddir. Ekki liggur fyrir hvort og þá með hvaða hætti þeir komu að árásinni.

Lögreglu var tilkynnt um málið á sjötta tímanum í gærmorgun. Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að stúlkan hefði verið að skemmta sér í miðbænum ásamt vinkonu sinni, hafi síðan komið heim til sín í Kópavog í miklu áfalli og greint foreldrum sínum frá því sem gerst hafði. Þeir hafi þá haft samband við Neyðarlínuna. Lögreglumenn komu á staðinn og fóru með stúlkuna á neyðarmóttökuna. Sökum ungs aldurs hennar var haft samband við barnaverndaryfirvöld.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur stúlkan mjög takmarkaðar upplýsingar getað gefið um árásina. - sh



**MIÐBÆRINN** Stúlkan ber að sér hafi verið nauðgað í húsasundi í miðbænum. Lögreglan telur sig vita hvar árásin átti sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Byggt í Mosfellsbæ:

# Afturelding fær betri aðstöðu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á síðasta fundi sínum að ráðast í framkvæmdir við 1.200 fermetra viðbyggingu við Íþróttamiðstöðina að Varmá. Hún mun hýsa starfsemi fimleikadeildar og bardagaíþróttadeildir Aftureldingar sem og að skapa möguleika á aukinni félagsaðstöðu.**

**Heildarkostnaður við þessa framkvæmd er um 135 milljónir króna og ætlunin er að taka viðbygginguna til notkunar um næstu áramót.** - shá

# Setur stefnuna á að ná 100 blóðgjöfum

**Hafdís Karlsdóttir er yngst kvenna til að ná að gefa blóð 35 sinnum. Hún hefur gefið allt frá átján ára aldri. Stefnir á að ná 100 skiptum en heldur áfram á meðan hún getur. Hún fékk undanþágu til að geta gefið oftar en aðrar konur.**

**FÓLK** „Ég byrjaði að gefa blóð um leið og ég hafði aldur til, sennilega á átjánda afmælisdeginum mínum,“ segir Hafdís Karlsdóttir sem náði þeim merka áfanga á dögunum að verða yngsta konan frá upphafi til að gefa blóð oftar en 35 sinnum, tæplega 29 ára gömul.

„Ég er reyndar búin að gefa 36 sinnum, því að ég gaf í desember og svo fer ég upp í 37 núna í mars.“ segir Hafdís í samtali við Fréttablaðið og bætir því við að hún sé hvergi nærri hætt enda sé blóðgjöf henni hjartans mál.

„Þegar ég var lítil fór ég alltaf með mömmu að gefa blóð í Blóðbankanum. Mér fannst þetta ofsalega gaman, kökur í boði og góðar konur sem tóku á móti manni. En svo rak ég einu sinni augun í lista yfir „hundraðshöfðingja“, þá sem hafa gefið blóð oftar en hundrað sinnum, og það voru bara karlar. Mér þótti það skrýtið og spurði hvar konulistinn væri, en þá útskýrði mamma fyrir mér að það væri engin kona sem hefði náð því að gefa blóð hundrað sinnum. Ég hét því þá að verða fyrsta konan til að komast í þennan hóp.“

Hafdís lætur sitt alls ekki eftir liggja og hefur meira að segja fengið sérstaka undanþágu til að fá að gefa blóð oftar en reglur gera ráð fyrir.

„Konur mega alla jafna bara gefa á fjögurra mánaða fresti, en ég fékk í gegn að mega gefa á þriggja mánaða fresti svo lengi sem ég mælist með jafn hátt járnmagn í blóði og karlamaður.“

Hafdís er því á góðri leið með að ná sínu takmarki.

„Eftir fimm ár verð ég komin í fimmtíu skipti þannig að ég verð örugglega komin í hundrað áður en ég verð komin á elliheimili,“ segir Hafdís og hlær.

Hún segir ástæðuna að baki blóðgjöfinni einnig vera hversu ánægjulegt sé að geta látið gott af sér leiða. Hún sé líka óþreytandi við að hvetja vini og ættingja að fara að sínu ráði.

„Ég er ekki trúuð manneskja, en ef ég kem einhvern tíma fyrir Lykla-Pétur er ég viss um að þetta mun telja með mér. Mér finnst bara að flestir ættu að gefa blóð sem geta auk þess sem fleiri mættu gefa því að það er mikil þörf á blóði. Það eru mörg börn með hvítblæði og til dæmis hefur amma mín þurft að fara í stóra aðgerð þar sem hún þurfti á blóði að halda.“

Hafdís segist að lokum ekki ætla að hætta þótt hún nái settu marki.

„Ég ætla að halda mínu striki og gefa blóð á meðan ég hef heilsu til.“

thorgils@frettabladid.is



**GJAFMILD** Hafdís Karlsdóttir er ein af staðfastari blóðgjöfum og hefur nú gefið 36 sinnum, fleiri en nokkur kona á hennar aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hratt gengur á blóðbirgðir

„Við förum oftar nær neyðarbirgðunum nú en áður. Bæði eru blóðgjafarnir ekki að skila sér alveg nógu vel, og svo er líka aukin notkun á blóði eftir því sem þjóðin er að eldast og því gengur hraðar á birgðirnar,“ segir Jón Þorsteinsson, stjórnarmaður í Blóðgjafafélagi Íslands.

Hann hvetur alla til að koma og gefa blóð. Það sé gefandi og gott framtak sem stendur flestum til boða.

„Til dæmis var vinur minn sem er haldinn ótta við sprautunálar að drífa sig í dag [í gær] eftir að hafa heyrt reynslusögur á fundi hjá okkur. Þannig að allir ættu að geta gert það.“

Gjafar í O blóðflokki eru sérstaklega heppilegir því að það blóð gengur í allt, en annars eru allir blóðflokkar vel þegnir, að sögn Jóns.



**FÆÐINGARORLOF** Norska stjórnin vill að verðandi mæður fái þriggja vikna orlof. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýtt fyrirkomulag í Noregi:

# Orlof á launum fyrir fæðingu

**NOREGUR** Norska ríkisstjórnin hefur lagt fram tillögur um nýtt fyrirkomulag á fæðingarorlofi. Fæðingarorlofinu verður skipt í þrennt til þess að jafna ábyrgð og tækifæri beggja foreldra til að sinna nýfæddu barni sínu. Fyrir fæðingu barns fær verðandi móðir þriggja vikna fæðingarorlof á launum. Eftir fæðingu barns fær móðirin 12 vikur og faðirinn 12 vikur.

Síðan geta foreldrarnir skipt á milli sín 20 vikna orlofi að vild á 100 prósenta launum eða 30 vikum á 80 prósenta launum, að því er segir á vef jafnréttismálaráðuneytisins í Noregi.

Tekið er fram að verði tillögur norsku ríkisstjórnarinnar að veruleika sigli Norðmenn fram úr í stuðningi við foreldra. - ibs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fólskuleg árás á pilt

Ráðist var á pilt í Skútahrauni í Hafnarfirði laust eftir miðnætti á laugardagskvöld, hann laminn illa, troðið ofan í skott á bifreið og hent út í Mjóddinni að sögn lögreglu. Pilturinn kom sér sjálfur á slysadeild, en hann var handleggs- og fótbrotinn.

### Fjarlægður af heimili sínu

Snemma á sunnudagsmorgun var lögregla kölluð að Hrafnhólum vegna heimilisofbeldis. Þar var karlmaður handtekinn, færður út af heimili sínu og vistaður í fangageymslu. Hann var sakaður um hafa lamið sambýliskonu sína. Á heimilinu var tólf ára barn.

Sérfræðingar í stafrænum heyrnartækjum

ÓKEYPIS HEYRNARMÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram um nýja stjórnarskrá í Sýrlandi í gær:

# Kosið í skugga blóðugra átaka

**SÝRLAND** Að minnsta kosti 120 létu lífið í blóðugum átökum milli uppreisnarmanna og stjórnarhers í Sýrlandi um helgina. Flestir hinna látnu eru almennir borgarar. Sýrlendingar gengu til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá í gær, en kosningarnar eru tilraun stjórnvalda til að stöðva átökin í landinu. Talið er að rúmlega 7.000 hafi fallið í átökum í landinu síðastliðið ár.

Nýja stjórnarskráin gerir ráð fyrir þingkosningum í landinu innan þriggja mánaða og upptöku fjölflokkakerfis. Stjórnarskráin gæti því fræðilega bundið enda á valdatíma fjölskyldu Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, sem hefur stýrt landinu í áratugi. Sjálfur segir al-Assad stjórnarskrána lykilatriði í þeirri viðleitni að gera Sýrland lýðræðislegra. Stjórnarandstæðingar hafa hvatt almenning til að sniðganga kosningarnar, kalla þær farsa og krefjast þess að al-Assad segi af sér embætti.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, taldi í gær miklar líkur á því að borgarastyrjöld gæti brotist út í Sýrlandi. Clinton varaði þó við að utanaðkomandi inngrip gætu gert ástandið enn verra en það er. Ahmet Davutoglu, utanríkisráðherra Tyrklands, lýsti yfir efasemdum með tímasetningu atkvæðagreiðslunnar. „Haldið þið að fólk taki þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu í sömu borg og verið er að ráðast á almenna borgara með skriðdrekum?“ sagði Davutoglu á blaðamannafundi í Istanbúl. - kg



**KOSNINGAR** Mótmælendur hvöttu almenning í Sýrlandi til að sniðganga þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá. NORDICPHOTOS/AFP




Íslenska ánægjuvogin er könnun sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísi og Capacent Gallup standa sameiginlega að.

## GENGIÐ 24.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,70 | 124,30 |
| Sterlingspund | 195,32 | 196,26 |
| Evra | 165,50 | 166,42 |
| Dönsk króna | 22,254 | 22,384 |
| Norsk króna | 22,101 | 22,231 |
| Sænsk króna | 18,743 | 18,853 |
| Japanskt jen | 1,5340 | 1,5430 |
| SDR | 191,82 | 192,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
226,8634

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Steingrímur hefur engar breytingar gert varðandi viðræður við Evrópusambandið:

# Vinna við aðlögunaráætlun er hafin

**UTANRÍKISMÁL** Unnið er að tímasettri aðlögunaráætlun um hvernig landbúnaðaráætlun Evrópusambandsins (ESB) verður hrint í framkvæmd ef þjóðin samþykkir aðildarsamning. ESB kvartaði yfir því að tímasetta áætlun vantaði í þessum efnum og hófst sú vinna í ráðherratíð Jóns Bjarnasonar.

Steingrímur J. Sigfússon, sem tók við af Jóni um áramót, segir aðildarviðræðurnar vera í sínum skorðum. „Ég hef ekki hreyft við neinu í þeim efnum. Það var búið að ganga frá öllum samningshópum og manna þá og allt komið í tiltekinn farveg og ferli. Það er þannig áfram.“

Samningaviðræður eru ekki hafnar um landbúnað og sjávarútveg en Steingrímur segir nokkra kafla í undirbúningi í ráðuneytinu. Hann fylgist með þeirri vinnu og muni gera það enn frekar þegar meira kjöt er komið á beinin varðandi samningsafstöðu.

„Menn geta séð hver hún er líkleg til að verða í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar. Þar eru skilgreindir allir grundvallarhagsmunir í þessum efnum sem þarf að standa vörð um og það verður enginn afsláttur veittur af því.“

Steingrímur segir ESB hafa þótt vanta upp á að Ísland gerði grein fyrir því með skýrari hætti hvernig farið yrði í breytingar á landbúnaðarmálum ef aðild yrði samþykkt. Ekki væri um efnisleg opnunarskilyrði að ræða og engra breytinga krafist, aðeins tímasettrar áætlunar. **- kóp**



**SAMNINGANEFND ÍSLANDS** Aðildarviðræðurnar eru í skorðum að sögn Steingríms J. Sigfússonar.



**BESTI HUNDURINN** Ninja var sigursæl um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hundar kepptu í Reykjavík:

## Ninja fremst meðal hunda

**DÝRAHALD Ninja, sem er af tegundinni Siberian Husky, var valin besti hundur alþjóðlegrar hundasýningar Hundaræktarfélags Íslands sem haldin var um helgina á nýju sýningarsvæði að Klettagörðum.**

**Alls voru sýndir 696 hreinræktaðir hundar af 83 hundategundum. Um dómgæslu sáu sex dómarar frá sex löndum, en megintilgangur hundasýninga er að meta hundana út frá ræktunarmarkmiði og leiðbeina ræktendum í starfi sínu.** **- kg**

Mótmæltu Pútín í Moskvu:

## Mynduðu hring um miðborgina

**MOSKVA** Tugþúsundir mótmæltu Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, með því að haldast í hendur og mynda hring í kringum miðborg Moskvu í gær. Í síðustu viku gáfu skoðanakannanir til kynna að Pútín kæmi til með að vinna forsetakosningarnar um næstu helgi með yfir helmingi atkvæða. Margir mótmælendur draga áreiðanleika kannananna í efa og krefjast þess að Pútín fari frá völdum.

Mótmælendurnir klæddust hvítum treflum og höfðu með sér hvítar blöðrur og blóm, en hvítur er einkennislitur mótmælahreyfingarinnar. **- kg**

# Loðnan mokveiðist uppi í harða landi

**Yfir 400 þúsund tonn af loðnu eru þegar komin á land. Loðnugangan var úti af Grindavík í gær. Þrjár vikur eru eftir til veiða og hrognavinnsla að hefjast í vikunni. Skipstjóri telur að kvótinn náist að því gefnu að veður verði skaplegt.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuflotinn var í gær í mokveiði utan við Grindavík. Stór köst fengust um morguninn úr stærstu torfunni við Reykjanesið. Yfir 400 þúsund tonn eru þegar komin á land og hrognataka og frysting hefst í vikunni.

„Það var mokveiði hérna úti af Grindavík í morgun. Mikið að sjá og stórar torfur,“ segir Ólafur Einarsson, skipstjóri á Álsey VE 2, í viðtali við Fréttablaðið. „Við fylltum í fjórum köstum. Við köstuðum tvisvar á útleiðinni, ekki langt frá Eyjum. Við fylltum síðan í tveimur köstum í morgun,“ segir Ólafur en Álsey tekur um 1.700 tonn. Þegar Álsey var við veiðar voru fimm önnur skip við veiðar.

Álsey landar á Þórshöfn, en siglingin norður á Langanes er yfir 400 mílur. Ólafur segir að það sé ekki óskastaðan að sigla með aflann svo langa leið. Tafir verða frá veiðum í nokkra sólarhringa en þó sé nauðsynlegt að dreifa aflanum á milli starfsstöðva Ísfélagsins.

Ólafur telur að um þrjár vikur séu eftir af vertíðinni, ekki sé ólíklegt að loðnan verði veiðanleg fram undir 20. mars. Því telur Ólafur að það verði vandkvæðalaust að ná kvótanum, að því gefnu að friður verði fyrir veðri.

Á heimasíðu Fiskistofu kemur fram að 383 þúsund tonn séu komin á land af 590 þúsund tonna kvóta, eða um 65 prósent af kvótanum. Það þýðir í raun að veiðin er þegar orðin vel rúmlega 400 þúsund tonn þar sem veiðin er alltaf lítillega vanskráð í veiðum sem ganga hratt fyrir sig.

Ólafur segir mikið að sjá af loðnu, þó aðalgangan sé úti af Grindavík. „Það er alltaf eitthvað að sjá hérna austar. Þetta lítur vel út,“ segir Ólafur.

Eins og greint hefur verið frá er þess vænst að útflutningsverðmæti í loðnu losi 30 milljarða króna. svavar@frettabladid.is



**Á VEIÐUM** Það er mikið um að vera þegar loðnuvertíð er í algleymi, eins og myndin sýnir glöggt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Lögreglan aðhefst ekki:

## Meintur dólgur ekki skoðaður

**LÖGREGLUMÁL** Rannsóknardeild lögreglunnar hefur ekki og mun ekki hafa samband við vefmiðilinn Pressuna til að fá upplýsingar um mann sem segist flytja inn vændiskonur hingað til lands. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni verður ekkert aðhafst í málinu sökum þess að fjölmiðlar gefi ekki að jafnaði upp heimildarmenn sína.

Pressan hefur á síðustu dögum birt viðtöl við ónafngreindan mann sem segist hafa flutt inn erlendar vændiskonur til Íslands. Kemur þar fram að vaxandi eftirspurn sé hér á landi eftir vændi og maðurinn segir flestar konurnar „gerðar út“ frá hótelum, einstaka gistiheimilum og leigðum íbúðum.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra athvarfs Stígamóta fyrir fórnarlömb vændis, segir að hennar reynsla sýni að á meðan ekki sé sérstakt teymi hjá lögreglunni sem rannsakar vændi og mansal, þá gerist lítið í þessum málum. **- sv**

Verkefni TR gengur vel:

## Fjöldi leitar til ráðgjafa TR

**HEILBRIGÐISMÁL Á þriðja tug einstaklinga með ólæknandi og lífsógnandi sjúkdóma nýttu sér aðstoð sérhæfðs þjónusturáðgjafa hjá Tryggingastofnun frá hausti 2010 til ársloka 2011. Þar af voru 14 karlar og 12 konur.**

**Þjónustan nær til krabbameinssjúklinga og MND-sjúklinga. Hún felst í viðtali þar sem unnið er út frá þörfum hvers og eins og farið yfir kerfið í heild. Af þessum 26 einstaklingum voru 22 með krabbamein og fjórir með MND. Flestir hittu ráðgjafa einu sinni og fengu leiðsögn um kerfið. Verkefninu verður haldið áfram.** **- sv**




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**SV-ÁTTIR** Í dag og næstu daga verða SV-áttir ríkjandi á landinu. Í dag má búast við rigningu S-til en slyddu eða snjókomu er norðar dregur. Á morgun og miðvikudag eru horfur á svipuðu veðri, skúrir eða él víða S- og V-lands en úrkomulítið og bjart með köflum N- og A-til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 13° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 13° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 2° |
| París | 12° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Harpa Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is




## NÝR AVENSIS - EKKERT VENJULEGUR

Nýr Avensis státar af fágaðri en jafnframt nútímalegri hönnun sem skilar ökumanni og farþegum einstaklega ánægjulegri og hljóðlátri akstursupplifun. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og er meðal annars með bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Avensis er einstaklega rúmgóður, býður upp á mikið farangursrými og er einn sá sparneytnasti í sínum flokki — notar aðeins frá 4,5 lítrum í 100 km blönduðum akstri.* Þá er nýr Avensis búinn sjö loftpúðum auk margvíslegs öryggisbúnaðar sem eykur enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.
Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is/avensis

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogi | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*2.0 Sedan D-4D 6 gíra beinskiptur

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að Náttúruminjasafn Íslands fái inni í Perlunni?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 67,9% |
| NEI | 32,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Bindur þú vonir við hugsanlega vinnslu olíu á Drekasvæðinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

VÍSIR

Flokksráðsfundur VG vill að flokkurinn eigi frumkvæði að lausnum skuldavanda:

# Vilja afnema verðtryggingu

**STJÓRNMÁL** Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs vill að VG hafi frumkvæði að því að móta leiðir til að draga úr skuldavanda heimila og fyrirtækja. „Brýnt er að afnema verðtryggingu og leiðrétta þá okurvaxtabyrði og auknu skuldabyrði sem hún hefur valdið eftir hrun fjármálakerfisins. Fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins eru sérstaklega hvött til að ganga á undan með góðu fordæmi,“ segir í ályktun sem afgreidd var flokksráðsfundi VG sem fram fór á Grand Hóteli á laugardag.

Flokksráðið lýsir einnig yfir andstöðu sinni við þingsályktunartillögu Bjarna Benediktssonar um að Alþingi grípi inn í starf landsdóms og hvetur fulltrúa sína á þingi til að berjast gegn framgangi hennar.

> Brýnt er að afnema verðtryggingu og leiðrétta þá okurvaxtabyrði og auknu skuldabyrði sem hún hefur valdið eftir hrun fjármálakerfisins.
>
> ÚR ÁLYKTUN VG

Flokksráðið fagnar því að ráðuneyti bankamála skuli vera komin á ábyrgð Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og felur nýskipuðum ráðherra bankamála, Steingrími J. Sigfússyni, að flytja frumvarp til laga um aðskilnað starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka sem þingmenn flokksins hafa flutt endurtekið á fyrri þingum. Þá lýsir fundurinn yfir áhyggjum vegna stöðu Tíbets og ítrekaðra mannréttindabrota gagnvart tíbetsku baráttufólki og krefst þess að kínversk stjórnvöld taki upp opinberar friðar- og samningaviðræður við tíbetsku útlagastjórnina. -kg

7 ára gutti týndur í gær:

## Skrapp í heimsókn til vinar

**LÖGREGLUMÁL** Lýst var eftir sjö ára gömlum gutta sem hafði orðið viðskila við foreldra sína við sundlaug Kópavogs við Borgarholtsbraut í gær. Bæði foreldrar snáðans og lögregla höfðu samband við fjölmiðla þar sem símanúmer voru gefin upp ef einhver hefði orðið hans var. Faðir hans hafði síðar um daginn uppi á þeim stutta sem hafði ákveðið að bregða sér í heimsókn til vinar síns sem býr í nágrenni við sundlaugina. Ekkert amaði að stráksa en foreldrum hans var skiljanlega létt. - shá

Mótmæli í Afganistan:

## Karzai hvetur til stillingar

**AFGANISTAN Hamid Karzai, forseti Afganistan, hvatti í gær til stillingar eftir fimm daga blóðug mótmæli í Afganistan vegna þess að kóraninn var brenndur í bandarískri herstöð. Karzai hefur fordæmt brennuna og telur að refsa eigi þeim sem ábyrgð bera á henni.**



HAMID KARZAI

**Tveir bandarískir foringjar úr sveitum NATO voru skotnir til bana af stuttu færi í höfuðborginni Kabúl á laugardag. 25 ára foringja úr leyniþjónustu landsins var leitað vegna árásarinnar. Þá létust sjö bandarískir hermenn þegar mótmælendur köstuðu handsprengju inn í búðir þeirra í Kunduz-héraði í gær.** - kg

**BANDARÍKIN**

### Buffet finnur eftirmann

Warren Buffet, sem er annar ríkasti maður Bandaríkjanna á eftir Bill Gates, sagðist um helgina vera búinn að finna eftirmann sinn í starfi hjá fjárfestingarfélaginu Berkshire Hathaway. Berkshire hagnaðist um 10,3 milljarða dollara í fyrra. Buffet, sem er 81 árs, er enn í fullu fjöri og mun stýra fjárfestingarstefnu Berkshire enn um sinn.

**ÖRYGGISMÁL**

### Datt illa í Esjunni

Björgunarsveitir af höfuðborgarsvæðinu og Mosfellsbæ voru kallaðar út eftir hádegi í gær vegna göngukonu sem slasaðist í Esjunni. Konan féll við á gömlu gönguleiðinni á Kerhólakambi, beint fyrir ofan Esjuberg og er talið að hún sé illa tognuð á fæti. Um 15-20 björgunarsveitamenn tóku þátt í að aðstoða hana niður af fjallinu.

# Starfsmaður kærður til lögreglu og sendur í leyfi

**Póst- og fjarskiptastofnun kærir starfsmann Símans til lögreglu fyrir að hnýsast í símtalaskrá og Símann sjálfan fyrir brot á fjarskiptalögum. Vinnubrögð Símans átalin harðlega. Síminn hyggst leita til dómstóla.**

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur ákveðið að kæra starfsmann Símans til lögreglu fyrir að skoða símtalaskrá fyrrverandi konu sinnar. Þá verður Síminn jafnframt kærður til lögreglu fyrir brot á fjarskiptalögum við meðferð málsins.

Þetta kemur fram í ákvörðun PFS sem birt verður opinberlega í vikunni og Fréttablaðið hefur undir höndum.

**Svöruðu ekki í heilt ár**

Málið hófst vorið 2008, þegar starfsmaðurinn skoðaði skrá yfir símtöl fyrrverandi konu sinnar. Þau voru þá nýskilin.

Konuna grunaði hvernig í pottinn væri búið og fékk lögmann sinn til að senda fyrirspurn um málið til Símans og óska eftir upplýsingum um hvort hún hefði verið hleruð.

Henni var ekki svarað fyrr en eftir að ítrekun var send ári síðar, haustið 2009. Forsvarsmenn Símans segja mannleg mistök hafa valdið því að fyrra bréfið týndist.

Þegar Síminn tók erindið loks til umfjöllunar varð niðurstaðan sú að vísa konunni á lögreglu. Fyrirtækið taldi ljóst að maðurinn hefði ekki hlerað síma konunnar, enda hefði hann einfaldlega ekki aðstöðu til þess, en taldi sér þess utan ekki heimilt samkvæmt fjarskiptalögum að veita öðrum en lögreglunni upplýsingar um mál sem þessi.

**Á alvarlegum villigötum**

Konan kvartaði yfir svarinu til PFS sumarið 2010, sem tók málið í kjölfarið til skoðunar. Í ákvörðun PFS birtist mjög harðorð gagnrýni á vinnubrögð Símans og ekki síður samskiptin við PFS vegna málsins.

Í ákvörðunarorðum segir að í sjálfu sér hafi ekki verið rangt af Símanum að vísa konunni á lögreglu, enda kunni starfsmaðurinn að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi.

Fyrirtækið sé þrátt fyrir það á „alvarlegum villigötum“ í þeirri afstöðu sinni að konan eigi ekki heimtingu á upplýsingum um það hvort maðurinn hafi gægst í persónuupplýsingar um hana. Afstaðan varpi rýrð á það traust sem viðskiptavinir Síman verði að bera til fyrirtækisins. Hún sé bæði röng og ámælisverð og er lögreglu falið að rannsaka hvort um refsivert brot á fjarskiptalögum er að ræða.

PFS telur jafnframt að ekkert geti skýrt eða réttlætt tafirnar á málinu, sem Síminn hefur útskýrt með því að upphaflega bréfið hafi týnst innanhúss. Þetta telur stofnunin alvarlegt og ámælisvert.





**HART DEILT** Síminn og Póst- og fjarskiptastofnun eru algjörlega á öndverðum meiði um það hvernig hefði átt að fara með málið hjá Símanum. Harðorð skeyti hafa flogið þeirra á milli undanfarna mánuði vegna þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Röng niðurstaða PFS – málið átti heima hjá lögreglu

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að starfsmaðurinn sem um ræðir hafi nýlega verið sendur í leyfi, um leið og fyrir lá að mál hans kæmi til kasta lögreglu. Síminn muni aðstoða lögreglu eins og frekast verði unnt við að upplýsa málið.

Hann viðurkennir að það hafi verið mistök að fyrsta erindi konunnar hafi ekki verið svarað þegar í stað. „Það voru mannleg mistök sem urðu til þess að bréfið týndist. Við erum miður okkar yfir því að það hafi gerst og höfum beðið bæði kvartandann, Póst- og fjarskiptastofnun og alla sem málið snertir margfaldlega afsökunar á því,“ segir Sævar.

Hins vegar sé niðurstaða PFS varðandi fyrirtækið röng. „Lögregla hefur staðfest að vinnubrögð okkar hafi verið rétt, bæði hvað varðar að málið hafi allan tímann átt heima hjá lögreglu og að okkur hafi verið óheimilt að veita öðrum en lögreglu og ákæruvaldi upplýsingar um þetta mál.“ Niðurstaðan verði því kærð til dómstóla.

> Póst- og fjarskiptastofnun telur málflutning sem þennan vera óboðlegan og til marks um vinnubrögð þar sem hálfsannleikur og orðhengilsháttur er talinn vera réttlætanlegur í samskiptum við eftirlitsstjórnvaldið.
>
> ÚR ÁKVÖRÐUN PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR

**Óboðlegur málflutningur**

Það var raunar fyrir tilviljun, þegar öryggisstjóri Símans missti það út úr sér á fundi með starfsmönnum stofnunarinnar, að PFS komst að því að starfsmaðurinn hefði við innanhúsrannsókn Símans orðið uppvís að brotinu og honum verið veitt áminning.

PFS gagnrýnir Símann fyrir mótsagnakenndan málatilbúnað og upplýsingagjöf um þetta. Vitnað er til bréfs Símans til PFS frá mars 2011 þar sem sagði að innri rannsókn hefði bent til þess að starfsmaðurinn væri saklaus af ásökunum konunnar og því hafi félagið ekki séð sér stætt á að halda áfram með málið án aðkomu lögreglu.

Þetta telur PFS beinlínis „ranga og misvísandi upplýsingagjöf“ og „til þess fallna að afvegaleiða stjórnvaldið í rannsókn sinni“. Með þessu hafi Síminn „ætlað að hylma yfir brot“ starfsmannsins og átelur PFS Símann harðlega fyrir þetta.

Síminn skýrir þetta þannig að upphaflegt erindi frá PFS hafi bara snúið að meintri hlerun, en ekki skoðun starfsmanns á símnotkun. Þessa afsökun tekur PFS ekki gilda og segir „málflutning sem þennan vera óboðlegan og til marks um vinnubrögð þar sem hálfsannleikur og orðhengilsháttur er talinn vera réttlætanlegur í samskiptum við eftirlitsstjórnvaldið“.

Þá tekur PFS fram að stofnunin hafi ekki heimildir til að leggja sektir á Símann vegna málsins, sem annars hefði komið vel til álita.

**Annarleg afstaða til Símans**

Það eru ekki síður þung orð sem látin eru falla í svörum Símans til PFS vegna meðferðar málsins hjá stofnuninni. Síminn lýsir yfir vonbrigðum með vinnubrögð PFS og málsmeðferðin gefi tilefni til að draga í efa hæfi stofnunarinnar til að ljúka málinu á hlutlausan og málefnalegan hátt.

Orðaval í bréfaskiptum beri vott um „annarlega huglæga afstöðu“ PFS til Símans og enn fremur sakar Síminn PFS um að hafa rofið trúnað með því að miðla til konunnar upplýsingum sem Síminn hafði látið stofnuninni í té. Þá hafi verið brotið á andmælarétti Símans í málinu.

Síminn fer fram á það við PFS að ákvörðunin verði ekki birt opinberlega, vegna þess hve persónulegt málið sé. Þessu hafnar stofnunin.

stigur@frettabladid.is







ENNEMM / SÍA / NM50775



**KAFFI OG REYNSLUAKSTUR Í DAG!**

Vertu velkomin(n) til okkar í kaffi og reynsluakstur og láttu sölumenn okkar reikna út hvernig þú getur eignast nýjan Subaru XV og komist leiðar þinnar við allar aðstæður.

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvað heitir nýfædd prinsessa Svía?*

*2 Billy Crystal kynnti Óskarsverðlaunahátíðina í gærkvöld. Í hvaða skipti var það?*

*3 Hver er þjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta?*

**SVÖR**

*1. Estelle Silvia Ewa mary. 2. Það var í 9. sinn. 3. Lars lagerbäck.*

Tvö aðskilin mál á borði Persónuverndar vegna upplýsingagjafar um sílíkonaðgerðir hjá lýtalæknum:

# Fráleitt að vita ekki hverjar fái þjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið telur fráleitt að stjórnvöld hafi veitt hundruðum kvenna ókeypis þjónustu án þess að fá nokkrar upplýsingar um hverjar þær séu.

Landlæknir óskar því meðal annars eftir nöfnum þeirra kvenna sem fengið hafa bréf frá velferðarráðuneytinu til að fylgjast með því hvort konurnar mæti í ómskoðun.

Tvö mál eru nú á borði Persónuverndar frá landlækni. Annars vegar er um að ræða lista frá Jens Kjartanssyni lýtalækni yfir allar konur sem hafa fengið PIP-púðana hjá honum frá árinu 2000 til loka síðasta árs. Hins vegar er miðlun lista frá öllum lýtalæknum yfir allar konur sem farið í brjóstastækkun á Íslandi frá árinu 2000.

Læknafélag Íslands vildi fá úrskurð frá Persónuvernd hvort lýtalæknum væri skylt að afhenda landlækni umbeðinn lista yfir allar konur sem hafa fengið sílíkon í brjóst sín síðustu ellefu ár. Landlæknir hefur skilað inn rökstuðningi til Persónuverndar og LÍ hafði frest til 24. febrúar til að skila inn umsögn við honum. Farið var fram á framlengingu þess frests til dagsins í dag og var hann veittur. **- sv**

## Persónuupplýsingar dulkóðaðar

Læknafélagið hefur ekki viljað afhenda landlækni lista yfir þær konur sem hafa fengið sílíkonfyllingar í brjóst sín, meðal annars vegna þess að það sé talið brjóta í bága við lög um persónuvernd. Dæmi séu um að konur hafi hringt í lýtalæknana sína og beðið þá um að afhenda landlækni ekki þessar upplýsingar.

Í bréfi landlæknis til Persónuverndar segir meðal annars að embættið hafi komið upp og viðhaldið öryggiskerfi í starfsemi sinni allt frá árinu 2001. „Upplýsingakerfi stofnunarinnar var sett upp með hliðsjón af gildandi upplýsingaöryggisstaðli.“ Um sé að ræða aðgangsstýrt gagnasafn þar sem persónuauðkenni séu dulkóðuð. Gagnavinnsla fer fram á dulkóðuðu gagnasafni og persónuauðkenni verða ekki afkóðuð nema til þess komi að hafa þurfi samband við konurnar.

Útskrifaður af sjúkrahúsi:

# Mandela er talinn á batavegi

**S-AFRÍKA** Nelson Mandela, fyrrum forseti Suður-Afríku, var útskrifaður af spítala í heimaborg sinni Jóhannesarborg í gærmorgun. Hann undirgekkst aðgerð síðdegis í gær eftir að hafa fundið til kviðverkja.



NELSON MANDELA

Yfirvöld sögðu Mandela við góða heilsu en ekki er vitað nákvæmlega hvað amaði að forsetanum fyrrverandi. Heilsu Mandela, sem er níutíu og þriggja ára, hefur hrakað mjög frá árinu 2004. Þá dró hann sig að mestu úr sviðsljósinu. **- kg**

Dómur kynntur í borgarráði:

# Áfrýjun kemur ennþá til greina

**REYKJAVÍK Enn hefur ekki verið ákveðið hvort Reykjavíkurborg áfrýjar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. febrúar um greiðslu 3,4 milljóna króna til Frjálslynda flokksins.**

**Samkvæmt dómnum höfðu greiðslur ranglega runnið til Borgarmálafélags F-listans, sem Ólafur F. Magnússon leiddi.**

**Að sögn Kristbjargar Stephensen borgarlögmanns var dómurinn kynntur fyrir borgarráði 16. febrúar síðastliðinn. „Ég upplýsti borgarráð að ég myndi taka mér frest og kynna niðurstöðu mína síðar fyrir ráðinu. Áfrýjunarfrestur er þrír mánuðir frá uppkvaðningu dómsins,“ segir hún.** **- óká**

# Ráða ekki við meðferð kynferðisbrotamanna

**Tveir sálfræðingar starfa hjá Fangelsismálastofnun og þeir ná ekki að sinna meðferð kynferðisbrotamanna svo vel sé. Kveðið er á um meðferð og áhættumat í Evrópuráðssamningi sem stendur til að fullgilda. Eftirbátar annarra þegar kemur að eftirliti.**

**VELFERÐARMÁL** Sálfræðingar Fangelsismálastofnunar ná ekki að sinna meðferð kynferðisbrotamanna svo vel sé. Tveir sálfræðingar starfa hjá stofnuninni og sinna þeir föngum í öllum fangelsum landsins.

Þórarinn Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir að fangar sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot gegn börnum séu í forgangshópi varðandi meðferð. „Okkur hefur ekki tekist nægilega vel að komast til móts við það,“ segir hann. „Hér þyrfti að bæta við sálfræðingi sem hefði fyrst og fremst það verkefni að sinna meðferð á þessu sviði.“



**LITLA-HRAUN** Sálfræðingar Fangelsismálastofnunar ná ekki að sinna meðferð fanga svo vel sé, enda eru þeir tveir á meðan fangarnir eru í annað hundrað.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ákvæði um meðferð brotamanna og eftirlit með þeim er að finna í samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun, svokölluðum Lanzarote-samningi. Þingsályktunartillaga um fullgildingu samningsins er nú til umfjöllunar á Alþingi.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, sat í sérfræðinganefnd sem samdi Lanzarote-samninginn. Á fundi um meðferð kynferðisbrotamála í janúar vakti Bragi athygli á því að Ísland uppfylli ekki enn þær kröfur sem samningurinn geri um aðgengi meðferðar fyrir gerendur.

Bragi tekur í sama streng og Þórarinn. „Það væri mjög æskilegt að efla þennan þátt í starfsemi Fangelsismálastofnunar.“ Í samningnum er lögð áhersla á að bæði áhættumat og meðferð sé veitt meðan á afplánun stendur.

Meðferðir eru líka háðar vilja brotamanna, segir Þórarinn. Enginn er þvingaður í meðferð og ákveðinn hópur neitar að hafa framið þau brot sem þeir eru dæmdir fyrir.

Yfirleitt er óskað eftir áhættumati á föngum sem hafa verið dæmdir fyrir glæpi af þessu tagi þegar þeir komast á skilorð. „Við erum með eftirlit, sem tengist skilyrðum reynslulausnar þeirra. Eftir því sem þeir koma hærra út á áhættumati þeim mun meira eftirlit er haft, þeir þurfa að koma oftar hingað í Fangelsismálastofnun, ræða við skilorðsfulltrúa og koma í viðtöl til okkar sálfræðinga.“

Miðað við hvernig eftirliti er háttað í nágrannalöndum Íslands erum við talsvert eftir á, segir Þórarinn. „En svo vill maður ekki heldur hafa þetta eins og til dæmis í Bandaríkjunum, þar sem menn fara á brotalista við minnsta brot og komast aldrei af honum aftur. Menn upplifa þá að þeir hafi enga útgönguleið og með því aukast líkur á að þeir brjóti af sér. Þeir upplifa að þeir séu króaðir af og til hvers þá að vera að berjast við þetta.“

**thorunn@frettabladid.is**



**ALÞINGI** Ellefu þingmenn vilja að starfshópur fari yfir lagaumhverfi póstverslunar.

Leggja tillögu fyrir Alþingi:

# Vilja auðvelda fólki netverslun

**ALÞINGI** Ellefu þingmenn Samfylkingar, Vinstri grænna og Hreyfingarinnar vilja að forsætisráðherra skipi starfshóp til að fara yfir lagaumhverfi póstverslunar hér á landi og gera tillögur um lagabreytingar.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir að lög og reglur tengdar póstverslun beri svip liðinna tíma, meðal annars gjaldtaka og skattheimta.

Þar segir einnig að lög sem hindri netviðskipti komi niður á neytendum og veiti íslenskum verslunarfyrirtækjum skammgóðan vermi, því neytendur finni aðrar leiðir til að kaupa vörur. **- bj**

**KÓPAVOGUR**

**Lýst eftir skrifstofu**

„Hver er ástæða þess að núverandi formaður bæjarráðs hefur ekki fengið aðgang að skrifstofu sem tilheyrir því embætti?“ spurði Ómar Stefánsson. fulltrúi Framsóknarflokks í Kópavogi, á síðasta fundi bæjarráðs. Formaður bæjarráðs er Rannveig H. Ásgeirsdóttir úr Y-listanum sem myndar nýjan meirihluta í bæjarstjórninni ásamt Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki.





ACTA LÖGMANNSSTOFA
ER FLUTT
Í NÝTT HÚSNÆÐI

Acta leggur áherslu á fagmennsku, traust og persónulega þjónustu.
**Við tökum vel á móti þér í nýjum húsakynnum okkar í Turninum, Kópavogi.**

acta
lögmannsstofa

Smáratorgi 3 (Turninum) I Kópavogi I Sími 533 3200 I www.acta.is I acta@acta.is



**GENGIÐ YFIR BRÚNA** Í Búrma er þessi 1.300 kílómetra langa trébrú sem liggur yfir stöðuvatnið Taungthaman í hinni fornu höfuðborg landsins, Amarapura. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherra beðinn að halda vöku sinni í ESB-málum:

# Steingrímur sló á áhyggjur bænda

**LANDBÚNAÐUR** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, færði Búnaðarþingsfulltrúum þær fréttir í gær að hafi hann einhvern tímann efast um aðild Íslands að Evrópusambandinu þá hafi hann frekar styrkst í þeirri skoðun en hitt.

„Ég hef ekki hugsað mér að láta ístaðið dingla laust varðandi hagsmuni íslensks landbúnaðar í þessu máli meðan mér er falin þar á nokkur ábyrgð og hvers vegna ætti ég að gera það? Maður sem er jafn sannfærður nú ef ekki sannfærðari en áður um að það þjónar ekki best okkar hagsmunum að ganga í Evrópusambandið,“ sagði Steingrímur.



**HARALDUR BENEDIKTSSON**

Orð ráðherra féllu í beinu framhaldi af ræðu Haralds Benediktssonar, formanns Bændasamtakanna, sem lýsti áhyggjum sínum yfir hugsanlegri aðild, en hann telur að málið haldi landbúnaði í landinu niðri. „Bændur segja því aðeins eitt við þig háttvirtur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra: leiktu þér ekki að eldinum. Þú átt á hættu að aðild verði samþykkt. Gerðu allt sem þú getur til að gæta hagsmuna Íslands.“

Steingrímur lagði þunga áherslu á mikilvægi landbúnaðar; hefðbundinn búskap, fiskeldi og ekki síst ferðamannaþjónustuna. Tölur sýndu jafnframt að um ört vaxandi útflutningsgrein væri að ræða og í ljósi fólksfjölgunar í heiminum væri matur ein öruggasta framleiðsluvara sem muni fyrirfinnast. **- shá**

Borgarstjórinn í New York:

# Styður eftirlit með múslímum

**BANDARÍKIN** Borgarstjórinn í New York lýsti um helgina yfir stuðning við sérstakt eftirlit með múslímum til að koma í veg fyrir hryðjuverk. Múslímar í New York eru allt annað en sáttir og þykir á sér brotið. Eftirlit lögreglu beinist meðal annars að moskum og stúdentahópum í borginni og nágrenni hennar. Flugumenn hafa verið sendir í háskóla, moskur hafa verið myndaðar og listar gerðir yfir fyrirtæki í eigu múslíma. Bloomberg segir aðgerðirnar löglegar og í samræmi við stjórnarskrána.


ÁLITAMÁL Í ÞRÓUNARSAMVINNU OG HJÁLPARSTARFI Á VETTVANGI

Í samstarfi við Utanríkisráðuneytið, Rauða krossinn og Þróunarsamvinnustofnun Íslands

**Námskeið fyrir alla sem hafa áhuga á þróunarsamvinnu, neyðaraðstoð, mannúðarstörfum og friðaruppbyggingu. Veitt er innsýn í störf á vettvangi, stefnur og starfsemi ólíkra stofnana og þátttöku Íslands á þessu sviði.**

Kennsla fer fram 9. og. 10. mars og 23., 24. og 25. mars.

**Skráningarfrestur til 29. febrúar.**

Sjá nánari upplýsingar á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ iceida Rauði kross Íslands ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS




**ÁFANGA NÁÐ** Rektor HÍ sagði í ræðu að ný sprotafyrirtæki, byggð á verkefnum stúdenta og kennara, hefðu skapað 150 störf frá hruni.

Háskóli Íslands brautskráði 484 kandídata:

# Nýsköpun skilar miklu

**MENNTAMÁL** Alls brautskráðust 484 kandídatar frá Háskóla Íslands á laugardaginn, en frá því að fyrstu nemendurnir hófu nám í Háskóla Íslands fyrir 101 ári hafa á fimmta tug þúsunda nemenda tekið við prófskírteinum frá skólanum.

Kristín Ingólfsdóttir rektor sagði við útskriftina að ný sprotafyrirtæki, byggð á rannsóknaverkefnum kennara og stúdenta við skólann, hefðu skapað 150 ný störf frá hruni og velta þeirra væri á annan milljarð króna. Nýlega var tveimur sprotafyrirtækjum veitt einkaleyfi á grundvelli rannsóknaverkefna við skólann.

Rektor vakti athygli á þeim árangri sem skólinn hefur náð á undanförnum fimm árum þrátt fyrir þrengingar í kjölfar efnahagshruns. Hún sagði að skipan skólans á lista með 300 bestu háskólum heims í fyrra megi þakka starfsfólki og stúdentum og samstarfi við vísindastofnanir og fyrirtæki hér heima og erlendis.

Úr grunnnámi brautskráðust 273, úr meistaranámi 170 og úr viðbótarnámi 44.

Brautskráningar eftir fræðasviðum var eftirfarandi: Félagsvísindasvið 204, Heilbrigðisvísindasvið 53, Hugvísindasvið 92, Menntavísindasvið 54, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 84, alls 487 próf. **- shá**




BYLGJAN 25 ÁRA 98,9

Heimir & Kolla

vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar





# Boddýhlutir





Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

# Það verður að fara í almennar aðgerðir

**Helgi Hjörvar kvartar yfir umræðu um skuldamál. Ýmist telji menn að hægt sé að gera allt fyrir alla án kostnaðar eða að ekkert sé hægt að gera. Hann vill innleysa skatttekjur á frjálsan viðbótarlífeyrissparnað, nýta 20 milljarða króna afslátt sem lífeyrissjóðir fengu á húsnæðislánum og að bankarnir komi til móts við lántakendur. Þannig sé hægt að koma til móts við stóran hóp lántakenda.**

Helgi Hjörvar er formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Hann segir að eftir dóm Hæstaréttar í gengismálum, sem féll fyrr í þessum mánuði, sé óhjákvæmilegt að grípa til almennra aðgerða, að minnsta kosti gagnvart þeim lántakendum sem tóku íslensk íbúðarlán á tímabilinu frá 2004 til 2008. Tímabilið miðast við það þegar 90% lán komu á markað.

„Grundvallaratriði í skuldamálum heimilanna er að komast upp úr þeim hjólförum sem umræðan hefur verið föst í. Annars vegar hefur ranglega verið gefið í skyn að hægt sé að gera allt fyrir alla og það kosti ekki neitt og á hinn bóginn er því haldið fram að ekkert sé hægt að gera í almennum aðgerðum.“

Helgi segir að áróður um að hægt sé með einhverjum hætti að lækka skuldir heimilanna þannig að aðeins erlendir kröfuhafar bæru kostnaðinn hafi spillt fyrir. „Það er ekki rétt, vegna þess að stór kúfur í skuldum heimilanna er náttúrlega hjá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðunum. Lækkun á þeim skuldum mun enginn borga nema við sjálf.“

## Virðum meginreglur

Sumir hafa talað fyrir því að breyta vísitölunni afturvirkt og lækka skuldirnar með því móti. Helgi segir það að ýmsu leyti vafasama leið og hætt sé við að hún haldi ekki fyrir dómstólum og ríkið yrði þá bótaskylt fyrir breytingunum í heild sinni. Þá þurfi einnig að gæta þess að halda meginreglur.

„Ég held að við höfum lært það af dómi Hæstaréttar. Hann áréttaði að ef maður fer út í banka og borgar greiðsluseðil þá hefur maður afgreitt málið. Með sama hætti þurfa lánveitendur að geta treyst því að forsendum fyrir þeirra lánum verði ekki breytt með afturvirkum hætti.

Það hefði kannski mátt gera í neyðarlögunum. Það var ekki gert og ég held að það séu fleiri gallar en kostir við að reyna að gera það eftir á.“

## Peningaprentun ótrúverðug

Helgi segir sér að peningaprentunarleiðin hafi verið notuð í verðhjöðnunarástandi einhvers staðar. Hún gangi hins vegar illa upp í 6,5% verðbólgu, líkt og er hér á landi.

„Aðalhagfræðingur Seðlabankans hefur einnig sagt að þetta bitni á eigin fé bankans og við þurfum að gæta vel að því. Sá sem setur Seðlabankann sinn tvisvar í röð á hausinn þarf að hafa áhyggjur af því að það verði ekki mikill áhugi á að lána honum peninga eftir það. Svo finnst manni skrítin í tilhugsun, að stjórnmálamenn eigi bara að geta látið prenta peninga til að leysa vanda íbúanna. Það hljómar mjög ótrúverðugt í eyrum óhagfræðimenntaðs manns.“

## Lífeyrisskuldbindingar

Helgi segir vel mega ræða þá hugmynd að láta lífeyrissjóðina bera kostnaðinn. Þjóðin hafi sýnt þá fyrirhyggju að leggja inn 2.000 milljarða þar og hægt sé að láta þá bera einhvern hluta af áfallinu og vinna ári lengur, svo dæmi sé tekið.

„Það er málefnaleg hugmynd sem vert er að ræða. Mér finnst hún þó varhugaverð af þremur ástæðum: við skuldum vel á annað hundrað milljarða króna inn í almenna lífeyrissjóðskerfið og yfir 400 milljarða inn í opinbera kerfið og ekki er ráðlagt að auka þá skuld. Í þriðja lagi lítur sem betur fer út fyrir að við munum lifa lengur og verða heilsubetri eftir því sem tímarnir líða. Skuldbindingar lífeyrissjóðanna verða þá meiri og við þurfum að vinna lengur, alveg óháð þessu skuldavandamáli. Það væri þá vont að vera búinn að ganga á forðann.“

> Sá sem setur Seðlabankann sinn tvisvar í röð á hausinn þarf að hafa áhyggjur af því að það verði ekki mikill áhugi á að lána honum peninga eftir það.
>
> HELGI HJÖRVAR

Helgi segir heldur ekki góðan kost að gera skuldbindingarnar að sameiginlegri skuld í sjóði, eða einhverju öðru formi, og greiða upp yfir einhvern tíma. „Gallinn við það er að hætt er við að litið verði á það sem 260 milljarða nýja skuldsetningu ríkissjóðs. Það mundi þá hafa alvarleg áhrif á lánshæfismat ríkissjóðs og þar með okkar allra.“

## Leysa inn skatttekjur

Helgi segir nýlega skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sýna ótvírætt að ekki sé hægt að gera allt fyrir alla. Ríkissjóður geti ekki tekið á sig 260 milljarða í einu vetfangi. Það þýði hins vegar ekki að ekki sé hægt með almennum aðgerðum að gera talsvert fyrir marga. Það sé óhjákvæmilegt eftir dóm Hæstaréttar.

„Hvað er það sem stendur ríkissjóði næst? Það eru viðskiptavinir Íbúðalánasjóðs. Kostnaður við að mæta ítrustu kröfum Hagsmunasamtaka heimilanna hjá Íbúðalánasjóði getur numið 122 milljörðum króna, sem er trúlega meira en boðlegt er að leggja á ríkissjóð. Sá hópur sem ég tel að eigi mest tilkall til leiðréttinga er sá sem tók lán hjá sjóðnum á tímabilinu 2004 til 2008, sem er innan við helmingur af lánasafninu.

Þegar hefur eitthvað verið afskrifað með öðru móti og eitthvað af þessu er þegar tapað þannig að kostnaður við að mæta ítrustu kröfum gagnvart þessum hópi gæti verið innan við 50 milljarðar.“

Helgi vill að ríkissjóður sæki óinnleystar skatttekjur hins opinbera í hinum frjálsa hluta séreignasparnaðar. Þar eigi ríki og sveitarfélög á annað hundrað milljarða króna. Sá hluti sem nær til frjálsa lífeyrissparnaðarins er ekki aðgreindur, en gæti verið allt að 80 milljarðar króna. „Með því að leggja það inn sem eigið fé Íbúðalánasjóðs hefði hann svigrúm til verulegra aðgerða gagnvart þessum hópi og jafnvel að fara eitthvað lengra aftur.“

## Þrjú áföll einnar kynslóðar

Ríkissjóður kemur með þessu, segir Helgi, til móts við stóran hóp lántakenda með almennum hætti, en taki þó ekki á sig nýja skuldbindingu. Þetta séu þó ekki ókeypis aðgerðir, þær sé borgaðar með skattpeningum. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því hvort samfélagið eigi að endurdreifa þessum byrðum.

Þar segir hann hópinn sem tók lán á fyrrgreindu tímabili sitja fyrir. „Það er vegna þess að þó að hver kynslóð verði að kljást við ákveðin áföll, þá verður þessi fyrir þremur áföllum í senn. Hún kaupir í fasteignabólu þar sem hið opinbera hefur dælt lánsfjármagni inn á markaðinn og sprengt verðið upp úr öllu valdi. Hún fær nær fulla lánsfjármögnun og loks kemur verðbólguskot beint í kjölfar lántökunnar um leið og kaupmáttur fellur.

Slíkt áfall einnar kynslóðar eru full rök fyrir því að endurdreifa byrðunum.“

Helgi segir það vera samfélagslega ákvörðun. Horfa verði til þess að stór hópur í samfélaginu hafi, með dómi Hæstaréttar, betri stöðu en aðrir hópar. Því sé rétt að endurdreifa byrðunum. Þá notum




Haukar eru bikarmeistarar í handknattleik karla

Íslandsbanki er stoltur styrktaraðili handknattleiksliðs Hauka.

við samfélagið til að gera slíkt með greiðslu vaxta- og barnabóta þegar við komum okkur upp fjölskyldu, en hærri sköttum þegar komið er yfir þann hjalla. Fordæmi séu því fyrir endurdreifingu byrða.

**20 milljarðar hjá lífeyrissjóðum**

Hátt í 200 milljarðar króna liggja í fasteignalánum lífeyrissjóða til sjóðsfélaga. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar kostar það sjóðina 32 milljarða að fara að ítrustu kröfum varðandi niðurfærslu. Ef aðgerðirnar eru takmarkaðar við þá sem keyptu eigið íbúðarhúsnæði lækkar sú upphæð umtalsverð og enn frekar ef takmarkað er við árabil.

„Sjóðirnir fengu 20 milljarða aukaafslátt af verðtryggðum íbúðabréfum sem keypt voru af Seðlabanka Lúxemborgar eftir hrun. Að þeir fái fulla verðtryggingu og vexti af eignasafni sínu þrátt fyrir hrunið, það er eðlileg varnarstaða um réttindi lífeyrishafa. En að þeir njóti líka 20 milljarða aukasnúnings á verðtryggðum íbúðalánum finnst mér ekki sanngjarnt.“

Helgi segir að vissulega séu hagsmunir lífeyrissjóðanna miklir, en þetta geti snúist um það hvort eignasafn þeirra skili 1 prósenti minna í ávöxtun í eitt ár. Til þess þurfi mögulega sérstaka lagaheimild, en rík sanngirnissjónarmið séu fyrir því.

Hvað viðskiptabankana varðar segir Helgi að þeir verði að bregðast við á viðskiptalegum forsendum. Ætli þeir að vera samkeppnisfærir á íbúðalánamarkaði þurfi þeir að grípa til ráðstafana gagnvart eigin lántakendum.

„Það er auðvitað ekki útilokað að ríkið þyrfti með einhverjum hætti, í tengslum við aðgerðir bankanna, að ræða við þá almennt um starfsskilyrði eða koma á einhvern hátt til móts við þá.“

**Ekki gallalaust**

Helgi telur að samstaða ætti að nást um þessa leið. „Sjálfstæðismenn hafa áður viljað nota inneignina í séreignasjóðum. Það er Jóhönnu og Steingrími að þakka að það er ekki búið að eyða henni og ef Hagsmunasamtök heimilanna eru tilbúin til að slá af ítrustu kröfum sínum hljóta helstu aðilar að geta komist að samkomulagi um lokalausn sem dugi, hver sem endanleg útfærsla yrði.“

Útfærslan sem hann leggur til sé þó ekki gallalaus. „Á henni er sá galli að maður notar ekki sömu peningana tvisvar. Við munum þá ekki nota þessa skattalegu innstæðu til að gera eitthvað annað; fjárfesta í atvinnumálum, lækka skuldir ríkissjóðs eða aðra skynsamlega hluti sem hægt er að gera við peningana. Þetta þarf að ræða. Í öðru lagi erum við þá búin að nota þennan varasjóð ef við verðum fyrir einhverjum áföllum.

Í þriðja lagi gæti þetta aukið verðbólguþrýsting, ef þetta leiðir til verulega aukinnar neyslu í kjölfarið. Órjúfanlegur hluti þess að grípa til almennra aðgerða er að gæta verðstöðugleika. Um það verður að vera víðtækt samkomulag og samstaða.“

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



**EKKI ALLT FYRIR ALLA** Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir ekki hægt að gera allt fyrir alla þegar kemur að niðurfellingu skulda. Hins vegar sé hægt að gera ýmislegt fyrir suma og nýfallinn dómur Hæstaréttar þýði að slíkt verði að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







Ég er nú ekki þekkt fyrir að vera hvatvís eða taka mjög villtar ákvarðanir en af einhverjum ástæðum var ég allt í einu komin til Seattle að hitta strákinn frá Kaliforníu sem ég var sannfærð um að væri ástin í lífi mínu.
Ýr Káradóttir
sölu- og markaðsráðgjafi

ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju gildir annað í Sýrlandi en í Líbíu?

# Assad kemst upp með fjöldamorð

Þegar vel heppnuð hernaðaraðgerð Atlantshafsbandalagsins í Líbíu stuðlaði að falli harðstjórans Muammars Gaddafí töldu margir að orðið hefði til mikilvægt víti til varnaðar; aðrir harðstjórar í Arabaheiminum, sem murkuðu lífið úr eigin þegnum, yrðu ekki látnir komast upp með það.

Nú horfir umheimurinn hins vegar upp á að hersveitir Assads Sýrlandsforseta murka lífið úr óbreyttum borgurum í borginni Homs, miðstöð uppreisnarinnar gegn forsetanum. Sú uppreisn hófst sem friðsamleg mótmæli fyrir um ári, en var þegar mætt af mikilli hörku. Nú er Sýrland á barmi borgarastyrjaldar, rétt eins og Líbía á sínum tíma.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Og af hverju bregðast þá Sameinuðu þjóðirnar ekki við með sama hætti og heimila hernaðaraðgerðir gegn stjórn Assads? Í grófum dráttum er svarið það að Gaddafí var orðinn algjörlega vinalaus á alþjóðavettvangi. Assad á hins vegar ennþá volduga vini.

Þar fer Rússland fremst í flokki. Rússar selja Assad vopn, veita herjum hans ráðgjöf og hafa flotastöð í Sýrlandi. Ásamt Kínverjum hafa þeir lagzt eindregið gegn því að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki aðgerðir gegn Sýrlandi eða krefjist þess að stjórn Assads fari frá. Bæði Rússlandi og Kína verður tíðrætt um sjálfsákvörðunarrétt ríkja og að alþjóðasamfélagið eigi ekki að blanda sér í innanríkismál. Enda vilja stjórnvöld í báðum ríkjum geta haldið áfram að fangelsa fólk og drepa innan eigin landamæra, til dæmis í Téténíu og Tíbet, án þess að alþjóðastofnanir skipti sér af því.

Án skýrs umboðs frá Öryggisráðinu grípa Vesturlönd varla til hernaðaraðgerða til að koma stjórn Assads frá eða styðja við uppreisnarmenn. Á ráðstefnu Vesturveldanna og Arababandalagsins í Túnis fyrir helgi voru samþykktar harðorðar ályktanir og ákveðið að grípa til refsiaðgerða, auk þess að byrja undirbúning þess að senda borgaralegt friðargæzlulið á vettvang, fari svo að harðstjórinn hrökklist frá völdum. Meira verður það varla í bili.

Það spilar líka inn í að Íran styður stjórnina í Sýrlandi dyggilega. Vesturlönd vilja ekki blanda saman deilu sinni við Íran vegna kjarnorkuáætlunar landsins og málefnum Sýrlands.

Loks má ekki gleyma því að bæði er sýrlenzki herinn betur búinn og skipulagður en sá líbíski og uppreisnarmenn veikari og dreifðari og erfiðara að leggja þeim lið með lofthernaði. Leiðtogar vestrænna ríkja eiga nóg með að verja hernaðinn í Afganistan fyrir kjósendum heima fyrir og vilja alls ekki taka þátt í landhernaði annars staðar.

Undanfarna áratugi hefur þeirri skoðun vaxið fiskur um hrygg á alþjóðavettvangi að grundvallarreglurnar um sjálfsákvörðunarrétt ríkja og bann við íhlutun í innanríkismál eigi ekki að vera skjól sturlaðra einræðisherra sem stunda skipuleg morð á eigin borgurum. Íhlutun af mannúðarástæðum sé réttlætanleg.

Atburðirnir í Sýrlandi eru fremur dapurlegur vitnisburður um að einræðisherrarnir komast ennþá upp með fjöldamorð, hafi þeir valið sér rétta vini.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hálfkveðin vísa

Lögregluþjónninn geðþekki Geir Jón Þórisson er sestur við skriftir. Hann er meðal annars að skrifa um þátt alþingismanna í Búsáhaldabyltingunni. Geir Jón segist vita til þess að þingmenn hafi hjálpað „lykilmönnum í hópi mótmælenda“ að athafna sig – og jafnvel hvatt þá til að ráðast á lögreglu. Mörgum kemur eflaust á óvart að heyra talað um „lykilmenn“ í mótmælunum, nema Geir Jón sé að tala um Hörð Torfason. Hann neitar líka að nefna þingmennina fyrr en í skýrslu sinni þegar þar að kemur. Það er óheppilegt hjá honum, því að þangað til liggja allir undir grun. Viti hann það, skal hann bara segja það strax.



### Hlutleysið

Geir Jón er líka farinn í framboð. Og þótt hann njóti virðingar og sé nokkuð óumdeildur þá hlýtur að vera umhugsunarefni hvort ekki sé óheppilegt að maður sem sækist eftir varaformennsku í Sjálfstæðisflokknum skuli á sama tíma vera á launum hjá hinu opinbera við að skrifa skýrslur um pólitíska andstæðinga sína.



### Ég

Hörður Torfason er móðgaður út í Geir Jón. Hann var drjúgur með sig í fréttum Stöðvar 2 og sagði að byltingunni hefði „hvergi verið stjórnað af einum eða neinum – nema mér“. Hörður ætti að vera gjaldgengur í hvaða mannauðsstjórastöðu heims, hafi hann ráðið við að láta þúsundir pirraðra mótmælenda dansa eftir sínu höfði umhverfis þinghúsið dögum saman og ná settu marki. Það kallar maður skipulagsgáfu.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvar er manndómurinn?

Samfélagsmál



Gyða Margrét Pétursdóttir
aðjúnkt í kynjafræði við HÍ

Í þættinum Vikulokin á Rás 1 laugardaginn 25. febrúar var til umræðu kynferðisleg áreitni Jóns Baldvins Hannibalssonar. Árni Gunnarsson, fyrrv. alþingismaður, gestur þáttarins sagði: „Ég held hins vegar að baki þessu máli liggi ýmislegt sem að kannski kemur í ljós á síðari stigum. Ég hafði veður af þessu bréfi fyrir mörgum árum, ég taldi að þetta mál væri algjörlega úr sögunni, því væri lokið og frágengið að öllu leyti og að fyrirgefningarbeiðni Jóns hefði verið tekin til greina en það virðist ekki vera og ég auðvitað velti því fyrir mér eins og svo margir hvað liggur að baki þörfinni fyrir það að birta þessi bréf nú svo mörgum árum eftir að þau voru skrifuð, ég átta mig ekki alveg á því.“ Þáttastjórnandi spyr: „Er pólitík á bak við þetta heldurðu?“ Árni Gunnarsson svarar: „Það kæmi mér ekkert á óvart“ Árni ýjar að því, með hjálp þáttastjórnanda, að ástæður Guðrúnar Harðardóttur séu þær að koma (pólitísku) höggi á Jón Baldvin Hannibalsson. Dylgjur Árna eru skaðlegar og óskandi að hann hefði manndóm í sér að koma hreint fram til að hægt sé að svara dylgjum hans.

Þekkt er að sá sem áreitir eða beitir börn kynferðislegu ofbeldi sé það sem kallað er síbrotamaður. Mikilvægt er að samfélagið taki mark á brotaþolum til að koma í veg fyrir að fleiri börn séu áreitt eða beitt ofbeldi, að sannleikanum sé dreift sem víðast til verndar öðrum. Einnig er mjög mikilvægt að þau sem fyrir ofbeldinu eða áreitinu verða séu ekki beitt áframhaldandi ofbeldi af samfélagi sem heldur hlífiskildi yfir ofbeldismönnum, að rými þeirra í samfélaginu sé ekki skert, þeim sé ekki fórnað vegna getuleysis okkar að bregðast við. Þeir valdameiri eiga oft auðveldara með að sannfæra samfélagið um eigið sakleysi. Í huga okkar býr staðalmynd ofbeldismannsins: Við sjáum fyrir okkur skrímsli og ekkert annað. Ekki þá sem eru eða hafa verið álitnir málsmetandi í samfélaginu. Því er berskjöldun þeirra sem greina frá áreitni og ofbeldi valdamikilla manna mikil og ábyrgð okkar því meiri. Það væri óskandi að Árni Gunnarsson og skoðanasystkini hans hefðu sama kjark og Guðrún Harðardóttir: Að koma hreint fram, greina frá því sem átti sér stað og á brýnt erindi við samfélagið. Eruð þið búin að gleyma biskupsmálinu? Með aðgerðarleysi og þöggun stuðlum við að því að Ísland sé griðastaður kynferðisglæpamanna, og kannski sérstaklega þeirra valdameiri í þeirra hópi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Fleiri gerast nú vígamenn en eg ætlaði“



Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Furðulegt hefur verið að fylgjast með atlögunni að Gunnari Andersen. Sigurður G. Guðjónsson, þjóðkunnur lögmaður alls konar manna sem Fjármálaeftirlitið hefur kært fyrir markaðsmisnotkun og skapandi bókhald, gekk fram fyrir skjöldu og fann Gunnari allt til foráttu, enda hefur stofnunin verið öflug og rösk og afgreitt fjársvikamál með hraði til sérstaks saksóknara eftir að hafa verið værukærasta og umburðarlyndasta stofnun landsins um árabil. Árás Sigurðar G. Guðjónssonar á Gunnar er ekkert skrýtin; hann er bara að vinna sína vinnu, gæta hagsmuna þeirra manna sem hann er ráðinn til að sinna; hann er að tefja og þvæla og rugla málin með öllum meðulum; þannig gengur það fyrir sig réttarríkið og ekkert nema gott um það að segja því að sérhver grunaður eða ákærður maður hefur rétt á því að fá svo góða vörn sem kostur er.

titillinn veiti mönnum status véfréttarinnar í Delfí eða jafnvel sjálfs Jahve. Í slíkur tilvikum væri nær að segja: „Verjandi Sigurjóns Árnasonar telur að málið á hendur honum eigi að ónýta.“

Árás Sigurðar og annarra leyndra og ljósra skutilsveina aflandsvíkinganna ættu í rauninni, væri allt með felldu, að vera alveg sérstakur gæðastimpill á verk hans og til marks um það að hann vinni einmitt af heilindum og ákveðni.

Viðbrögð stjórnvalda vekja sérstaka furðu. Sérlegur lögmaður Alþýðubandalagsins er allt í einu mættur og farinn að gefa „huglægt mat“ um óljósa fundi og fundargerðir fyrir mörgum árum sem eigi að að leiða til uppsagnar Gunnars. Um þátt VG í þessari atlögu má hafa orð Njáls á Bergþórshvoli þegar hann frétti af þátttöku Þórðar leysingjasonar í Húskarlavígum þeirra Bergþóru og Hallgerðar og lét segja sér þrem sinnum: „Fleiri gerast nú vígamenn en ég ætlaði.“ Og svo er honum sagt upp, að því er virðist með að minnsta kosti þegjandi samþykki Steingríms J ráðherra en þegar hann vill verjast því og notar til þess öll meðul – þar á meðal að láta fjölmiðla vita af þessari atlögu – þá

> Það er alveg nóg fyrir Gunnar Andersen að hafa alla dýrustu lögmenn landsins hangandi á sér, togandi í treyjuna, klípandi, lemjandi og sláandi – hann þarf ekki á því að halda að fá líka stökkvandi á sig eigin liðsmenn.

Sigurður spilar fasta vörn. Hann sinnir bara vinnu sinni. Gera það allir? Það er að minnsta kosti óþarfi að láta heillast svo af varnartilburðum Sigurðar að flykkjast með honum í vörnina til að fara að tuddast þar með honum á aðalskyttu sóknarliðsins. Það er alveg nóg fyrir Gunnar Andersen að hafa alla dýrustu lögmenn landsins hangandi á sér, togandi í treyjuna, klípandi, lemjandi og sláandi – hann þarf ekki á því að halda að fá líka stökkvandi á sig eigin liðsmenn; og sjálf stjórnin komi gargandi af bekknum með nýjum lögmanni úr óvæntri átt og gamlir blakmenn meira að segja farnir að reyna að smassa á hann. Allt í einu þarf Gunnar að að verjast atlögum úr eigin ranni. Og ekki skorar hann mikið á meðan.

Hatrammar árásir Sigurðar G. Guðjónssonar á Gunnar og þær vammir sem hann telur sig hafa grafið upp á hendur honum er sem sé bara það sem vænta mátti. En kannski er kominn tími til að við hættum að líta á hann sem hvern annan álitsgjafa út í bæ að hlýða borgaralegri skyldu sinni. Sigurður ekki bara einhver „hæstaréttarlögmaður telur …“ eins og það heitir alltaf hjá Fréttastofunni, eins og einskær

verður stjórnin hvumsa og virðist ekki hafa hreinlega gert ráð fyrir þeim möguleika að hann hefði eitthvað við það að athuga að vera sagt upp.

Gunnar Andersen virðist manni vera utanaðkomandi – hann er ekki partur af bræðralögunum hér, sem sennilega veldur óvinsældum hans í lögfræðingafélaginu. Þetta er styrkur hans og höfuðforsenda þess að geta rannsakað hrunið.

Maður hefði talið að þessi atlaga hefði átt að verða til þess að stjórnvöld stæðu enn betur við bakið á honum og starfsfólki hans, létu hann finna traustið sem þau bæru til hans, og reyndu að miðla því trausti til almennings, til að auðvelda þessari mikilvægu stofnun að sinna einhverjum brýnustu verkefnum sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir síðan lýðveldið var stofnað: að byggja upp traust á réttarkerfinu og skapa þar með forsendur fyrir nýjum stöðugleika.

Verði ekki komið lögum yfir þá fjárplógsmenn sem létu greipar sópa um gróin fyrirtæki með brellum og lygaflétttum er tómt mál að tala um siðferðilega, hugmyndalega og viðskiptalega endurreisn Íslands.

## AF NETINU

### Um búsáhaldabyltinguna

Aldrei tók ég við fyrirmælum um það að koma á þessa fundi, hvað þá fyrirmælum um á hvaða stöðum væri hægt að fara að Alþingishúsinu. Ég og aðrir fórum þangað einfaldlega að eigin frumkvæði. Nú virðist í gangi að umskrifa söguna af þessum atburðum og láta í veðri vaka að þingmenn innan dyra hafi stjórnað þessu og staðið fyrir því. Ég hygg að ég mæli fyrir munn þúsunda þegar ég segi að með slíku er verið að kasta rýrð á sjálfstæða hugsun þeirra þúsunda sem mótmæltu þarna.

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson


# Úrval notaðra bíla



**Volkswagen Golf**
árg. 2007, ekinn 75 þús. km.
1595cc, beinsk. bensín
**Verð 1.690.000 kr.**



**Kia cee'd XL**
árg. 2010, ekinn 42 þús. km.
1396cc, beinsk. bensín
**Verð 2.290.000 kr.**



**Ford Escape XLT**
árg. 2005, ekinn 78 þús. km.
2966cc, sjálfsk. bensín
**Verð áður 1.490.000 kr.**
**Verð nú: 1.090.000 kr.**



**Toyota Land Cruiser 4x4**
árg. 2008, ekinn 82 þús. km.
2982cc, sjálfsk. dísil
**Verð áður 6.490.000 kr.**
**Verð nú: 5.990.000 kr.**

Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is
ASKJA

# Er þér boðið ódýrasta lyfið í apótekinu þínu?

Markmið LYFIS er að bjóða lægsta lyfjaverð á Íslandi og hefur tilkoma lyfja fyrirtækisins aukið verulega samkeppni og leitt til mikilla verðlækkana í viðkomandi lyfjaflokkum. LYFIS lyfin eru framleidd hjá þekkustu og öflugustu lyfjaframleiðendum heims, m.a. TEVA – RATIOPHARM – KRKA – MEDIS – BLUEFISH – FARMAPLUS, sem allir hafa hlotið lof og viðurkenningu fyrir mikil gæði og örugga framleiðslu. LYFIS hefur markaðssett fjölda samheitalyfja og margir tugir lyfja eru á leiðinni.

**Verðlagseftirlit ASÍ – 14. júní 2006 – *„Allt að 68% verðmunur á lyfjum“* Neytendum bent á að vera vakandi fyrir ódýrari samheitalyfjum.**
**Hefur ekkert breyst frá 2006? – www.asi.is**

## Stöndum saman – lækkum lyfjaverð!



LYFIS
Traust í lyfjum
Grensásvegi 22 | 108 Reykjavík | Sími 534 3500
MEDIS · BLUEFISH PHARMACEUTICALS · F+ FarmaPlus AS · ratiopharm · TEVA · KRKA

# Réttlæti og raunsæi að leiðarljósi

**Skuldavandinn**

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Drjúgur hluti þjóðfélagsumræðunnar hefur að undanförnu snúist um skuldavanda heimilanna. Það er skiljanlegt. Gengislánadómur Hæstaréttar um miðjan mánuðinn setti málið í nýjan farveg og vakti spurningar um leið og hann gaf fyrirheit um frekari niðurfærslu lána á kostnað bankanna.

Samtímis er þess krafist að stjórnvöld beiti sér fyrir almennum afskriftum húsnæðislána að því marki að heimilin geti staðið í skilum og nái á ný jafnvægi og viðspyrnu. En allar aðgerðir verður að ígrunda og greina þarf aðstæður rétt. Góð eiginfjárstaða fjármálafyrirtækja hlýtur til dæmis að greiða fyrir því að dómi Hæstaréttar verði fullnægt og þúsundir lántakenda fái leiðréttingu sinna mála.

Því miður er það svo að allar tillögur um flata niðurfærslu, færa ekki skuldir niður heldur færa þær til. Enda gufa skuldir ekki upp. Ýmist er verið að færa skuldir yfir á skattgreiðendur eða á börnin okkar og komandi kynslóðir. Þeir sem fara vilja leið flatrar niðurfærslu lána verða því að upplýsa hver eigi að borga brúsann.

Æ fleiri átta sig á því að töfralausnir eru ekki til og íhuga á þeim grundvelli hvað sé til ráða.

Skuldastaða heimilanna verður áfram eitt af stóru málunum á borði ríkisstjórnarinnar. Leitin að sanngirni og jöfnuði heldur áfram þar sem samfélagið léttir þeim róðurinn sem harðast voru leiknir í kreppunni. Í þessu sambandi má minna á þá staðreynd að meiri jöfnuður ríkir nú í íslenska þjóðfélaginu en árin fyrir hrun. Við kvikum hvergi frá því að finna lausnir jafnvel þótt erlendir álitsgjafar, eins og Lars Christensen, sérfræðingur hjá Danske Bank, telji víst að nú þegar sé Ísland „heimsmeistari í að færa niður skuldir heimilanna“.

### Unnið að lausn

Sérstök ráðherranefnd vinnur að mótun úrræða fyrir þann hóp sem fór á mis við 110 prósenta leiðina vegna svonefndra lánsveða. Einnig er verið að kanna leiðir til að koma til móts við þá sem keyptu sína fyrstu eign þegar fasteignaverð var í hæstu hæðum. Til athugunar er hvernig minnka megi umfang verðtryggðra lána. Ég vænti þess að breið samstaða náist í þinginu um niðurstöðu þess máls.

Það tekur mig sárt að heyra af bágum kjörum og vonleysi þeirra sem reynt hafa sitt ítrasta til að standa í skilum, þrátt fyrir verulega aukna greiðslubyrði af völdum hrunsins. Erfiðust er glíma þeirra sem ekki hafa vinnu. Í mörgum slíkum tilvikum dugar fátt annað en sérsniðnar aðgerðir. En margt vekur nú vonir um betri tíð. Dregið hefur úr vanskilum. Tölur FME sýna að um mitt ár 2010 voru 34 prósent í vanskilum við bankanna. Nú í febrúar er þetta hlutfall komið niður í 20 prósent. Nýjar tölur um gjaldþrot einstaklinga benda í sömu átt. Ef horft er til síðustu 10 ára voru gjaldþrot einstaklinga 50 prósentum fleiri að meðaltali en þau voru að jafnaði undanfarin þrjú ár.

Ýmislegt bendir til þess að umræðan um skuldavanda heimilanna sé raunsærri en áður. Með raunsæi, aðgát og samstöðu að leiðarljósi viljum við leita að farsælli og réttlátri lausn á skuldavanda þeirra sem enn eru í nauðum staddir.

Hvert stefnir?
Staða og þróun markaða



Landsbankinn býður til opinnar ráðstefnu um stöðu og þróun innlendra og erlendra markaða, fimmtudaginn 1. mars kl. 8.30 á Hilton Reykjavík Nordica.

Fjallað verður um yfirstandandi sviptingar á erlendum mörkuðum sem hafa mikil áhrif á íslenskt hagkerfi og endurreisn íslensks atvinnulífs. Einnig verður fjallað um efnahagsstöðugleika á Íslandi og hlutskipti íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum á þessum tímum.

Sérstakur gestur ráðstefnunnar er Dr. Martin Feldstein, prófessor við Harvard háskóla, einn kunnasti hagfræðingur Bandaríkjanna.

Dagskrá:

08.30 Skráning og morgunverður
09.00 *Ragna Árnadóttir* fundarstjóri setur fundinn
09.10 *Dr. Martin Feldstein,* prófessor við Harvard háskóla
Staða og þróun á erlendum mörkuðum
10.00 *Már Guðmundsson,* bankastjóri Seðlabanka Íslands
Staðan á Íslandi – fjármálastöðugleiki
10.30 *Eggert Benedikt Guðmundsson,* forstjóri HB Granda
Íslenskt fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum á óvissutímum
10.50 *Theo Hoen,* forstjóri Marels
Hvað þarf til að halda íslenskum fyrirtækjum í landi?
11.10 Pallborðsumræður

Skráðu þig á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Landlæknir og PSA-mælingar

**Heilbrigðismál**

Einar Benediktsson
fv. sendiherra



Ekki hefur það vakið eftirtekt, að blöðruhálskirtilskrabbamein (BHKK) hafi verið tilefni sérstakrar árvekni landlæknis og er það þó algengasta krabbamein íslenskra karla. Yfir 200 okkar greinast með sjúkdóminn árlega og dauðsföll eru yfir 50. En viti menn, aldrei fór svo að landlæknir tæki ekki á sig rögg. Það var með yfirlýsingu, eða einskonar dagskipan, þann 23. febrúar um PSA-mælingar. Lagst er harkalega gegn þeim réttindum hvers og eins að leita til læknis og óska eftir skoðun sem gæti bent til þess að BHKK geri vart við sig. Það er PSA-greining og þuklun á kirtlinum, sem er ódýrt og fljótafgreitt úrræði sem er þó ekki afgerandi. Þetta vill Framför – krabbameinsfélag karla benda mönnum 50 ára og eldri sem siðferðilega skyldu okkar krabbameinssjúklinga. Að verða fyrir ádrepu að hvetja til slíks kom illa á óvart.

> Getur það verið vegna vankunnáttu að lýst sé yfir að engin heilbrigðisyfirvöld hvetji menn að láta mæla hjá sér PSA?

Getur það verið vegna vankunnáttu að lýst sé yfir að engin heilbrigðisyfirvöld hvetji menn að láta mæla hjá sér PSA? Viðkomandi bandarísk stofnun er the National Cancer Institute at the National Institute of Health í Washington. Þessi stofnun upplýsir að the U.S. Food and Drug Administration (FDA) hefur staðfest að PSA-mæling og þuklun sé notað til að hjálpa til við að greina blöðruhálskrabbamein í körlum 50 ára og eldri. („has approved the use of the PSA test along with digital rectal exam to help detect prostate cancer on men age 50 and older“). Ameríska tryggingarkerfið – Medicare – greiðir fyrir árlegt PSA próf allra karlmanna 50 ára og eldri. Athugun sem Harvard gerði 2005 leiddi í ljós að karlmenn sem láta gera PSA-próf árlega hafi þrisvar sinnum minni líkur að deyja úr krabbameini en þeir sem ekki gera það.

Varðandi meðferðarúrræði má benda á spánnýja (febrúar 2012) bandaríska athugun frá Kibel et al. á 10 ára lífslíkum eftir skurðaðgerð, ytri geislun og innri geislun. Um er að ræða 10.429 sjúklinga á tveim sjúkrahúsum m.t.t. byrjunargilda PSA, Gleason og klínískrar stöðu. Fyrir þá 6.485 sem voru í skurðaðgerð ( radical prostatectomy of some type) voru 10 ára lífslíkur 88,9%, fyrir 2.264 sem fengu geislun ( some form of external beam radiation therapy – EBRT) var það 82,6% og fyrir 1.680 í innri geislun (brachytherapy) 81,7%. Væri ekki rétt að upplýsa fremur um þetta en aukaverkanir eins og ristruflanir og þvagleka?

Svo vikið sé að minni reynslu, greindist ég með staðbundið BHKK haustið 2009 en hafði þá verið í árlegu eftirliti frá því 2000 með PSA blóðprófi, þreifingu, ómskoðun og sýnatöku. Um var lengi að ræða nokkuð hækkað PSA gildi og stækkun kirtilsins sem reyndist góðkynja. Haustið 2009 fór þetta úr böndunum og ég mældist með PSA 25 og Gleason greiningu 9. Talið er að mikil hætta sé á ferðum ef PSA er yfir 20 og Gleason yfir 8. Það sem ákveðið var fyrir mig var geislameðferð. Ég fékk sk IMRT High Dose geislun eða 76Gy eða 2Gy í hvert skipti og þýddi það 38 komur í tækin á Krabbameinadeild LSH. Þetta tók tæpt korter í geislun og var ég lengst af þarna kl. 1.30 fimm virka daga vikunnar í apríl-júní 2010 og naut þar frábærrar aðhlynningar starfsliðs þessa erfiða sviðs. Tekið er á móti 40-50 krabbameinssjúklingum á dag í geislameðferðir. Frá byrjun og samhliða geisluninni var ég í hórmónahvarfsmeðferð með tveim lyfjum. Geislameðferðin er sársaukalaus en aukaverkanir voru aðallega þreyta og taugastrekkingur. PSA-ið fór í 2.5 í meðferðinni, varð 0.05 við lokin og var þar enn í ársbyrjun 2012. Er enn á mjög minnkuðum lyfjaskammti, reyndar með hliðarverkunum sem mér eru ekki til teljandi ama. Þetta gat með öðrum orðum ekki verið betra.

Er þarna nokkurn lærdóm að draga í sambandi við forvarnir? Hér skal þá fullyrt það augljósa, að það er aðeins vegna reglulegra töku PSA gildanna að það er í tæka tíð hægt að hjálpa mér. Meinið var staðbundið í kirtlinum og þá eru ráð til að eyða því. Þannig á ég frábærum læknum og geislameðferðartæki LSH bókstaflega líf mitt að launa.

Krabbamein er hræðilegur sjúkdómur þegar illa fer. Við sem förum í meðferð vegna BHKK, höfum víst margir einhverjar aukaverkanir. Hvað sjálfan mig snertir er það blátt áfram afkáralegt – absúrd – að spyrja hvorn kostinn ég hefði valið, að dragast upp í kvalafullum sjúkdómi eða að fá að lifa þótt með einhverjum aukaverkunum sé. Þetta er því að þakka að fylgst var með mér með PSA- mælingum. Landlæknir segir að ekki hafi verið sýnt með óyggjandi hætti að það bjargi mannslífum. Einmitt það, segi ég þá undrandi.



**Veggspjaldasýning** stendur nú yfir í Artíma Gallerí á Smiðjustíg í tilefni útgáfu bókarinnar Taktabrot: Veggspjöld, flugumiðar og annað prentefni úr starfi Breakbeat.is 2000-2012. Sýningin stendur til 4. mars.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



GEZE

## Rennihurðabrautir

Fyrir flestar gerðir af hurðum.
Gott úrval, góð gæði, áratuga reynsla af búnaði.



JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-www.jarngler.is



## JEPPARAFGEYMAR




Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is


Birkikollar eftir Alvar Aalto frá árinu 1933 eru í sérstöku uppáhaldi hjá Sari Peltonen.



# Minna á heimalandið

Ég held mikið upp á stool 60 eftir Alvar Aalto frá árinu 1933, kollur á þremur fótum úr birki. Hann er líka til með fjórum fótum en þessi útgáfa er í uppáhaldi hjá mér,“ segir Sari Peltonen, blaðamaður og kynningarfulltrúi Hönnunarmiðstöðvar, þegar Fréttablaðið forvitnast um uppáhaldshúsgagnið.

Sari segir kollinn minna sig á heimahagana en hún kemur frá Finnlandi. Hún tók tvo með sér þegar hún flutti til Íslands fyrir þremur árum, þrátt fyrir 20 kílóa hámark í farangri. „Ég tek aðeins með mér hluti sem ég er sérstaklega hrifin af eða hef nauðsynlega þörf fyrir,“ segir hún. Spurð hvað hafi orðið til þess að hún flutti til Íslands segir hún það hafa komið til fyrir slysni. Henni hafi líkað vistin og ílengst. „Á finnsku geta orðin „Land elds og ísa (Tulen ja jään maa) haft tvöfalda merkingu, þau geta líka þýtt „Land þar sem ég verð kyrr.“

Þessa dagana er Sari á haus við undirbúning HönnunarMars. Í ár er hátíðin hluti af dagskrá Helsinki World Design Capital sem Sari segir að geti haft mikil tækifæri í för með sér fyrir íslenska hönnuði. Finnskir blaðamenn og bloggarar mæti á Marsinn og þá hafi finnsku stórfyrirtækin ittala og og Artek boðað komu sína á kaupstefnuna DesignMatch. „Dagskráin er mjög spennandi en til dæmis verður finnsk pop-


;FRAMHALD | 2



Gerið gæða- og verðsamanburð

## Saga/Freyja/Þór

**hágæða heilsudýnur**



Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
**Verð á Queen 153x203 cm á íslenskum botni frá**
**129.900 kr.**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



**Umsóknarfrestur** vegna þátttöku í Ráðhússýningu Handverks og hönnunar 2012 rennur út í dag. Sýningin fer fram dagana 3.-7. maí 2012. sjá www.honnunarmidstod.is






Framhald af forsíðu



Það er í raun aðdáunarvert að svo lítið hönnunarsamfélag geti blásið til stórrar hátíðar á hverju ári segir Sari Peltonen.

up verslun, Design Forum Finland mætir og tískumerkið Kaksitvå. Arkitektinn Tuomas Toivonen mætir líka á fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar en hann rappar gjarnan fyrirlestrana sína,“ bætir Sari við.

„Íslensk hönnun er að þróast hratt og mjög áhugaverðir hlutir í gangi. Það er í raun aðdáunarvert að svo lítið hönnunarsamfélag geti blásið til stórrar hátíðar á hverju ári og ég er stolt af því að taka þátt. Ég er strax farin að hlakka til.“ *heida@frettabladid.is*



Þórarinn Jón Magnússon blaðamaður lætur fara vel um sig á heimaskrifstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heimaskrifstofan á að vera notaleg

**Þórarinn Jón Magnússon setti tímaritið Hús og híbýli á fót árið 1979 en hann var þá einn eigenda Samútgáfunnar. Á þeim tíma gaf útgáfan út Samúel, en seinna komu meðal annars tímaritin Lúxus, Vikan og Heimsmynd.**

Þórarinn Jón Magnússon hefur alla tíð verið fagurkeri eins og heimaskrifstofa hans ber vitni um. Undanfarin ár hefur Þórarinn starfað sem sjálfstætt starfandi blaðamaður á sviði prent- og netmiðla og hefur útbúið heimaskrifstofu sem passar fagurkeranum vel. Húsgögnin hafa fylgt honum lengi og voru flutt frá skrifstofu hans á sínum tíma og heim. „Ég keypti þessi húsgögn fyrir um tuttugu árum hjá ÁG-húsgögnum. Þetta er íslensk framleiðsla sem hefur enst vel,“ segir Þórarinn.

Þórarinn er sannkallaður snyrtipinni og hann viðurkennir að börnunum hans hafi stundum þótt nóg um snyrtimennskuna og pjattið. Þeir sem þekkja Þórarin og hafa starfað með honum vita að það er aldrei drasl á hans borðum. „Eftir að ég fór að vinna heima hef ég ritstýrt blöðum og bókum og selt auglýsingar í tímaritin auk þess sem ég hef skrifað mikið sjálfur, ljósmyndað og annast uppsetningu. Ég hef því gegnt mörgum störfum hér heima en með nútíma tækni þarf maður varla neitt nema lítið borð og tölvu. Stundum sit ég við tölvuna dögum saman án þess að hitta nokkurn mann. Þótt mér finnist starfið alls ekki einmanalegt þá er gott að fara stöku sinnum á kaffihús eða á Rotaryfundi til að hitta fólk. Einnig hefur Facebook reynst mér ágætis félagsskapur og hefur komið í stað þess að fara á kaffistofuna að spjalla við vinnufélagana hérna áður fyrr.“

## Umhverfið skiptir máli

Blöðin sem Þórarinn ritstýrði samtímis voru átta talsins þegar mest var. Hann segir að sér hafi þótt skemmtilegast að ritstýra Húsum og híbýlum en því stýrði hann í átján ár. Þar naut áhugi hans á hönnun og listmunum sín vel. „Ég er gefinn fyrir tilbreytingu. Ég og hún Odda mín höfum verið gift í 40 ár. Við höfum flutt níu sinnum og aldrei leiðst að koma okkur fyrir á nýjum stað. Einnig hef ég haft ákaflega gaman af því að innrétta nýjar ritstjórnarskrifstofur allt frá því að ég hóf útgáfustarfsemi árið 1969. Umhverfið skiptir mig miklu máli. Mér finnst að skrifstofan eigi að taka vel á móti manni á morgnana. Ég fer því aldrei frá skrifborðinu án þess að taka til.“



Litlu hlutirnir og uppröðun þeirra skiptir máli.

Mjög hefur færst í aukana að fólk vinni heima og Þórarinn segist þekkja marga einyrkja í blaðamannastétt. „Það ætti að vera auðveldara fyrir fólk að hafa hlýlegt á heimaskrifstofu heldur en á stórum kontór úti í bæ. Auk þess hefur maður þá aðgang að heimili og fjölskyldulífi á staðnum sér til yndis og ánægjuauka,“ segir Þórarinn. Hann segir það vera sitt fyrsta verk á morgnana að kveikja á hljómflutningstækjunum. Tónlist sé ómissandi við vinnuna. Eins þykir honum gott að líta í bók á milli verka og viðurkennir að sjálfur hafi hann undanfarið verið að vinna að þremur skáldverkum samtímis. „Ég verð að fara að koma einhverjum af hugmyndum mínum í stafrænt form áður en hausinn á mér springur,“ segir hann og upplýsir að hugmyndirnar hafi haft nægan tíma til að þróast á meðan hann var að jafna sig eftir mikinn hjartauppskurð sem hann gekkst undir fyrir rúmum tveimur árum. „Tvær hugmyndanna hafa verið að breytast í leikrit. Þannig ver ég nú frístundunum sem gefast í dag,“ segir hann að lokum.




# GLUGGAR & GLER

MÁNUDAGUR **27. FEBRÚAR 2012** | **Kynningarblað** Álgluggar, trégluggar, glugga- og glerverksmiðjur, .




Starfsfólk Glerborgar, Linda Hrönn Guðnadóttir og Hallgrímur Gunnarsson, með fallegan Nordic-glugga sín á milli innan um stillansa í nýja sýningarsalnum þar sem allt er sérsmíðað í hólf og gólf. MYND/VALLI

# Glerborg rammar lífið inn

**Glerborg stendur á fertugu með hækkandi sól. Í tilefni afmælisins stendur mikið til og nú er verið að leggja lokahönd á nýjan og glæsilegan sýningarsal. Glerborg hefur algjöra sérstöðu þegar kemur að gæðum og fjölbreyttri framleiðslu.**

Við Glerborgfólk erum í hátíðarskapi og á fullum snúningi við að standsetja nýjan og glæsilegan sýningarsal sem opnar í tilefni 40 ára afmælisins í vor," segir Óskar Þórðarson sem heldur um stjórnartaumana í Glerborg í félagi við frænda sinn, Vigni Óskarsson, en þeir eru bræðrasynir.

Glerborg varð til á vordögum 1972 og hefur allar götur síðan haft algjöra sérstöðu á íslenskum byggingarmarkaði vegna fjölbreyttrar framleiðslu. Glerborg framleiðir og selur einangrunargler, hert gler, spegla, sólstofur, svalalokanir, glugga og hurðir úr PVC-u plastefni og áli.

„Við leggjum áherslu á tvöfalt einangrunargler og PVC-u-plastglugga, en hófum nýlega sölu á álgluggum og hertu gleri í sturtuklefa og skrifstofuskilrúm," upplýsir Óskar um vöruúrval Glerborgar sem stillt verður upp á nýstárlegan og skemmtilegan hátt í einstökum sýningarsal Glerborgar við Dalshraun 13 í Hafnarfirði.

„Nú færist í aukana að fólk og fyrirtæki velji gler frá Evrópu en það er framleitt í bestu fáanlegu glerframleiðsluvélum heims og í gæðum sem ekki hafa sést fyrr. Þá er afgreiðslutími glersins hraður þótt flutningar fari fram á milli landa," segir Óskar, en Glerborg býður viðskiptavinum einnig íslenskt gler í hæsta gæðaflokki.

Óskar segir allar byggingarvörur nú þurfa að bera CE-vottun og að sú vottun sé á öllum vörum Glerborgar, innfluttum sem og framleiddum hérlendis.

„CE-merkið er trygging fyrir því að umrædd vara hafi alla þá eiginleika sem framleiðandi hennar lýsir yfir að hún hafi. Slíkt gerir hann með útgáfu svonefndrar EC-samræmislýsingar, ásamt meðfylgjandi upplýsingum um eiginleika vörunnar sem staðallinn tilgreinir að skuli gefa upp," útskýrir Óskar.

> **Í tilefni fertugsafmælisins hefur Glerborg tekið upp slagorðið „Glerborg rammar lífið inn".**

Í tilefni fertugsafmælisins hefur Glerborg tekið upp slagorðið „Glerborg rammar lífið inn".

„Það felur í sér þá mannlegu tengingu að gluggar á húsum rammi inn líf og tilveru fólksins sem lifir í húsunum," útskýrir Óskar.

Nú sem áður er lögð alúð við góða þjónustu og skjóta afhendingu glers og glugga hjá Glerborg.

„Við hlökkum mikið til að taka á móti viðskiptavinum í nýja sýningarsalnum og munum slá upp veglegri afmælisveislu í lok mars. Hingað verður ævintýri að koma í kaffisopa og með því meðan kíkt er inn og út um glugga og hurðir. Við skynjum greinlega uppsveiflu og erum í auknum mannaráðningum, bæði hér í Dalshrauni og á lager okkar og dreifingarmiðstöð í Reykjanesbæ. Við lítum því björtum augum til framtíðar við þessi glæstu tímamót."



## AF HVERJU ÁLGLUGGA OG ÁLHURÐIR FRÁ GLERBORG?

**Álgluggar hafa verið notaðir** í allt frá heimahúsum til hæstu skýjakljúfa um áratuga skeið og eru gerðir úr léttum en sterkum römmum sem bjóða upp á áratuga endingu og mótstöðu gegn mengun og tæringaröflum náttúrunnar. Hægt er að fá álglugga og hurðir í ótal útfærslum, með viðaráferð og í margvíslegum litum. Þeir eru fáanlegir óeinangraðir til notkunar innanhúss, eins og til dæmis í verslanir, og svo einangraðir með mjög lágu U-gildi. Glerborg býður álglugga og -hurðir með varmaeinangrandi gleri, fylltu argon-gasi sem gefur enn betri einangrun.



## NORDIC-GLUGGINN

**Nordic-glugginn** frá Glerborg er upprunalega hannaður fyrir danskan markað en nýtur nú vinsælda um öll Norðurlöndin og Norður-Þýskaland. Í gluggann er notaður 120 millimetra djúpur PVC-u prófíll og möguleiki á um sautján litum og viðaráferðum. Lausafagið er að fullu innfellt og margar útfærslur af útliti pósta og lamakerfi þar sem ýmsar opnanir bjóðast. Glugginn hentar vel í gömul hús þar sem hægt er að hafa útlitið svipað eða eins og í hefðbundnum gömlum íslenskum trégluggum svo útlit hússins verður eins eftir gluggaskiptin.

Þennan gæðaglugga má skoða í sýningarsal Glerborgar að Dalshrauni 13.



### SVALALOKANIR OG HANDRIÐ FYRIR SUMARBÚSTAÐI OG EINBÝLISHÚS

**Gluggar ehf.** bjóða svalalokanir í góðu úrvali. „Við erum með allar gerðir, alveg frá svalaskjólum með einföldu gleri eins algeng eru í blokkum og upp í svalalokanir með tvöföldu gleri, eða allt eftir hvað hentar hverjum og einum best," segir Eyþór Jósepsson.

**Hann getur** þess að fyrirtækið selji einnig handrið sem eru sérlega einföld í uppsetningu. „Þetta er eins og mekkanó sem skrúfast saman og er því alveg leikandi létt að henda upp," segir hann og bendir á www.algluggi.is þar sem frekari upplýsingar eru.



### RAFMAGNSKNÚINN OPNUNARBÚNAÐUR FYRIR HURÐIR

Gluggar ehf. selur rafmagnsknúinn opnunarbúnað fyrir bæði inni- og útihurðir frá svissneska framleiðandanum Record. „Þetta er ekkert annað en pumpa sem sett er á hurð og opnar hana inn eða út," útskýrir Eyþór Jósepsson og getur þess að hægt sé að bæta við sérstökum takka sem þrýst er á til að opna hurðina. „Svo seljum við líka rafmagnsknúinn rennihurðabúnað eins og flestir þekkja úr bönkum, skólum og elliheimilum, sem hægt er tengja hússtjórnarkerfi húsa og skrá inn opnunartíma og svo framvegis."

record
your global partner for entrance solutions



PK arkitektar eiga heiðurinn að þessu glæsilega einbýlishúsi og Gluggar ehf. að gluggum og rennihurðum.



Gestastofa á Skriðuklaustri úr smiðju Arkís. Gluggar og hurðir frá Gluggum ehf.
MYND/RAFN SIG

# Sérsniðnar lausnir í íbúðir, einbýli og sumarbústaði

**Gluggar ehf. bjóða gott úrval sérsniðinna lausna úr álprófílum fyrir íbúðir, einbýli og sumarbústaði. Fyrirtækið vinnur að því að fá CE vottun á allar sínar vörur.**

Allt er í boði og það er kannski eina vandamálið. Úrvalið er hreint ótrúlegt. Alveg frá pínulitlum og upp í hrikalega stóra glugga og hurðir, sem má ýmist opna út, inn eða renna til hliðar. Við bjóðum allar útfærslur," segir Eyþór Jósepsson, einna eigenda Glugga ehf. að Kaldbaksgötu 1 á Akureyri, sem sérhæfir sig í fjölbreyttri framleiðslu og sölu á álgluggum, -hurðum, -veggjaeiningum og -svalalokunum ásamt fleiru.

Gluggar ehf. bjóða meðal annars upp á sérsniðnar lausnir fyrir einstaklinga um land allt sem Eyþór segir henta jafnt í íbúðir, einbýlishús, sumarbústaði og jafn vel í bátinn ef svo ber við. „Við tökum að okkur öll verkefni, lítil sem stór, hvort sem til stendur að útvega eina hurð eða glugga eða klára stórt verkefni frá upphafi til enda," lýsir hann.

Að sögn Eyþórs hafa timburgluggar og -hurðir notið vinsælda gegnum árin en síðasta áratuginn eða svo hafi orðið breyting þar á. „Menn fóru að átta sig á því hversu dýrt og tímafrekt er að viðhalda timburgluggum. Leitin að sterku og viðhaldslitlu eða -fríu efni hefur leitt til þess að menn hafa í auknum mæli snúið sér að áli," bendir hann á. „Þannig að tímaeyðsla og kostnaður við viðhald timburglugga er í raun farin að selja álgluggana fyrir okkur."

Gluggar ehf. bjóða aragrúa lausna í áli og áltimbri, eins og áður sagði. Beðinn um að lýsa helsta muninum á þessu tvennu, segir Eyþór álglugga og hurðir vera ál bæði að utan og innan með rofinni kuldabrú á milli, en áltimburgluggar séu timbur að innanverðu og ál að utanverðu. „Álið er með innbrenndri lakkhúð og rafmeðhöndlað," tekur hann líka fram.

Einn helsta kostinn við ál segir Eyþór vera hversu vel það þolir íslenskar aðstæður í öllum sínum margbreytileika og síbreytilegt veðurfarið.

„Í nýrri byggingarreglugerð árið 2012 eru gerðar auknar kröfur um að allir gluggar þoli 1.100 Pascal vind- og vatnsþrýsting hér á landi og þetta atriði ætti fólk að hafa í huga þegar það velur framleiðanda að hurðum og gluggum í húsið sitt," segir hann og getur þess að mikið af vöru erlendis sé kannski bara prófuð fyrir 600 Pascal þrýsting.

**Með gluggum frá plastgluggaverksmiðjunni PGV Framtíðarform ehf. þarf ekki að hafa áhyggjur af viðhaldi svo áratugum skiptir. Þeir eru auk þess gífurlega einangrandi en í því felst umtalsverður orkusparnaður.**

### PGV Framtíðarform ehf. framleiðir einangrandi, viðhaldsfría og orkusparandi glugga

PGV Framtíðarform ehf. er íslensk plastgluggaverksmiðja. Hún var stofnuð árið 2010 en að baki henni standa fagmenn með áralanga reynslu. Framleiðslan er íslensk og þjónustustigið er hátt segir framkvæmdastjórinn og húsasmíðameistarinn Gísli Jóhann Sigurðsson. „Við framleiðum PCV-u glugga úr smíðaefni frá þýska framleiðandanum Deceuninck, en allir eru þeir glerjaðir að innan með 28 millimetra K-gleri frá Glerskálanum í Kópavogi, en Glerskálinn er einnig með hátt þjónustustig fyrir utan að bjóða upp á breiða línu af háeinangrandi K-gleri, svo samvinna okkar passar ágætlega saman. Gísli segir ekkert gluggaefni standast PVC-u í endingu en það er algerlega viðhaldsfrítt. „Það er auk þess gífurlega einangrandi og um leið orkusparandi og er hægt að lækka orkukostnaðinn umtalsvert með því að velja glugga frá okkur. Gísli segir Breta leggja ríka áherslu á orkusparandi glugga og velja 85 prósent þeirra slíka glugga. „Yfir 60 prósent Þjóðverja velja PVC glugga og er vakningin hafin hér á landi enda er þetta frábært gluggaefni fyrir íslenskar aðstæður þar sem allra veðra er von.“

Að sögn Gísla hefur prófíllinn verið í þróun og framleiðslu hjá Deceuninck frá árinu 1960. Hann segir það fyllilega hafa sannað gildi sitt. Það er hundrað prósent endurvinnanlegt. Það þarf ekki að fella eitt einasta tré til að framleiða PVC-u og engin þörf er á eiturefnum, lakki eða málningu til að viðhalda PVC-gluggum áratugum saman.“

### Íslensk framleiðsla

Framleiðslan fer fram í Grindavík og er PGV Framtíðarform eina verksmiðjan á Suðurnesjum. Einnig er söluskrifstofa í Fiskislóð 45 Reykjavík. „Við sérsmíðum alla glugga eftir óskum viðskiptavina og sökum þess að framleiðslan fer fram á Íslandi er afhendingartíminn skemmri en almennt þekkist. Við leggjum mikið upp úr gæðunum og viljum vera vissir um að fólk þurfi ekki að standa í kostnaðarsömu viðhaldi eins og gerist stundum þegar ódýrar eftirlíkingar verða fyrir valinu,“ segir Gísli.

### Gluggarnir frá PGV framtíðarform stóðust slagveðurspróf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands án athugasemda

Slagveðursprófið er eina prófið sem Íslendingar geta litið á sem eigin gæðastimpil en það prófar raunverulega frammistöðu glugga við íslenskar aðstæður. Niðurstöður prófsins í heild er að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.pgv.is. „Við erum stoltir af árangrinum enda með hæstu einkunn. Við mælum sérstaklega með að fólk spyrjist fyrir um hvort gluggar sem það kaupir hafi staðist slíkt próf. Það er mikil fjárfesting í gluggum og mikilvægt að vita hvað maður er með í höndunum. Við bendum fólki á að ekki er alltaf fullnægjandi trygging fyrir gæðum þó að gluggar hafi staðist próf erlendis þar sem veðurskilyrði eru allt önnur hér heima.“ Það er mikil ánægja að geta boðið upp á glugga og hurðir sem standast okkar veðurskilyrði í áratugi, og það án viðhalds.

> **Við mælum sérstaklega með því að fólk spyrji hvort gluggar sem það kaupir hafi staðist slagveðurspróf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.**

### Gluggi í glugga –sparar tíma

Hér er um að ræða ísetningaraðferð sem snýst í stuttu máli um það að hægt er að spara umtalsverða vinnu með því að hreinsa burt gler og pósta úr gamla tréglugganum og leggja nýjan plastglugga í glerfalsið á þeim gamla. Frágangslistar eru svo notaðir til að klæða gamla trékarminn og mynda veðurkápu yfir hann. „Með þessari aðferð þarf ekkert múrbrot sem sparar mikið rask. Svona er með einföldum hætti hægt að skipta úr tréglugga í plastglugga,“ segir Gísli.

### Öryggið í fyrirrúmi

Allir gluggalistar frá PVC framtíðarform eru að innanverðu sem er mikið öryggisatriði. „Þeir koma með barnalæsingu og næturöndun. Hurðir koma með 5-punkta læsingu og gluggar með 4-8 punkta læsingu.“ Að sögn Gísla hefur smíðalínan hlotið viðurkenningu frá félagi lögregluforingja, ACPO, á Bretlandseyjum fyrir örugga hönnun.“

### Viðhaldsfríir plastkarmar með viðarútliti

PGV Framtíðarform ehf býður einnig upp á Golden Oak og RoseWood viðarútlit fyrir utan venjulega hvíta glugga „Fyrir utan að bjóða upp á hefðbundna hvíta karma er hægt að fá viðarútlit. Það nýjasta er hvítt viðarútlit sem er afar vinsælt“ segir Sigurvin Sigurðsson sölustjóri PGV Framtíðarforms ehf.

### Svalalokanir og sólstofur í úrvali

PGV Framtíðarform ehf. sérsmíðar einnig svalalokanir og sólstofur og eru útlitsmöguleikar óteljandi. Þetta eru lokanir sem eru 100% vind- og vatnsþéttar. Vinsælasta þakefnið er poly-carbonite sem er 35mm marhólfa plastefni, en einnig er hægt að fá öryggisgler. „Vinsældir poly-carbinte þakefnisins skýrast kannski af því að það hleypir inn birtu en ekki sólargeislum og því verður yfirleitt ekki yfirþyrmandi heitt í sólstofunni.“

### Gluggarnir eru ein heild brædd saman

Það sem sker framleiðslu PGV Framtíðarforms ehf. sérstaklega frá öðrum er að öll samskeyti eru brædd saman, líka millipóstar. Algengt er að millipóstar PVC glugga séu skrúfaðir saman. Með þessu móti er engin hætta á leka eða taumum milli samskeyta. Slagveðursprófið sýnir ótvírætt kosti bræddra samskeyta.

# Snyrtimennska skiptir miklu máli

**Gluggagerðin, að Súðarvogi 3-5, sérhæfir sig í framleiðslu glugga, útihurða og sumarhúsa. Fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum heildarþjónustu. Vanir starfsmenn koma á staðinn, meta viðhaldsþörf, mæla fyrir gluggum og sjá um ísetningu glugganna sem allir eru smíðaðir í Gluggagerðinni.**

Feðgarnir Haukur Ólafsson byggingameistari og Birgir Hauksson húsasmiður hafa verið í framleiðslu glugga og hurða frá árinu 2000.

„Okkar sérhæfing liggur í því að við bjóðum fólki að veita því fulla þjónustu þegar kemur að því að endurnýja glugga," segir Birgir. Innifalið í þeirri þjónustu er að starfsmaður Gluggagerðarinnar mætir á staðinn og mælir upp gluggana. Síðan er gert tilboð og inn í því er bæði úrtekning og ísetning nýrra glugga auk smíði á gluggunum. „Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá fólki sem þykir þægilegt að geta átt við einn aðila í stað margra," segir Birgir en oft og tíðum þarf fólk að hafa fyrst uppi á smið og panta síðan glugga hjá gluggaframleiðanda. „Við getum hins vegar komið að verkinu frá upphafi til enda sem er líka jákvætt ef eitthvað kemur upp á. Þá liggur ábyrgðin hjá einum aðila en ekki mörgum," útskýrir hann.

Birgir segir afar mikilvægt að fólk hugi að gæðum og reynslu þegar kemur að því að skipta út gluggum. „Snyrtimennska skiptir miklu máli í ísetningum og mikilvægt að vanda til verka," segir Birgir og leggur áherslu á að fólk velji vana ísetningarmenn. „Það er ekki nóg að velja vana smiði ef þeir hafa ekki reynslu af ísetningum glugga. Birgir bendir einnig á mikilvægi þess að velja verksmiðjuframleidda glugga í góðum gæðum þar sem gluggar hafa verið gaflaðir saman á hornum og málaðir við bestu aðstæður til að fyrirbyggja ótímabært viðhald.

Hjá Gluggagerðinni starfa níu starfsmenn í dag og verksmiðjan er búin góðum tækjakosti til trésmíða. Fyrirtækið framleiðir vörur eftir pöntun sem þýðir að ekki er selt af lager heldur samkvæmt þörfum hvers viðskiptavinar. „Þetta verklag veitir okkur gott svigrúm til þess að koma sem best til móts við þau verkefni sem viðskiptavinir okkar færa okkur," segir Birgir.

Nánari upplýsingar um starfsemi og framleiðslu Gluggagerðarinnar er að finna á www.gluggagerdin.is



Birgir Hauksson horfir í gegnum einn af þeim gluggum sem Gluggagerðin smíðar. MYND/GVA


Haukur Ólafsson byggingameistari tekur út timbrið.


Inngangurinn að Gluggagerðinni í Súðarvogi 3-5 er afar aðlaðandi.

## *Sumarhús í þjóðlegum stíl*

Gluggagerðin hefur í nokkur ár smíðað skemmtileg og sérstæð sumarhús undir nafninu Sproti. „Hugmyndin vaknaði fyrir nokkrum árum þegar ég sat með vini okkar sem er listamaður. Okkur datt í hug að gaman væri að framleiða hús í gömlum íslenskum stíl," segir Birgir Hauksson hjá Gluggagerðinni.

Sprotahúsin eru lítil svört hús með hvítum gluggum og rauðum hurðum og líkjast um margt gamla fógetahúsinu í Aðalstræti. „Húsin fara mjög vel í íslensku landslagi, bæði að sumri og vetri," segir Birgir. Boðið er upp á þrjár stærðir af Sprota, 14, 27 og 40 fermetra til að gefa fólki sveigjanleika til að velja sér stærð húss eftir efnahag, smekk og þörfum. „Minni húsin hafa verið notuð sem gestahús og það minnsta er stundum notað sem frístandandi hjónaherbergi," upplýsir Birgir.

Auk þessara valkosta um stærð á Sprotunum hefur einnig verið boðið upp á litlar viðbyggingar, bíslög, sem hægt er að bæta við stærri húsin. Þá er einnig hægt að velja staðsetningu og fjölda glugga í húsin.

Gluggagerðin smíðar nokkra Sprota á hverju ári og er þá að finna á nokkrum stöðum á landinu, til dæmis á Tröllaskaga, Snæfellsnesi, við Gíslholtsvatn og í Ölfusi.

Nánari upplýsingar er að finna á www.sproti.info


Sumarhúsið Sproti fer vel í íslenskri náttúru.





Glerflísa framleiðsla hjá Samverki.



Samverk vinnur meðal annars handrið úr samlímdu hertu gleri og glæsileg glergólf eins og sjá má á myndunum hér að ofan.

# Þekking - gæði - þjónusta

**Glerverksmiðjan Samverk státar af íslenskri framleiðslu í 43 ár. Í Samverki hefur safnast saman fagleg þekking á gleri, einstakt handbragð og sérsmíði eftir óskum viðskiptavina.**

Í verksmiðju sinni á Hellu framleiðir Samverk fjölbreytt úrval af vörum úr flotgleri.

Þar má nefna einangrunargler, sturtuklefa, spegla, glerhandrið, glerhurðir, glergólf og glerveggi fyrir skrifstofur; allt sérsmíðað fyrir hvern og einn viðskiptavin. Verksmiðjan er afar vel búin framleiðslutækjum og reynslumiklu starfsfólki.

Samverk býður upp á mælingaþjónustu verkefna á verkstað og uppsetningu glerja og spegla.

Sölu- og sýningarsalur Samverks er að Víkurhvarfi 6 í Kópavogi, en þar má sjá sýnishorn af framleiðslu Samverks og fá ráðgjöf við glerverkefni sem krefjast þekkingar og reynslu. Þess má geta að arkitektar og hönnuðir leita gjarnan til Samverks um tæknilegar upplýsingar og hvers kyns ráðgjöf sem snýr að gleri.



Ragnar Pálsson er forstjóri Samverks. Hér má sjá Ragnar standa á fagurri glerbrú með glerþrepum og glerhandriði unnu frá grunni af Samverki á Hellu. MYND/GVA

## CE-MERKTAR FRAMLEIÐSLUVÖRUR



**Framleiðsluvörur Samverks** eru CE-merktar. Einangrunargler og hert gler hefur verið CE-merkt í nokkurn tíma og einfalt gler í nokkur ár. Auknar kröfur eru gerðar til byggingavara á markaði og skulu þær vera CE-merktar, líka íslenskar framleiðsluvörur til notkunar í byggingar.

### Fyrir hvað stendur CE-merkið?

Merkið er tákn sem segir notandanum að varan uppfylli tilteknar kröfur. Kröfulýsingin á að fylgja með vörunni eða vera aðgengileg fyrir viðskiptavini á heimasíðu fyrirtækja.

CE-merkið er ekki vottun um gæði vörunnar heldur staðfesting á að tæknilegar upplýsingar frá framleiðanda séu réttar, þannig að eigendur mannvirkja, hönnuðir, eftirlitsaðilar, byggingarstjórar eða iðnmeistarar geti séð hvort varan uppfylli lágmarks kröfur sem eru skilgreindar í lögum, reglugerðum og stöðlum. Einungis vörur geta fengið CE-merkingu, en ekki fyrirtæki sem slík.

## LÁGT U-GILDI – LÆGRI ORKUKOSTNAÐUR



**Varmatap rúðu** er mismunandi eftir glertegundum. Því er mikilvægt að bera saman tæknilega eiginleika glertegunda. Varmatap rúðu er táknað með bókstafnum U og segir til um varmatap hennar á hvern fermetra. Því lægra sem U-gildið er, því lægra verður varmatapið og því getur gler með lágt U-gildi leitt til lækkunar á orkukostnaði og/eða stuðlað að auknum þægindum með stöðugri og jafnari hita innanhúss. Í nýrri byggingareglugerð, nr. 112/2012, segir að U-gildi einangrunarglers skuli vera 1,7 W/m2 K eða lægra. Samverk hefur um nokkurt skeið boðið upp á betra einangrunargler eins og TopN+ sem er með enn lægra U-gildi en kröfur byggingareglugerðar segir til um.

## NÝTT GLER – STOPRAY VISION



**Samverk** leggur áherslu á vöruþróun og tileinkar sér nýjungar. Liður í því er að bjóða upp á betri glertegundir í einangrunar- og sólvarnargleri, eins og Sunergy, TopN+, og Energy N.

Stopray Vision er nýtt einangrunar- og sólvarnargler sem sameinar allt það besta sem boðið er upp á, eins og lágt varmatap, góða sólvörn og hlutlaust útlit. Stopray Vision hentar bæði fyrir heimili og fyrirtæki.


Lækkaðu orkukostnaðinn með betra gleri. TOP N+ einangrunargler



SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hellu
Víkurhvarfi 6, 203 Kópavogi
488 - 9000
www.samverk.is samverk@samverk.is






**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.




# KEYPT & SELT

## Til sölu







Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 868 7204 eða á www.myranaut.is




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. www.ditto.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun







## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Plötusax til sölu Wieger árg 1974 klippir 10 mm 2,5metra verð 500.000 + vsk upl Benedikt s 8927687

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SILFURLEIR-SWAROVSKI-TIFFANY'S**

**Skartgripasmíði, Hnífasmíði, Tálgun,**

**Víravirki, Brýnsla. Silfurleir 2.-3. mars, Tiffany's 28.-29.Feb.**

**Nánar á handverkshusid.is**
**Skráning s:555-1212**

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.




**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigulíðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði, með þvottavél. Mið. Reykjavík. S. 6615219

Til leigu á 101 og 104,Rvk. Vinsaml. sendið upplýsingar á ibudlaus@gmail.com

**Íbúðir til leigu**
Glæsilegar, nýjar 2ja. og 3ja. herb. íbúðir verða til útleigu mjög fljótlega í Norðlingaholti. Flestum íbúðum fylgir stæði í sameiginlegri bílageymslu. Áhugasamir leigjendur senda nafn og símanr. á netfangið: ao@husid.is Öllum fyrirspurnum svarað.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**Óskum eftir 4ja herb. íbúð í 101 RVK**
Við erum þrír háskólamenntaðir sérfræðingar á þrítugsaldri, tvær stelpur og einn strákur. Við erum að leita að 4 herbergja íbúð í 101 Rvk. Greiðslugeta er á bilinu 150-200 þúsund á mánuði. Við erum skemmtileg, skilvís og snyrtileg. Upplýsingar í síma: 869-1994.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

SÍMSTÖÐIN

**Kvöld- og helgarvinna**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Tímakaup og bónusar. 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 5464645 gaman@simstodin.is

**Járniðnaðarmenn**
**Vantar duglegan áhugasmana mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

**Óskar eftir að ráða hressan, duglegan og jákvæðan starfsmenn í eldhús.**
**Lágmarksaldur er 20 ára.**

**Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required.**
**Umsóknir á staðnum eða sendi á info@portid.is**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Fékkstu slag?**
Hafðu samband við okkur í 860 5585 eða skráðu þig á póstlistann á heimasíðu okkar heilaheill.is
Heilaheill

**Opið hús fyrir slagþola og aðstandendur þeirra fram á vor:**
**REYKJAVÍK: Alla þriðjudaga frá kl.13-15 í Síðumúla 6.**

**AKUREYRI: Annan þriðjudag hvers mánaðar frá kl.18-19 í Greifanum.**

**Kaffi á könnunni!**
**Erum á Grensásdeild og veitum upplýsingar um félagið alla fimmtudaga frá kl.14-16.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA




Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!


## Til sölu




# Alltaf logn á svölunum

**Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit**



Skelin er söluaðili svalarlokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux Gmbh.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófíl. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.

Vandaðir álsólskálar og glerhýsi



SKELIN

Smiðjuvegi 72
200 Kópavogi
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is

SOLARLUX®

# tímamót

timamot@



46 **BALTASAR KORMÁKUR LEIKSTJÓRI** er 46 ára í dag.

*„Við Íslendingar höfum einstæðan hæfileika til að rísa alltaf upp aftur, þrátt fyrir allt sem yfir okkur gengur. Það er líklega eina leiðin, ef maður ætlar að búa á svona lítilli eyju úti í ballarhafi.“*

## Merkisatburðir 27. febrúar

1534 Anabaptistar undir forystu Jans Matthys yfirtaka borgina Münster í Þýskalandi og lýsa yfir stofnun Nýju Jerúsalem.

1700 Eyjan Nýja-Bretland uppgötvuð.

1927 Kolakrani reistur í Reykjavíkurhöfn. Hann er talinn með þeim fullkomnustu af slíkum tækjum á Norðurlöndum.

1928 Togarinn Jón forseti strandar við Stafnes. Fimmtán skipverjar farast en tíu er bjargað.

1941 Togarinn Gullfoss frá Reykjavík ferst með allri áhöfn, 19 manns, út af Snæfellsnesi.

1953 Í Hnífsdal fýkur barnaskólahúsið af grunni í ofviðri og splundrast. Í húsinu eru tveir kennarar og 36 börn og slasast sum barnanna.

1964 Ríkisstjórn Ítalíu biður um aðstoð til að varna því að Skakki turninn falli á hliðina.

1977 Skákeinvígi Boris Spasskí og Vlastimil Hort hefst.

1991 Írak hörfar frá Kúveit og samþykkir vopnahlé sem kallaði á að landið afvopnaðist.

2010 Jarðskjálfti sem mælist 8,8 á Richter skekur Síle. Skjálftaflóðbylgja myndast við skjálftann og dreifist um Kyrrahaf.

**ÞETTA GERÐIST** 27. FEBRÚAR 1933

## *Kveikt í þinghúsinu í Berlín*



Kveikt var í Reichstag, þinghúsinu í Berlín 27. febrúar 1933. Atvikið er talið hafa valdið straumhvörfum í uppgangi nasista í Þýskalandi.

Klukkan 21.25 barst slökkvistöð í Berlín tilkynning um að eldur væri laus í þinghúsinu. Þegar slökkvilið kom á staðinn kom í ljós að eldurinn hafði verið kveiktur í fundarherbergi en hann var þá þegar kominn í aðalsal þingsins sem varð ekki bjargað. Við rannsókn kom í ljós að Marinus van der Lubbe, atvinnulaus steinsmiður og kommúnisti, hafði kveikt í til þess að mótmæla völdum Nasistaflokksins og embættistöku Adolfs Hitler sem kanslara, sem farið hafði fram fjórum vikum fyrr, 30. janúar.

Hitler og Nasistaflokkurinn gripu til harðra aðgerða gegn kommúnistum í kjölfar brunans og létu svipta skráða kommúnista borgaralegum réttindum, þar á meðal þingmenn Kommúnistaflokksins. Í kosningum sem boðað var til með hraði og útilokuðu kommúnistaflokkinn frá þátttöku náði Nasistaflokkurinn hreinum meirihluta og yfirráð þeirra voru tryggð.



*Okkar ástkæra dóttir, systir, mágkona, frænka og vinkona,*

**Ásdís Magnea Ingólfsdóttir, Maddý,**

áður til heimilis að Háagerði 35, Reykjavík,

lést þann 20. febrúar 2012. Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Ólafía Kolbrún Óskardóttir**
**María Petrína Ingólfsdóttir** — **Þ. Rúnar Loftsson**
**Kolbrún Arna Villadsen** — **Ólafur Ragnarsson**
**Ingólfur Freyr Elmers** — **Herdís R. Tómasdóttir**
**Magnea Reinaldsdóttir** — **Stefán Geir Karlsson**
**Þorbjörg Guðjónsdóttir**
**Elísabet Lorange**
**Edith Randý Ásgeirsdóttir**



*Ástkær eiginkona mín, móðir og systir,*

**Hrönn Magnúsdóttir**

Krummahólum 10, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu þriðjudaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 29. febrúar kl. 13.00.

**Gunnar Vagn Aðalsteinsson**
**Kolbrún Rósa**
**Gréta, Eyrún, Áslaug, Sóley, Hreinn, Birna og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigtryggur Guðmundsson**

Hjaltabakka 22, Reykjavík,

sem lést á dvalarheimilinu Grund 17. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. febrúar kl. 15.00.

**Jórunn Thorlacius**
**Helena Sigtryggsdóttir** — **Eiríkur Rósberg**
**Kristín Sigtryggsdóttir** — **Ágúst Lárusson**
**Arnkell Sigtryggsson** — **Tine Nielsen**
**Sigurbjörg Sigtryggsdóttir**
**Brynjar Sigtryggsson** — **Sigþóra O. Sigþórsdóttir**
**Guðmundur Sigtryggsson** — **Anna Magna Bragadóttir**
**Guðrún Sigtryggsdóttir** — **Guðmundur Guðlaugsson**
**Elva Sigtryggsdóttir** — **Þórður Björnsson**
**Óðinn Sigtryggsson** — **Tipsuda Param**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

HÁDEGISFYRIRLESTUR Í GIMLI Á MORGUN: KARLARNIR OG HRUNIÐ

# Hvernig útrásarkarlmennskan varð ráðandi afl í samfélaginu

Fyrirlesturinn byggir á kenningum ástralsks karlafræðings sem heitir Raewyn Connell og hefur fjallað um stigveldi karlmennskunnar,“ segir Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt í kynjafræði, sem ásamt Þorgerði Einarsdóttur prófessor flytur fyrirlestur í Gimli í hádeginu á morgun. Yfirskrift fyrirlestursins er Karlarnir og hrunið: Yfirráð, undirgefni og tilfærsla valds meðal karla.

„Samkvæmt kenningum Connell þá er ein tegund karlmennsku ráðandi í samfélaginu á hverjum tíma,“ heldur Gyða áfram. „Hún bendir á að sú karlmennska sem virðist hafa verið við lýði undanfarið í flestum vestrænum samfélögum sé „transnational business masculinity“ sem við köllum útrásarkarlmennsku. Kenningin er sú að þessi tegund karlmennsku hafi tekið við af karlmennsku stjórnmálanna og orðið ráðandi. Þetta ætlum við að skoða í íslensku samhengi með áherslu á það hvernig þessi tilfærsla valdsins átti sér stað.“

Þær Gyða og Þorgerður byggja niðurstöður sínar á Rannsóknarskýrslu Alþingis sem þær voru fengnar til að kynjagreina. „Það má segja að fyrirlesturinn sé nánari úrvinnsla á þeim niðurstöðum,“ segir Gyða. „Við tökum ýmis dæmi til að rekja tilfærsluna. Þar kemur hugmyndafræði nýfrjálshyggju mjög við sögu. Það athyglisverða sem gerist hér er að hérna eiga þeir sem eru á vettvangi stjórnmálanna þátt í því að afsala sér valdi, hvort sem það er meðvitað eður ei. Við tökum til dæmis dæmi um það að Viðskiptablaðið, DV og Stöð 2 kusu ríkisstjórnina frumkvöðla ársins árið 1998 fyrir það að ætla að einkavæða bankana og fleiri mikilvæg ríkisfyrirtæki. Við getum sagt að þar verði minniháttar straumhvörf sem síðan halda áfram. Svo tökum við önnur dæmi sem sýna hvernig stjórnmálakarlmennirnir eru í hlutverki klappstýranna og baða sig í ljómanum af útrásarvíkingunum.“

Eitt af því sem þær Gyða og Þorgerður ætla að fjalla um er það hvernig þessi tilfærsla valds speglast í orðræðu samtímans. „Þar eigum við við orðræðu nýfrjálshyggjunnar um innsta hringinn og hina karllægu yfirburði. Við vísum meðal annars til þess sem Halldór Ásgrímsson sagði á fundi í Seðlabankanum 2005 um það áræði, kraft og frumkvæði sem búi í íslenskum athafnamönnum. Sama er upp á teningnum hjá Björgvin G. Sigurðssyni árið 2007. Hann segir kraft, kjark og góða þekkingu íslensku útrásarmannanna hafa skilað meiri árangri og hraðari fjárfestingum erlendis en hægt hafi verið að sjá fyrir. „Víkingurinn hefur vakið athygli á alþjóðavísu,“ klykkti hann út með.“

Fyrirlesturinn er liður í fyrirlestraröð sem Mark, Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna, gengst fyrir en fyrirhugað er að bjóða upp á hádegisfyrirlestra alla þriðjudaga í mars og fyrsta þriðjudag í apríl. Fyrirlesturinn á morgun hefst klukkan 12 í stofu 102 og í Gimli. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**KARLAR OG HRUN** Gyða Margrét Pétursdóttir og Þorgerður Einarsdóttir fjalla um tilfærslu valds í aðdraganda hrunsins í Gimli á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**fridrikab@frettabladid.is**



Frá vinstri: Laila Sæunn Pétursdóttir markaðs- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélagsins, Herborg Harpa Ingvarsdóttir og Þórunn Hannesdóttir hjá FærID og Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri Krabbameinsfélagsins.

## Styrkja Krabbameinsfélagið

Hönnunarfyrirtækið FærID afhenti Krabbameinsfélaginu nýlega framlag vegna sölu á Gott fyrir gott slaufunammi til stuðnings Bleiku slaufunni. Verkefnið hófst haustið 2010. Gott fyrir gott var selt um land allt og var allur ágóði til styrktar Krabbameinsfélaginu.

Það eru Herborg Harpa Ingvarsdóttir og Þórunn Hannesdóttir sem standa að baki verkefninu og var markmið þeirra að víkka markhóp bleiku slaufunnar og vinna hugmynd þar sem Bleika slaufan væri fyrir alla. Þær afhentu nýverið Krabbameinsfélaginu framlag að upphæð ein milljón króna.

## Efla samstöðu syngjandi kvenna

Söngbúðir fyrir konur sem elska að syngja verða settar upp í Hjálmakletti í Borgarnesi helgina 3. til 4. mars. Þar munu þátttakendur læra og æfa söng undir stjórn Kristjönu Stefánsdóttur djasssöngkonu. Sönghelgin er framtak Freyjukórsins, kvennakórs í Borgarfirðinum sem hin ungverska Zsuzanna Budai leiðir. Kórinn býður öllum konum í landshlutanum, sem áhuga hafa, að taka þátt, hvort sem þær eru í kór eða ekki.

Eins og að framan greinir mun Kristjana Stefáns leiðbeina hópnum enda er tilgangur framtaksins meðal annars að kynnast djassinum og dýpka og breikka sviðið. Stjórnandi Freyjukórsins er frá Ungverjalandi.

Afraksturinn af sönghelginni á að verða fernir tónleikar sem haldnir verða í Borgarnesi, sönghelgina, á Akranesi, Snæfellsnesi og í Reykjavík. Markmiðið er að efla tónlistarlíf, fjölbreytileika og samstöðu syngjandi kvenna. - gun

# LEIÐ AÐ HRUNI

## EFTIRLITIÐ VAR SÍFELLT AUKIÐ

### EFTIRLIT MEÐ VIÐSKIPTALÍFINU:




Kostnaður við Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið, Neytendastofu, Viðskiptaráðuneytið og Talsmann neytenda.
Lóðrétti ásinn hefst við 500 milljónir króna. Heimild: fjarlog.is.

Sagt er að á árunum fyrir fjármálakreppu Vesturlanda hafi „frjálshyggja“ farið um íslenskt þjóðfélag sem eldur í sinu.

**STAÐREYNDIRNAR ERU HINS VEGAR ÞESSAR:**

- Hið opinbera var umsvifameira en fyrr.
- Ríkið hafði aldrei sett jafn mörg lög og reglur.
- Ríkið hafði aldrei rekið jafn fjölmennar og dýrar eftirlitsstofnanir.

Andríki
www.andriki.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6.** í röð, **8.** for, **9.** keyra, **11.** gelt, **12.** mæling, **14.** hæ, **16.** nafnorð, **17.** umrót, **18.** sprækur, **20.** tónlistarmaður, **21.** framkvæma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþróttafélag, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** knæpa, **7.** hvasst horn, **10.** sóða, **13.** hár, **15.** vilja, **16.** andmæli, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. ómak, 6. rs, 8. aur, 9. aka, 11. gá, 12. mátun, 14. halló, 16. no, 17. los, 18. ern, 20. kk, 21. inna.
**LÓÐRÉTT:** 1. fram, 3. ma, 4. augnlok, 5. krá, 7. skáhorn, 10. ata, 13. ull, 15. óska, 16. nei, 19. nn.






# Sveindómssaga þaggar í þeim gamla

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Á leiðinni frá Priego til háskólans í Kordóbu kem ég venjulega við í þorpinu Cabra og tek þar upp í ungan mann sem einnig stundar nám við skólann. Með þessu móti má spara drjúgan bensíneyri og svo gefst þarna gamla Bílddælingnum tækifæri til að segja ungum spanjóla sögur að vestan. Hann er reyndar um tvítugt en hefur aldrei á sinni lífsfæddri ævi heyrt af fólki eins og Ödda, Hannesi, Áka eða Agnari.



**ÞARNA** gafst líka tækifæri til að segja gamlar prakkarasögur af okkur Loga en uppátækin sem við vinirnir viðhöfðum eru eins og teknar úr Grimmsævintýrum fyrir Spánverjann. Svo náttúrlega hef ég sagt honum einstaka kvennasögu og ráðið honum heilt í þeim efnum. Hann hlustaði venjulega á en lagði fátt til.

**SVO VAR** það í síðustu viku að stráksi taldi röðina loks komna að sér og mælti: „Ég var 16 ára þegar ég missti sveindóminn, Jón. Það var nú aldeilis. Ég var í útilegu og tækifærið gafst snemma morguns inni í tjaldi. Það er heitt inni í tjaldi á spænskum sumrum Jón, það get ég sagt þér.“ Ég spurði í föðurlegum tón hvort þetta hafi ekki verið hinn besta reynsla, það sé nefnilega alltaf gott að fyrsta skiptið sé með ágætum. „Jú, segir hann nema hvað, þegar þetta var afstaðið þá stóð ég uppi með smokkinn og spurði sjálfan mig, hvað gerir maður nú við þetta?

**ÉG ÁKVAÐ** því að fara út og reyna að koma þessu fyrir kattarnef. Þegar ég er kominn bak við runna nokkurn hleyp ég hinsvegar í fasið á vinahóp mínum, nýkomnum úr morgungöngu. „Á hvaða ráfi ert þú?“ spyr einn vinur minn en auk vina minna voru þarna vinkonur hennar. Mér varð bylt við svo höndin snérist á úlnliðnum og litli saurlífspokinn flaug aftur fyrir mig. Allt gerðist svo hratt að enginn gat séð hvað ég hafði haft milli fingra mér. „Hjúkk,“ hugsaði ég og bar mig síðan eins mannalega og aðstæður buðu upp á. Þau voru öll samt ósköp sposk á svip sem mér þótti nokkuð óþægilegt. Svo tók ég eftir því að þeim var starsýnt á eitthvað sem var fyrir aftan mig. Loks varð ég forvitinn svo ég leit við og sá þá að smokka skrattinn hékk þar á girðingu.“

**ÉG SEM** ætlaði að fara að segja Djákninn á Myrká ákvað nú bara að þegja.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# menning

menning@frettabladid.is



**HÁDEGISTÓNLEIKAR** verða í Hafnarfjarðarkirkju á morgun frá klukkan 12.15 til 12.45. Kári Þormar, dómorganisti í Reykjavík, leikur fjölbreytta efnisskrá á bæði orgel kirkjunnar. Aðgangur er ókeypis.



**AFKASTAMIKILL** Ljósmyndaferill Hjálmars R. Bárðarsonar spannaði tæp áttatíu ár. MYND/EINAR ÓLASON

## Fjallar um ljósmyndir Hjálmars

Ágústa Kristófersdóttir, fagstjóri sýninga við Þjóðminjasafn Íslands, fjallar um Hjálmar R. Bárðarson ljósmyndara og sýningu á svarthvítum ljósmyndum hans, sem nú stendur yfir í safninu, á hádegisfyrirlestri í Þjóðminjasafninu á morgun.

Fyrirlesturinn er hluti af röðinni „Fræðslufyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands“.

Hjálmar R. Bárðarson, fyrrverandi siglingamálastjóri, var afkastamikill áhugaljósmyndari og gaf út fjölda bóka með myndum af landi og þjóð, en ljósmyndaferill hans spannaði tæp áttatíu ár. Hann lést árið 2009. Á sýningunni Hjálmar R. Bárðarson í svarthvítu getur að líta svarthvítar myndir úr safni hans, bæði landslagsmyndir og listrænar myndir.

Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að fjölbreytilegum viðfangsefnum Hjálmars og sýn hans á bæði hversdagslegt og frumlegt myndefni skoðuð. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.05. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

# ÉG VAR SPURÐ HVORT MÉR VÆRI NOKKUÐ ILLA VIÐ VATN

**Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópransöngkona hefur fengið hlutverk í nútímaóperunni Jakob Lenz eftir Wolfgang Rihm sem sýnd verður á vordögum í bresku þjóðaróperunni.**

„Ég túlka eina af röddunum í höfði Jakobs Lenz,“ segir Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópransöngkona sem er á förum til London að syngja við English National Opera. Verkið heitir Jakob Lenz og fjallar að sögn Sigríðar Óskar á sannsögulegan hátt um skáld sem þjáist af geðrænum vandamálum. „Níu söngvarar koma þar fram, þrír þeirra í stórum karlhlutverkum en blandaður hópur sex einsöngvara fylgir skáldinu Jakobi Lenz í gegnum alla sýninguna og túlka hugsanir þess,“ lýsir hún.

English National Opera er annað af tveimur stærstu óperuhúsunum í Englandi. Allt sem þar er sett upp er flutt á ensku og Sigríður Ósk segir flesta söngvara við óperuna hafa ensku að móðurmáli. „Prufa sem ég fór í gekk út á leik, söng og dans og þegar mér var boðið að taka þátt í sýningunni var ég spurð hvort mér væri nokkuð illa við vatn svo það verður spennandi að sjá hvernig uppsetningin verður,“ segir hún brosandi.

Hljómsveitarstjóri óperunnar Jakob Lenz heitir Alexander Ingram að sögn Sigríðar Óskar og leikstjórinn er Sam Brown sem vann nýverið evrópsku óperuleikstjóraverðlaunin. „Í framhaldi af því er slegist um að fá hann í óperuhúsin í Evrópu,“ segir hún.

Sigríður Ósk er uppalin í vesturbænum í Reykjavík og kveðst hafa vanist því í uppvextinum að fólk taki lagið þegar það kemur saman. Hún lauk bæði kennaraprófi í píanóleik og áttunda stigi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og hélt síðan til London í söngnám við Royal College of Music. Þar var hún önnur af tveimur messósópränum sem komust inn í óperudeildina á þeirri önn því einungis tveir eru teknir inn í hverri rödd hverju sinni. Hún útskrifaðist úr óperudeildinni vorið 2008 með Diploma og söng með Glyndebourne-óperukórnum sumarið 2008. Vorið 2009 lauk hún námi með meistaragráðu í tónlist frá Royal College of Music og hefur síðan haldið tónleika bæði hér á landi og erlendis. Þá söng hún í Töfraflautunni í Íslensku óperunni í haust, þar sem hún var hirðmey ásamt Auði Gunnarsdóttur og Huldu Björk Garðarsdóttur.

Sigríður Ósk heldur til London nú í mánuðinum því æfingar hefjast á óperunni Jakob Lenz í byrjun mars og frumsýning er 17. apríl. Hún heldur líka ljóðatónleika í London 4. mars og flytur þar norræn sönglög.

gun@frettabladid.is



**SIGRÍÐUR ÓSK** „Ég syng eina af röddunum í höfði Jakobs Lenz,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


HÁDEGISMÁLÞING

Gengistryggingardómar Hæstaréttar

Háskólinn á Bifröst, Hverfisgötu 4-6, 5. hæð
Þriðjudagurinn 28. febrúar kl. 12:00 - 13:30



**Einar Karl Hallvarðsson** er cand. jur., ríkislögmaður og dósent við lögfræðisvið Háskólans á Bifröst. Einar rýnir í hæstaréttardóma á sviði gengistryggingarlánamála út frá reglum dómstólaréttarfars, einkum út frá kröfugerðum aðila. Hann fjallar um hvernig málin voru lögð fyrir dómstóla og á hvern hátt var eða getur verið vandasamt að draga af þeim ályktanir.



**Ingibjörg Ingvadóttir** er cand. jur., héraðsdómslögmaður og lektor við lögfræðisvið Háskólans á Bifröst. Ingibjörg skoðar dómana í ljósi almennrar lögfræði, beinir sjónum að því sem nefna mætti lagasniðgöngu og leitar hliðstæðna í gamalþekktri skattasniðgöngu.



**Ragnar H. Hall** er hæstaréttarlögmaður og flutti mál Sigurðar H. Sigurðssonar og Mariu E. M. Pinedo gegn Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Ragnar fjallar um þau álitaefni sem leyst hefur verið úr í þeim tveimur málum sem skorið var úr um í Hæstaréttardómum 14. febrúar 2011 og 15. febrúar sl.

*Að venju verður boðið upp á kaffi, smákökur og umræður.*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Hádegismálþing Háskólans á Bifröst,
Hverfisgötu 4-6, 5. hæð, nk. þriðjudag,
28. febrúar kl. 12:00 - 13:30

www.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY


Bækur ★★☆☆☆

**Baldursbrár**
Kristina Ohlsson

**Þýðing:** Jón Daníelsson

JPV-útgáfa

## Það er vont bara fyrst, síðan versnar það stöðugt …

Sakamálasagan Baldursbrár fer vel af stað. Prestur sem hefur stutt innflytjendur í Svíþjóð í baráttunni fyrir betri meðferð finnst skotinn ásamt konu sinni. Rannsókn lögreglu beinist vitaskuld að ólöglegum innflutningi flóttmanna og þeim sem fyrir honum standa. Tæpt er á ýmsu sem betur má fara í aðbúnaði ólöglegra innflytjenda, glæpastarfsemi sem þeim tengist og fleiri athyglisverðum málum sem hrjá sænskt samfélag.




Sagan heldur athyglinni ágætlega og er spennandi lesning fyrstu hundrað síðurnar eða svo en eftir það syrtir sífellt meira í lestrarálinn. Plottið verður fáránlegra og ótrúverðugara með hverri síðunni, persónurnar flatari og hörmungarnar, sem hinir fjórir meðlimir lögregluteymisins, sem rannskar málið verða fyrir, keyra um þverbak. Var ekki nóg að hafa annað hvort krabbamein eða bílslys í fjögurra manna hópi á nokkrum dögum? Þurfti að nota hvort tveggja til að keyra upp dramatíkina?

Persónur lögreglumannanna fjögurra eru annars vel skrifaðar og sympatískar persónur sem auðvelt er að láta sér líka við, sem er algjör frumforsenda þess að svona sögur virki. Hér dugar það bara ekki til þar sem atburðarásin rambar á mörkum fáránleikans og það sem verra er; lesandinn er búinn að sjá í gegnum plottið í miðri sögu. Slíkt eyðileggur alla ánægju af lestri spennusagna eins og allir vita.

Sagan rokkar á milli Stokkhólms og Bangkok og er sögð út frá sjónarhóli mismunandi persóna sem er mikill kostur og eykur breidd hennar til muna. Ohlsson skrifar ágætan texta og verður eflaust fínn krimmahöfundur þegar hún lærir að hemja dramtíkina.

Þýðing Jóns Daníelssonar er undarleg. Rennur fínt og er á eðlilegu máli á köflum en svo koma aðrir kaflar þar sem textinn verður stirður og óþjáll. Sænskan skín oft í gegn og sænskur talsmáti er yfirgnæfandi. Maður segir til dæmis ekki: „Allt gott?“ þegar maður innir fólk frétta á íslensku. „Allt väl?“ segja Svíarnir en Íslendingar segja. „Er ekki allt gott að frétta?“ svo lítið dæmi sé tekið.

Í heild veldur bókin vonbrigðum eftir ágætis byrjun og efni sem hægt hefði verið að gera svo miklu meira úr.

Friðrika Benónýsdóttir

**Niðurstaða:** Brokkgeng sakamálasaga, byrjar vel en leiðist út í vitleysu þegar á líður.

**RULE N°6:**
**ICONS GET STRONGER WITH TIME.**




TUDOR HERITAGE CHRONO
Self-winding mechanical movement
Bidirectional rotatable steel bezel
Sapphire crystal, screw-down crown
Waterproof to 150 m, steel case 42 mm

tudorwatch.com

TUDOR
WATCH YOUR STYLE

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

SAMBÍÓIN 3D SAMbio.is




BÍÓKORTIÐ
kynntu þér málið á www.SAMbio.is

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 - 8 | 2D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:20 | 2D | 10 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2:THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | L |
| HAYWIRE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 10 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 2D | 12 |
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali | kl. 5:40 | 2D | 16 |
| EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |
| WAR HORSE | kl. 5 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 8 | 3D | 7 |
| GHOST RIDER 2 Ótextuð | kl. 10:10 | 3D | 12 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JOURNEY 2 3D | 6, 8 |
| SAFE HOUSE | 8, 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 6 - ISL TAL |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR) | | |
|---|---|---|
| HAYWIRE | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| HAYWIRE LÚXUS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| CHRONICLE | KL. 4 - 6 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 | L |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 2 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10 | 12 |
| HAYWIRE | KL. 8 - 10 | 16 |
| THIS MEANS WAR | KL.6 | 14 |
| GLÆPUR OG SAMVISKA | KL.5.45 | |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio




**HRESSAR** Elísabet Hrund, Guðbjörg og Guðfinna Helgadóttir mættu á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# AUGLÝSINGAFÓLK FAGNAR

**Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin, voru afhent í Hörpu á dögunum. Auglýsingastofurnar Jónsson og Le´macks, Ennemm og Fíton hlutu flest verðlaun eða þrjá lúðra hver. Næstar komu auglýsingastofurnar Hvíta húsið, Íslenska og E&Co með tvenn verðlaun hver. H:N markaðssamkipti og Saga Events hlutu einn lúður hvor. Mikið var um dýrðir og ljósmyndari Fréttablaðsins leit við.**



**HRESSARI** Ólafur Stephensen og Hákon Ágústsson voru með hressari mönnum.



**MÆTTAR** María Rún og Gyða Hlín áttu erindi á hátíð ÍMARK.



**FJÖR** Sævar, Árni Valdi og Andri stilltu sér upp.



**GÓÐIR** Baldvin Jónsson og Sveinn Waage sögðu brandara.



**HRESSASTAR** Ósk Heiða Sveinsdóttir og Katrín Eva Björgvinsdóttir voru eflaust hressastar.



**GLEÐI** Rúna Dögg, Berglind og Linda virtust skemmta sér vel.


BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**MÁNUDAGUR:** **THE AWAKENING 18:00, 20:00** ■ **THE SKIN I LIVE IN 20:00, 22:15** ■ THE DESCENDANTS 17:45, 22:00 ■ A DANGEROUS METHOD 20:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00, 22:00 ■ ELDFJALL 20:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ BORGRÍKI 22:00

ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



# Átti tvo vini í skóla



MEÐ LÍTIÐ SJÁLFSTRAUST Selena Gomez var aldrei vinsæl á skólaárum sínum.

Hin 19 ára gamla söng- og leikkona Selena Gomez virðist svo sannarlega hafa lagt heiminn að fótum sér.

Ekki nóg með að hún sé falleg, klár, hæfileikarík og að því er virðist, fullkomin, heldur er hún líka kærastan hans Justins Bieber. Hún segist þó aldrei hafa verið vinsæl í skóla og ekki hafa haft mikið sjálfstraust.

„Ég átti tvo vini á skólaárunum. Ég sat alltaf aftast í kennslustofunni og einbeitti mér bara að náminu," sagði Gomez í nýlegu viðtali. Hún segir að sér hafi þó aldrei verið strítt eða lögð í einelti, en hún þakkar það frænku sinni sem var mjög vinsæl í skólanum og ein af aðal klappstýrunum.

Áður en Selena byrjaði með Justin Bieber var hún heldur ekki svo heppin í ástum. Hún segir í viðtalinu að hún hafi orðið skotin í einum strák þegar hún var í skóla en þar sem hún hafði ekki kjark í að tala við hann brá hún á það ráð að forðast hann eins og heitan eldinn.

Eflaust sjá margir skólafélaga Selenu eftir því í dag að hafa ekki vingast við hana á meðan þeir höfðu tækifæri til.

# Betri þrívídd en í Avatar



**Benedict Wong, sem leikur Ravel í spennumyndinni Prometheus, er mjög spenntur fyrir útkomunni. „Ef þú varst hrifinn af þrívíddinni í Avatar þá verðurðu enn hrifnari af þrívíddinni í þessari mynd. Hún er í sérflokki," sagði Wong. „Þeir notuðu RED-myndavélar og tæknimennirnir voru mjög spenntir fyrir þeim."**

**Wong er einnig ánægður með geimskipið sem hann flýgur í Prometheus en myndin var að hluta til tekin upp hér á landi í fyrra. Hún verður frumsýnd í sumar í leikstjórn Ridleys Scott.**

ÁNÆGÐUR Benedict Wong er ánægður með þrívíddina í Prometheus.

# Hreinræktuð hasarmynd

Bíó ★★★★☆

**Haywire**

Leikstjórn: Steven Soderbergh

**Leikarar:** Gina Carano, Michael Fassbender, Ewan McGregor, Bill Paxton, Channing Tatum, Antonio Banderas, Michael Douglas



BARDAGALISTAKONA Gina Carano fer mikinn í mögnuðum bardagasenum í Haywire.

Hin grjótharða Mallory Kane lendir í blóðugum átökum á kaffihúsi en nær að yfirbuga árásarmanninn. Hún flýr af vettvangi með viðskiptavini kaffihússins sem hafði komið henni til aðstoðar í slagsmálunum, tekur bifreið hans tímabundnu eignarnámi, og segir honum alla sólarsöguna á bak við það sem gerðist. Hún starfar hjá leynilegu fyrirtæki sem tekur að sér alls konar pólitísk skítadjobb fyrir yfirvöld, en nú vill spilltur yfirmaður hana feiga og hefur fjölmarga útsendara á sínum vegum sem Kane þarf að kljást við.

Haywire er fyrsta hreinræktaða hasarmynd leikstjórans Stevens Soderbergh, en hann hefur lengi átt það til að hoppa á milli kvikmyndategunda eins og ekkert sé. Hasarinn fer honum vel og útkoman er þrælspennandi og ofsafengin. Slagsmálasenurnar eru magnaðar enda er aðalleikkonan, Gina Carano, mikil bardagalistakona og hefur oftast betur gegn misfærum ofbeldismönnum. Soderbergh kvikmyndar sjálf slagsmálin í stað þess að púsla þeim saman eftir á með leifturklippingu. Fyrir vikið verða atriðin því bæði trúverðugri og tilkomumeiri.

Sagan er einföld og í sjálfu sér lítið merkileg. Carano er sæmileg leikkona og það sem upp á vantar bætir hún fyrir með sjarma sínum og fimi. Til allrar hamingju upphefur myndin þessa kosti hennar í stað þess að fara ódýru og algengu leiðina, þar sem kvenkyns harðhausar eru aðlagaðir kynórum óreyndra unglingspilta. Hún fær samt alveg að vera töffari, og lítur út fyrir að geta tekið gamla sleða á borð við Jean-Claude Van Damme í bóndabeygju. Aðrir leikarar skila sínu og sérstaklega hafði ég gaman af Bill gamla Paxton í hlutverki föður aðalpersónunnar.

Hasarmyndin virðist eftir allt saman enn eiga sér viðreisnar von. Það er óskandi að Soderbergh finni sig frekar í þessu en að segja alfarið skilið við kvikmyndagerð, eins og hann hefur sagst ætla að gera. Það væri mikil synd.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Haywire er vissulega formúlumynd en framsetningin lyftir henni upp fyrir meðalmennskuna.




Apótekið er nú einnig í Garðabæ

VELKOMIN Í LÆGRA LYFJAVERÐ Á GARÐATORGI

Spennandi opnunartilboð!

Apótekið – einfalt og ódýrt

Apótekið Garðatorgi • Sími 565 1321 • Opið: Mánudaga - föstudaga 9-18 og laugardaga 11-16

DYNAMO REYKJAVÍK

# sport

sport@frettabladid.is



**TRAUSTI STEFÁNSSON** hafnaði í þriðja sæti í 400 metra hlaupi á danska meistaramótinu í frjálsum íþróttum innanhúss í gær. Trausti, sem hleypur fyrir FH, hljóp á 48,27 sekúndum en Íslandsmet hans innanhúss er 48,05 sekúndur.

## ÚRSLIT

*Eimskipsbikar kvenna*

**ÍBV - Valur 18-27 (6-13)**
**Mörk ÍBV:** Ivana Mladenovic 6, Marijana Trbojevic 5, Ester Óskarsdóttir 2, Georgeta Grigore 2, Drífa Þorvaldsdóttir 1, Aníta Elíasdóttir 1, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 1,
**Varin skot:** Florentina Stanciu 19/1
**Mörk Vals:** Kristín Guðmundsdóttir 6/1, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5, Karólína Bærhenz Lárudóttir 4, Þorgerður Anna Atladóttir 4, Dagný Skúladóttir 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 2, Ágústa Edda Björnsdóttir 1,
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsd. 14/2

**Fram - Haukar 23-31 (11-17)**
**Mörk Fram:** Jóhann Gunnar Einarsson 5, Einar Rafn Eiðsson 5/4, Stefán Baldvin Stefánsson 4, Arnar Birkir Hálfdánsson 2, Ægir Hrafn Jónsson 2, Sigurður Eggertsson 2, Sigfús Páll Sigfússon 1, Jóhann Karl Reynisson 1, Róbert Aron Hostert 1
**Varin skot:** Sebastian Alexandersson 7, Magnús Erlendsson 6.
**Mörk Hauka:** Sveinn Þorgeirsson 8, Stefán Rafn Sigurmannsson 8, Freyr Brynjarsson 4, Heimir Óli Heimisson 3, Tjörvi Þorgeirsson 3, Gylfi Gylfason 2/1, Árni Steinn Steinþórsson 1, Þórður Rafn Guðmundsson 1/1, Nemanja Malovic 1.
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 18/2.



**FÓR Á KOSTUM** Guðjón Valur setti átta mörk gegn Kiel. MYND/AG

Meistaradeildin í handbolta:

## Gott gengi hjá Íslendingunum

**HANDBOLTI** Kiel tryggði sér sigurinn í D-riðli Meistaradeildarinnar þegar riðlakeppninni lauk í gær með því að ná jafntefli gegn AG frá Kaupmannahöfn í Danmörku 24-24.

Leikurinn var jafn frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu og aldrei munaði meira en tveimur mörkum á liðunum.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta mörk fyrir AG og Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson tvö mörk hvor. Aron Pálmarsson skoraði eitt mark fyrir Kiel.

Tvö önnur Íslendingalið tryggðu sér sæti í 16 liða úrslitum keppninnar um helgina. Þórir Ólafsson og félagar í pólska liðinu í Vive Targi Kielce höfnuðu í þriðja sæti B-riðils eftir 26-26 jafntefli gegn Chekhovskie Medvedi sem sat eftir með sárt ennið því Füchse Berlin náði fjórða sætinu með því að leggja danska liðið Bjerringbro-Silkeborg 28-27 í háspennuleik.

Kiel gæti mætt Füchse Berlin í 16 liða úrslitum því liðin í efsta sæti mæta liði sem hafnaði í fjórða sæti en lið sem voru saman í riðla geta ekki mæst. Dregið verður á þriðjudaginn. **- gmi**


SUPERSUB
2 fyrir 1
Lambakjöt og bernaise í febrúar.

Nýbýlavegi 32 • www.supersub.is


# Yfirburðir Vals og Hauka algjörir

**Valur varð bikarmeistari í handknattleik kvenna eftir auðveldan sigur á Eyjakonum. Haukar höfðu ekki síður yfirburði þegar þeir lögðu Framara af velli. Séra Friðrik Friðriksson heitinn, upphafsmaður KFUM og KFUK hér landi, hefði verið stoltur af félögunum sem hann átti þátt í að stofna snemma á síðustu öld.**

**HANDBOLTI** Haukar og Valur stóðu uppi sem sigurvegarar í úrslitum Eimskipsbikarkeppninnar á laugardag. Haukar sigruðu Fram 31-23 í karlaflokki og Valur rúllaði yfir ÍBV 27-18.

### Langþráð hjá Valskonum

ÍBV skoraði tvö fyrstu mörkin og virtist ætla að veita Val einhverja keppni en svo var ekki. Valur skoraði átta mörk í röð og gerði í raun út um leikinn. Mestu munaði um frábæra framliggjandi vörn liðsins og góða markvörslu Guðnýjar Jennýjar Ásmundsdóttur.

Valur var sjö mörkum yfir í hálfleik 13-6 og var munurinn kominn í níu mörk þegar sjö mínútur voru liðnar í seinni hálfleik. Þrátt fyrir ágæta baráttu um miðbik seinni hálfleiks átti ÍBV aldrei möguleika á að komast inn í leikinn.

Valur fagnaði langþráðum bikarmeistaratitli í leikslok en liðið hafði tapað tveimur síðustu úrslitaleikjum bikarsins gegn Fram og ekki unnið hann frá árinu 2000. Liðið er nú handhafi allra titla sem leikið er um hjá HSÍ.

„Við vorum ennþá ákveðnari í að vinna þennan leik eftir að hafa tapað síðustu tvö ár. Við vorum ekki að fara að grenja hérna þriðja árið í röð,“ sagði Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, fyrirliði Vals, í leikslok.

### Enn sigrar Aron

Spennan í karlaflokki var litlu meiri en í kvennaflokki. Haukar náðu fljótt yfirhöndinni í leiknum. Liðið skoraði tvö fyrstu mörk leiksins og voru fjórum til fimm mörkum yfir lengst af fyrri hálfleik.

Fram fékk tækifæri til að minnka muninn í tvö mörk þegar sjö mínútur voru til hálfleiks en þá varði Aron Rafn vítakast Einars Rafns og Haukar gengu á lagið og náðu sex marka forystu fyrir hálfleik 17-11.

Haukar skoruðu tvö fyrstu mörk seinni hálfleiks og var munurinn á liðunum í seinni hálfleik aldrei minni en sjö mörk.

Hvergi var veikan blett að finna á liði Hauka í leiknum. Vörnin var frábær, markvarslan góð og sóknarleikurinn líka. Liðið fékk mörg mörk utan af velli en vörn og markverðir Fram náðu sér aldrei á strik auk þess sem sóknarleikurinn gekk erfiðlega gegn öflugri vörn Hauka.

Haukar undir stjórn Arons Kristjánssonar hafa nú unnið báða titlana sem leikið hefur verið um á tímabilinu en liðið varð deildarbikarmeistari fyrir áramót. Aron tók við liðinu á ný í sumar eftir að hafa reynt fyrir sér í Þýskalandi á síðustu leiktíð en árið áður hafði hann stýrt Haukum til sigurs í öllum keppnum HSÍ.

„Við höfum komið þægilega á óvart með góðri vörn, markvörslu og góðri liðsheild. Strákarnir sýndu í dag að þeir eru tilbúnir að vera sigurvegarar í Haukunum og þetta blasir við þeim að stíga eitt skref í einu. Nú er líka próf fyrir þá að halda áfram í deildinni,“ sagði Aron um velgengnina í vetur.

Haukar eru nú næstsigursælasta lið bikarkeppni HSÍ með sex titla líkt og Víkingur. Aðeins Valur með 8 bikarmeistaratitla hefur unnið keppnina oftar. **- gmi**



**RAUÐIR OG GLAÐIR** Leikmenn Hauka tóku sig vel út með stuðningsmönnum sínum í Laugardalshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BIKARNUM FAGNAÐ** Hrafnhildur Skúladóttir og Kristín Guðmundsdóttir fóru fyrir Valskonum þegar þær hlupu sigurhringinn með bikarinn.

Sigurganga Gunnars Nelson í blönduðum bardagalistum hélt áfram í Dublin á laugardagskvöld:

# Gunnar kláraði Betenko í fyrstu lotu

**MMA** Það tók Gunnar Nelson aðeins fjórar og hálfa mínútu að sigra Alexander Butenko í blönduðum bardagalistum í Dublin á laugardagskvöld. Eftir nokkur vel valin spörk og högg afgreiddi Gunnar Úkraínumanninn með armlás.

„Bardaginn fór á mína vegu frá byrjun og hann komst ekkert áleiðis. Það var einhvern veginn ekkert sem gekk ekki upp. Ekki að það hafi ekki verið átök,“ sagði Gunnar í sérlega afslöppuðu spjalli við Fréttablaðið.

Gunnar sagðist ekki hafa verið með ákveðið leikplan. Það henti honum ekki.

„Ég reyni frekar að bregðast við því sem gerist. Maður veit aldrei almennilega hvað gerist. Maður þarf að finna fyrir orkunni hjá andstæðingnum og erfitt að vera með leikplan fyrir það. Ég horfi samt á líkamsgerðina og sé fyrir mér stöður sem ég get náð andstæðingnum í og haldið honum,“ sagði Gunnar sem hafði þó horft á myndbönd af Butenko.

Gunnar náði góðum spörkum í Butenko strax í upphafi sem virtust koma Úkraínumanninum úr jafnvægi.

„Hann var fljótur að stífna upp og þá verða allar hreyfingar svo augljósar. Þá gengur ekkert upp hjá honum, hann þreytist fljótt og missir allan vilja,“ sagði Gunnar sem tók því rólega eftir bardagann.

„Við fengum okkur nokkra Guinness á kránni en fórum svo bara upp á hótel að sofa.“

Gunnar hefur unnið alla níu bardaga sína í blönduðum bardagalistum og óskar eftir sterkari andstæðingum.

„Það er enginn sérstakur sem ég vil kljást við, bara einhver áhugaverður,“ segir Gunnar sem segir marga góða bardagamenn til dæmis að finna í UFC bardagaíþróttinni.

„Svo eru mjög góðir menn hér og þar. Það eru alltaf strákar að koma upp eins og Butenko sem var talinn mikið efni. Það leynast mjög góðir gæjar úti um allt og maður veit ekki hvernig maður stendur gagnvart þeim fyrr en maður mætir þeim.“

Gunnar hefur áhuga á að reyna fyrir sér í UFC-bardaga og vonast til að fá boð áður en langt um líður.

„Það eru margir sem vilja komast að þar svo þeir geta valið úr,“ segir Gunnar. Engir bardagar eru komnir á dagatalið hjá Gunnari og fram undan eru áframhaldandi æfingar hér á landi. **- ktd**



**MEÐ HANSKANN Á LOFTI** Gunnar Nelson náði strax góðri stöðu gegn Butenko sem átti aldrei möguleika í Íslendinginn. MYND/PÁLL BERGMANN




# Umm ... beikonbragð!

***Kartöflugratín með beikoni*** *er fljótlegt og auðvelt í matreiðslu. Þú rífur einfaldlega plastfilmuna af bakkanum, stráir osti yfir og það tekur aðeins 20 mínútur að hita kartöflugratínið í ofni. Auðveldara getur það ekki verið!*

***Kartöflugratín - alltaf ljúffengt***

Þykkvabæjar

*– íslensk gæði eftir þínum smekk!*

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| **Arsenal - Tottenham** | **5-2** |
| 0-1 Louis Saha (4.), 0-2 Emmanuel Adebayor, víti (34.), 1-2 Bacary Sagna (40.), 2-2 Robin van Persie (42.), 3-2 Tomas Rosicky (51.), 4-2 Theo Walcott (65.), 5-2 Theo Walcott (68.) | |
| **Norwich - Manchester United** | **1-2** |
| 0-1 Paul Scholes (7.), 1-1 Grant Holt (84.), 1-2 Ryan Giggs (92.) | |
| **Manchester City - Blackburn** | **3-0** |
| 1-0 Mario Balotelli (30.), 2-0 Sergio Aguero (52.), 3-0 Edin Dzeko (81.) | |
| **Chelsea - Bolton** | **3-0** |
| 1-0 David Luiz (48.), 2-0 Didier Drogba (61.), 3-0 Frank Lampard (79.) Grétar Rafn Steinsson var í liði Bolton. | |
| **QPR - Fulham** | **0-1** |
| 0-1 Pavel Pogrebnyak (7.) Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópi QPR. | |
| **Newcastle - Wolves** | **2-2** |
| 1-0 Papiss Demba Cisse (6.), 2-0 Jonas Gutiérrez (18.), 2-1 Matt Jarvis (50.), 2-2 Kevin Doyle (66.) | |
| **West Brom - Sunderland** | **4-0** |
| 1-0 Peter Odemwingie (3.), 2-0 James Morrison (41.), 3-0 Peter Odemwingie (48.), 4-0 Keith Andrews (90.) | |
| **Stoke - Swansea** | **2-0** |
| 1-0 Matthew Upson (25.), 2-0 Peter Crouch (39.) | |
| **Wigan - Aston Villa** | **0-0** |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man.City** | **26** | **20** | **3** | **3** | **48** | **63** |
| Man.Utd. | 26 | 19 | 4 | 3 | 37 | 61 |
| **Tottenham** | **26** | **16** | **5** | **5** | **21** | **53** |
| Arsenal | 26 | 14 | 4 | 8 | 16 | 46 |
| **Chelsea** | **26** | **13** | **7** | **6** | **16** | **46** |
| Newcastle | 26 | 12 | 7 | 7 | 0 | 43 |
| **Liverpool** | **25** | **10** | **9** | **6** | **6** | **39** |
| Norwich | 26 | 9 | 8 | 9 | -5 | 35 |
| **Sunderland** | **26** | **9** | **6** | **11** | **4** | **33** |
| Everton | 25 | 9 | 6 | 10 | -1 | 33 |
| **Fulham** | **26** | **8** | **9** | **9** | **-4** | **33** |
| Stoke | 26 | 9 | 6 | 11 | -12 | 33 |
| **W.B.A.** | **26** | **9** | **5** | **12** | **-2** | **32** |
| Swansea | 26 | 7 | 9 | 10 | -6 | 30 |
| **Aston Villa** | **26** | **6** | **11** | **9** | **-5** | **29** |
| Wolves | 26 | 5 | 7 | 14 | -21 | 22 |
| **Q.P.R.** | **26** | **5** | **6** | **15** | **-18** | **21** |
| Blackburn | 26 | 5 | 6 | 15 | -22 | 21 |
| **Bolton** | **26** | **6** | **2** | **18** | **-25** | **20** |
| Wigan | 26 | 4 | 8 | 14 | -27 | 20 |

### MARKAHÆSTU MENN

| | |
|---|---|
| Robin Van Persie, Arsenal | 23 mörk |
| Wayen Rooney, Man. Utd. | 17 mörk |
| Sergio Aguero, Man City | 16 mörk |
| Demba Ba, Newcastle | 16 mörk |
| Edin Dzeko, Man City | 13 mörk |
| Yakubu Aiyegbeni, Blackburn | 13 mörk |

### *Enski deildabikarinn*

| | |
|---|---|
| **Cardiff - Liverpool** | **2-2*** |
| 1-0 Joe Mason (19.), 1-1 Martin Skrtel (60.), 1-2 Dirk Kuyt (108.), 2-2 Ben Turner (118.) *Liverpool vann 3-2 í vítaspyrnukeppni | |

**Vítaspyrnukeppnin:**
Mörk Cardiff: Don Cowie og Peter Whittingham
Mörk Liverpool: Dirk Kuyt, Stewart Downing og Glen Johnson

# SEX ÁRA BIKARLAUS VERTÍÐ Á ENDA

**Liverpool varð deildarbikarmeistari eftir sigur á Aroni Einari Gunnarssyni og félögum í Cardiff. Vítaspyrnukeppni þurfti til að knýja fram úrslit í leik þar sem Liverpool hafði töluverða yfirburði gegn b-deildarliðinu.**

**FÓTBOLTI** Liverpool landaði sínum fyrsta bikar í sex ár þegar liðið sigraði B-deildarlið Cardiff á Wembley í gær. Eftir 2-2 jafntefli að loknum venjulegum leiktíma réðust úrslitin í vítaspyrnukeppni. Anthony Gerrard, frændi Stevens Gerrard fyrirliða Liverpool, skaut framhjá úr spyrnu Cardiff og tryggði Liverpool sigur.

Liverpool hafði töluverða yfirburði í leiknum. Liðið lenti þó undir á 19. mínútu þegar Joe Mason kom Cardiff yfir úr þeirra fyrstu almennilegu sókn og Walesverjarnir leiddu í leikhléi.

Martin Skrtel jafnaði metin með marki af stuttu færi eftir stundarfjórðungsleik í síðari hálfleik. Bæði lið fengu færi til að tryggja sér sigur en framlengja þurfti leikinn.

Í framlengingunni kom Dirk Kuyt inná og var ekki lengi að láta af sér kveða. Hollendingurinn skoraði fimm mínútum eftir innkomuna og töldu flestir björninn unninn. Ben Turner hélt ekki og jafnaði undir lok leiksins.

Taugarnar voru þandar til hins ítrasta í vítaspyrnukeppninni, jafnmargar spyrnur rötuðu í markið og sem fóru forgörðum. Dirk Kuyt, Stewart Downing og Glen Johnson nýttu sínar spyrnur og bikarinn í höfn.

„Þetta er ástæðan fyrir því að ég kom til Liverpool og að vinna minn fyrsta er stórkostlegt. Vonandi getum við bætt öðrum við í lok tímabils,“sagði sigurreifur Dirk Kuyt sem gekk til liðs við Liverpool árið 2006.

Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, var hæstánægður með langþráðan bikar en fann til með frænda sínum. Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, tók undir það orð.

„Það er sorglegt að strákurinn brenndi af. Maður finnur alltaf til með þeim sem verður á í svona stöðu,“ sagði Dalglish.



**DEILDARBIKARMEISTARAR** Suarez, Enrique, Kuyt, Skrtel, Adam og Carragher hlaupa í átt til Pepe Reina, markvarðar Liverpool, þegar sigurinn var í höfn. NORDICPHOTOS/GETTY

Aron Einar Gunnarsson spilaði allan leikinn á miðjunni hjá Cardiff. Minna fór fyrir honum en oft áður og var hann orðinn dauðþreyttur í framlengingunni eins og aðrir leikmenn liðsins. **- ktd**

Spennan á toppnum heldur áfram eftir að Manchester-liðin lögðu andstæðinga sína af velli um helgina:

# Ótrúlegur sigur Arsenal á erkifjendum

**FÓTBOLTI** Manchester City heldur tveggja stiga forskoti á granna sína United en bæði lið unnu leiki sína um helgina. City hafði fádæma yfirburði í 3-0 heimasigri á Blackburn. Gestirnir áttu ekki skot á mark í öllum leiknum og hefði sigurinn getað verið mun stærri.

„Þetta var erfitt. Blackburn spilar með tíu menn fyrir aftan bolta og þú lendir í vandræðum ef þér tekst ekki að skora,“ sagði Roberto Mancini stjóri City.

Manchester United lenti í kröppum dansi á Carrow Road í Norwich. Allt stefndi í töpuð stig hjá meisturunum eftir að Grant Holt jafnaði metin verðskuldað þegar nokkrar mínútur lifðu leiks. Reynsluboltinn Ryan Giggs laumaði sér á fjærstöng í viðbótartíma og skoraði sigurmark gestanna.

Arsenal vann ótrúlegan sigur á grönnum sínum í Tottenham 5-2 eftir að hafa lent tveimur mörkum undir snemma leiks. Einhverjir stuðningsmenn Arsenal vildu eflaust reka stjóra sinn Arsene Wenger enda gengi liðsins verið skelfilegt að undanförnu. Þeim snerist þó eflaust hugur er leikmenn Arsenal settu upp sýningu. Þeir jöfnuðu metin fyrir hlé og rúlluðu yfir erkifjendurna í síðari hálfleik og tryggðu sér þrjú dýrmæt stig í baráttunni um Meistaradeildarsæti.

Andre Villas-Boas, stjóra Chelsea, var eflaust létt eftir 3-0 heimasigur á Bolton. Frank Lampard og Didier Drogba voru meðal markaskorara en sá fyrrnefndi segir samband sitt við stjórann ekki gott.

„Það hafa verið vandamál. Sumum okkar finnst pirrandi að fá ekki að spila. Við erum samt ekki í neinum sandkassaleik sem bitnar á félaginu,“ sagði Lampard. **-ktd**



**SJÓÐANDI HEITUR** Robin van Persie skoraði sitt 23. mark í deildinni og 29. í öllum keppnum í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY



SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla

HotYoga iceland

# 4 VIKNA HOT YOGA ÁSKORUN!

Í Sporthúsinu 5. mars – 1. apríl



Mættu í Hot Yoga á hverjum degi í 4 vikur og árangurinn fær þig til þess að brosa.

| | |
|---|---|
| 4 vikur | 14.900 kr. |
| 10 tíma klippikort | 12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi |
| 6 mán áskrift | 11.900 kr. á mán |
| 12 mán áskrift | 7.900 á mán + kaupauki |

| mán. | þri. | mið. | fim. | fös. |
|---|---|---|---|---|
| **6:15** (60 mín) | | **6:15** (60 mín) | | **6:15** (60 mín) |
| **9:00** (60 mín) | | **9:00** (60 mín) | | **9:00** (90 mín) |
| | **12:00** (60 mín) | | **12:00** (60 mín) | |
| **17:30** (90 mín) | | **17:30** (90 mín) | | **17:30** (75 mín) |
| | **18:00** (90 mín) | | **18:00** (90 mín) | |
| **19:30** (60 mín) | | **19:30** (60 mín) | | |
| | **20:00** (75 mín) | | **20:00** (75 mín) | |
| **21:00** (60 mín) | | **21:00** (60 mín) | | |

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

Nánari upplýsingar og skráning á www.sporthusid.is, s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is
Sporthúsið • Dalsmára 9 - 11 • 201 Kópavogi • S. 564 4050

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

þín þróun...

> Stöð 2 kl. 22.00

**Óskarsverðlaunin 2012 - Samantekt**

*Óskarsverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn sl. nótt. Stöð 2 var með beina útsendingu langt fram eftir nóttu en í kvöld verður sýnd samantekt með því helsta sem gerðist. Flottustu kjólarnir, bestu brandararnir og allar stjörnurnar í essinu sínu. Kynnir kvöldsins var Billy Crystal.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON OG ÞESSI GÖMLU GÓÐU

# Til hamingju með afmælið!

Enn þann dag í dag skipti ég af og til yfir á Gull 90,9 þegar ég er að keyra. Oftast á föstudögum eftir vinnu, þegar ég er í góðu skapi en að sama skapi í engu stuði til að hlusta á tuð, röfl, nöldur og leiðindi, og þá rifjast upp fyrir mér hvers konar himnasending þessi útvarpsstöð var þegar ég gerði mér fyrst grein fyrir tilvist hennar á síðari hluta tíunda áratugar síðustu aldar. Þá var gulls ígildi að geta tekið „öll þessi gömlu góðu" upp á kassettu, áður en intervefurinn og tilheyrandi niðurhal gerði slíkar æfingar óþarfar.



Með tímanum hafa gömlu lögin orðið yngri, eins og gengur, og þegar ég heyrði fyrsta eitís-lagið á stöðinni fyrir nokkrum árum olli það mér miklum heilabrotum um hverfulleika tímans. Eitt breytist þó ekki, en það er hrollurinn sem fylgir því að heyra suma af dægurlagatextunum sem viðgengust á sjötta og sjöunda áratugnum. Af hverju sungu menn eins og Neil Sedaka, Johnny Burnette og Chuck Berry, á þrítugs- eða fertugsaldri, ítrekað munúðarfulla söngva um sextán ára stelpur? „Happy Birthday Sweet Sixteen"? „Sweet Little Sixteen"? „Young girl, get out of my life"? Hringdi enginn í lögguna?

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.25** Girni, grúsk og gloríur **23.20** Listræninginn **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.45 Silfur Egils** (e)
**16.05 Landinn** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Babar** (17:26)
**17.45 Leonardo** (5:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Tónspor** (5:6) (e) (Daníel Bjarnason og Margrét Bjarnadóttir)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Síðustu forvöð - Nashyrningarnir snúa aftur** (Last Chance to See: Return of the Rhino) Stephen Fry og dýrafræðingurinn Mark Carwardine fylgjast með tilraun til þess að flytja sjaldgæfustu nashyrninga heims úr dýragarði í Tékklandi til Kenýa í von um að þeir fjölgi sér þar.
**21.15 Hefnd** (12:22) (Revenge)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenski boltinn** Í þættinum er sýnt frá leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
**23.00 Óvættir í mannslíki** (1:8) (Being Human III) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur; varúlf, blóðsugu og draug sem búa saman í mannheimum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Trúður** (9:10) (Klovn V) (e)
**00.25 Kastljós** (e)
**01.00 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Astronaut Farmer**
**10.00 Crazy on the Outside**
**12.00 Daddy's Little Girls**
**14.00 The Astronaut Farmer**
**16.00 Crazy on the Outside**
**18.00 Daddy's Little Girls**
**20.00 Goya's Ghosts**
**22.00 The Elementary Particles**
**00.00 Quantum of Solace**
**02.00 Fast & Furious**
**04.00 The Elementary Particles**
**06.00 Hot Tub Time Machine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (42:175)
**10.15 Hawthorne** (4:10)
**11.00 Gilmore Girls** (4:22)
**11.45 Falcon Crest** (9:30)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X Factor** (7:26)
**14.25 The X Factor** (8:26)
**15.50 ET Weekend**
**16.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (11:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (9:22)
**19.40 Til Death** (14:18)
**20.05 The Block** (9:9)
**21.15 The Glades** (9:13) Sakamálaþættir sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth. Sá söðlar um og reynir að fóta sig í nýju starfi á Flórída eftir að hafa verið rekinn frá störfum í fyrra starfi sínu í Chicago þegar honum var ranglega gefið að sök að hafa sofið hjá eiginkonu yfirmanns síns.
**22.00 Óskarsverðlaunin 2012 - samantekt** Samantekt með því helsta sem gerðist á Óskarsverðlaunahátíðinni 2012, sem fram fór aðfaranótt mánudagsins og var sýnd í beinni útsendingu.
**23.35 Twin Peaks** (10:22)
**00.20 Better Of Ted** (9:13)
**00.45 Modern Family** (12:24)
**01.10 Mike & Molly** (24:24)
**01.30 Chuck** (23:24)
**02.15 Burn Notice** (7:20)
**03.00 Community** (20:25)
**03.25 Bones** (4:23)
**04.10 The Glades** (9:13)
**04.55 Malcolm In The Middle** (9:22)
**05.25 The Simpsons** (11:22)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarb.: Liverpool - Cardiff**
**17.15 Enski deildarb.: Liverpool - Cardiff**
**19.00 Spánn: Atl. Madrid - Barcelona**
**20.45 Spænsku mörkin**
**21.15 NBA All Star Game** Útsending frá stjörnuleiknum í NBA þar sem úrvalslið austur- og vesturdeildar mætast.
**23.05 Golfskóli Birgis Leifs** (7:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum.
**23.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar**
**00.00 Spánn: Rayo - Real Madrid**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Tottenham**
**13.45 Stoke - Swansea**
**15.35 Newcastle - Wolves**
**17.25 Sunnudagsmessan**
**18.45 Premier League Review 2011/12**
**19.40 Premier League World**
**20.10 Norwich - Man. Utd.**
**22.00 Premier League Review 2011/12**
**23.00 Football League Show**
**23.30 Man. City - Blackburn**

## EXTRA

**18.05 The Doctors** (57:175)
**18.50 Wonder Years** (22:23) (23:23)
**19.45 Hollráð Hugos** (2:2)
**20.15 60 mínútur**
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Mentalist** (10:24)
**22.35 The Kennedys** (8:8)
**23.25 Boardwalk Empire** (3:12)
**00.20 Hollráð Hugos** (2:2)
**00.50 Malcolm In The Middle** (9:22)
**01.15 Til Death** (14:18)
**01.40 60 mínútur**
**02.25 Wonder Years** (22:23) (23:23)
**03.15 The Doctors** (57:175)
**03.55 Íslenski listinn**
**04.20 Sjáðu**
**04.45 Fréttir Stöðvar 2**
**05.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Minute To Win It** (e)
**16.00 Once Upon A Time** (8:22) (e)
**16.50 Game Tíví** (5:12) (e)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Top Gear Australia** (2:6) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (31:48)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (2:24) Endursýningar frá upphafi á þessum sívinsælu gamanþátttum um Ray Barone og furðulegu fjölskylduna hans.
**19.45 Will & Grace** (13:27) Endursýningar frá upphafi á þessum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
**20.10 90210** (7:22) Naomi planar að halda grímuball með erkióvini sínum, Holly, og Adranna gerir allt sem í hennar valdi stendur til að halda Dixon edrú.
**20.55 Hawaii Five-0** (4:22) Kafari sem starfar við að bjarga verðmætum úr sjávarháska finnst myrtur og við rannsókn málsins kemur upp úr kafinu að kafarinn var ekki allur þar sem hann var séður. Peter Fonda leikur gestahlutverk í þættinum.
**21.45 CSI** (8:22) Þrjú morð eru framin og við nánari skoðun virðast þau tengjast gömlum morðmálum úr fortíðinni.
**22.35 Jimmy Kimmel** (e)
**23.20 Law & Order: Special Victims Unit** (22:24) (e)
**00.05 Hawaii Five-0** (4:22) (e)
**00.55 Eureka** (8:20) (e)
**01.45 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.35** World Golf Championship 2012 (5:5) **17.05** PGA Tour - Highlights (7:45) **18.00** Golfing World **18.50** World Golf Championship 2012 (5:5) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour - Highlights (3:25) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Starfið með Sigga Gunnars

## BBC entertainment

**06.10** The Weakest Link **06.55** Fawlty Towers **08.35** The Inspector Lynley Mysteries **10.05** Come Dine With Me **10.55** EastEnders **11.25** QI **12.25** Fawlty Towers **14.30** My Family **15.30** QI **16.30** Top Gear **17.20** QI **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **21.45** Peep Show **22.20** Live at the Apollo **23.05** QI **23.40** Fawlty Towers **01.50** The Inspector Lynley Mysteries **03.25** My Family **04.30** My Family **05.00** The Weakest Link **05.50** The Weakest Link

## DR 1

**11.50** Clement Søndag **12.30** Vind eller forsvind **13.30** Sporløs **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.05** Benjamin Bjørn **15.20** Timmy-tid **15.30** Ni Hao, Kai-Lan **15.50** Mægtige maskiner **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Søren Ryge præsenterer **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Livets planet **19.50** Bagom Livets planet **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalkommissær Foyle **22.40** Homeland - Nationens sikkerhed

## NRK 1

**12.45** Glimt av Norge **13.00** NRK nyheter **13.05** Norsk attraksjon **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Popstokk **16.00** NRK nyheter **16.10** Dyreklinikken **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Puls **19.15** Salt & Pepper **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brille **21.00** Broen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Hva skjedde med Mark Randle? **23.45** Nytt på nytt

## SVT 1

**11.15** Melodifestivalen 2012 **12.45** Räddade av gränspolisen **12.55** Det sjunde inseglet **14.30** X-Games **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Bakom 30 grader i februari **16.00** Familjehemligheter **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Drömmen om landet **20.00** 30 grader i februari **21.00** Brott och straff **21.30** Jakten på det demokratiska klassrummet **22.00** Helvetet tur och retur

## ÍNN

**20.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **20.30** Gamansaman **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistranna

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





SÚPERKVÖLD!

Súperkvöld í SkjáBíói í kvöld. Leigðu nýja mynd og fáðu aðra með fyrir ekki neitt. Notaðu tækifærið, sjáðu það nýjasta og fáðu tímalausa klassík í kaupbæti.

**Þú færð SkjáBíó í Sjónvarpi Símans.**

SKJÁRBÍÓ

ENNEMM / SÍA / NM50636

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-2910




**Ávísun á ánægju**
Núna í febrúar fengu 19.873 viðskiptavinir í Stofni endurgreiðsluávísun frá Sjóvá

# ÞÚ FÆRÐ **MEIRA** Í STOFNI

Með því að sameina tryggingar fjölskyldunnar í Stofni hjá Sjóvá færð þú persónulega þjónustu, betri kjör á tryggingum og ýmis fríðindi. Að auki fá tjónlausir og skilvísir viðskiptavinir í Stofni hluta iðgjalda sinna endurgreiddan í byrjun febrúar ár hvert. **Sjóvá er eina íslenska tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.**

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Vegaaðstoð án endurgjalds
- Afsláttur af barnabílstólum
- Ókeypis bílaleigubíll í 7 daga vegna kaskótjóns
- Frí flutningstrygging innanlands
- Enginn iðgjaldsauki ef þú lendir í tjóni
- Nágrannavarsla

… og margt fleira

## ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ
STOFN

Sjóvá er hluti af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ



*„Á virkum dögum fæ ég mér hafragraut með bláberjum og hörfræjum. Um helgar geri ég vel við mig og fæ mér amerískar pönnukökur og nýbökuð brauð.“*

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir, matarbloggari og nemi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

# 1.200 íslenskar kvikmyndir á sama stað

Gagnagrunnur um íslenska kvikmyndagerð með rúmlega 1.200 titlum og tæplega átta þúsund einstaklingum hefur verið opnaður á síðunni Kvikmyndavefurinn.is.

„Þetta er rosalega stórt verkefni,“ segir Þór Tjörvi Þórsson hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, sem vann gagnagrunninn í samvinnu við Menntamálaráðuneytið. „Við höfum verið að slá þetta allt inn og þetta er búið að vera í ferli í dálítinn tíma.“

Gagnagrunnurinn er sá ítarlegasti sem til er um íslenska kvikmyndagerð. Þar er að finna upplýsingar um hverjir störfuðu við allar þær kvikmyndir, teiknimyndir eða sjónvarpsþætti sem hafa komið út á Íslandi. Ýmsar fleiri upplýsingar eru á síðunni, þar á meðal eru plaköt, sýnishorn, frumsýningardagar og á hvaða hátíðum myndirnar hafa verið sýndar.

Settur var aukinn kraftur í verkefnið fyrir tveimur árum og munaði þar mikið um þátttöku Kvikmyndamiðstöðvarinnar í vinnuátaki á vegum Vinnumálastofnunar og Félagsmálaráðuneytisins. „Við fengum sex einstaklinga til að vinna að þessu og þeir voru í tvo mánuði að stimpla inn. Við fengum svo þrjá í fyrra og við hefðum ekki getað verið án þessa fólks,“ segir Þór.

Hann bætir við að upplýsingarnar á vefnum séu ekki endilega allar hárréttar og hvetur fólk til að láta Kvikmyndamiðstöðina vita ef það kemur auga á eitthvað sem má lagfæra.“

Vefurinn hefur annars fengið góð viðbrögð frá fólki í kvikmyndabransanum. „Það er mjög ánægt með að hafa þetta allt á einum stað.“ **- fb**



**VEFURINN OPNAÐUR** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra opnaði vefinn í Kvikmyndamiðstöð Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

**STELPUFÓTBOLTI**

**Rakel** vonar að leikurinn verði árlegur. **Tobba Marinós** mun sýna hæfileika á nýju sviði í Frostaskjóli og **Rikka** verður eflaust liðtæk á KR-vellinum.



RAKEL GARÐARSDÓTTIR: VIÐ VILJUM VEKJA FÓLK TIL UMHUGSUNAR

# FRÆGAR KONUR ETJA KAPPI Á KNATTSPYRNUVELLINUM

„Við lítum á þetta sem gleðihátíð sem við viljum gera að árlegum viðburði til styrktar góðum málefnum,“ segir Rakel Garðarsdóttir framkvæmdastjóri Vesturports og skipuleggjandi góðgerðaknattspyrnuleiks sem fram fer í mars.

Fótboltaliðið FC Ógn, sem eingöngu er skipað konum, mun þá etja kappi við lið skipað frægum konum. Síðarnefnda liðið samanstendur af þekktum konum úr ýmsum áttum, en þar má til dæmis nefna Margréti Marteinsdóttur fréttakonu, Rikku, Bryndísi Ásmundsdóttur, Tobbu Marinós og Mörtu Maríu.“

Tilgangur leiksins er að sögn Rakelar að hvetja fólk til að lifa lífinu lifandi. „Við viljum vekja fólk til umhugsunar. Það er bara eitt líf.“ Tilgangurinn er einnig að styrkja unga konu sem berst við krabbamein. „Við erum núna að fá fyrirtæki til að skora á hvert annað að safna áheitum og það verður posi á staðnum ef fólk vill leggja málefninu lið.“ Fótboltalið Rakelar, FC Ógn, hittist á vikulegum æfingum. „Það eru nokkur kvennalið í bænum og við spilum reglulega en KSÍ er ekki með sérstaka utandeild fyrir kvennafótboltalið. Við erum þó með mót sem kallast Drottningamótið og við ætlum okkur að taka gullið núna í vor.“

> Við lítum á þetta sem gleðihátíð sem við viljum gera að árlegum viðburði til styrktar góðum málefnum.
>
> RAKEL GARÐARSDÓTTIR
> FRAMKVÆMDASTJÓRI VESTURPORTS

Leikurinn fer fram á KR vellinum 10. mars næstkomandi kl. 15. Rakel hvetur alla til að láta sjá sig. „Þetta er fjölskylduhátíð og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“ **- hb**

# Í anda bistróstaða frá New York

„Þetta verður mjög skemmtilegur staður,“ segir Sigurgísli Bjarnason.

Boðið verður upp á snafsa, smurbrauð og klassískan bistrómat á nýjum veitingastað, Snaps, sem opnar á Óðinstorgi á næstunni þar sem áður var Brauðbær. „Staðurinn er búinn að taka rosalegum breytingum,“ segir Sigurgísli, sem rekur einnig veitingastaðinn Nings. Meðeigandi hans að Snaps er kokkurinn Stefán Melsteð sem starfaði áður á Hotel d´Anglaterre í Kaupmannahöfn.

Lagt verður upp með að halda í gömlu hefðirnar bæði hvað matseðilinn og útlitið varðar, í anda staða á borð við Pastis og Balthasar í New York og Café Victor í Kaupmannahöfn. Fenginn var leikmyndahönnuðurinn Hálfdán Pedersen til að aðstoða við hönnunina. Hann hefur áður komið að hönnun Kex Hostel og verslunarinnar Geysi. „Hann setti rauða þráðinn í þessu og hefur staðið sig mjög vel.“

Að sögn Sigurgísla verður Snaps ekki dýr veitingastaður. Áhersla verður lögð á þægilega stemningu með lifandi tónlist og nýlega var fest kaup á gömlu píanói frá Sauðárkróki. Einnig ljós frá Kaffi Óperu í Lækjargötu og marmaraborð frá gamla Hressingarskálanum prýða staðinn einnig.



**NÝR STAÐUR** Stefán Melsteð og Sigurgísli Bjarnason á nýja veitingastaðnum Snaps sem opnar á Óðinstorgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hótel Óðinsvé er í sama húsi og Snaps og verður staðurinn í samstarfi við hótelið. Gamli inngangurinn sem var framan á húsinu verður notaður á nýjan leik. „Við lofum góðri stemningu en umfram allt góðum mat,“ segir Sigurgísli. **- fb**

→ flugfelag.is

NÝR ÁFANGASTAÐUR FLUGFÉLAGS ÍSLANDS




GULL, GRÆÐGI OG TALANDI PÁFAGAUKAR

SJÓRÆNINGJAPAKKAR FRÁ 22.750 KR.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS OG LEIKHÚS AKUREYRAR BJÓÐA SJÓRÆNINGJAPAKKA FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA – FRÆGASTA SJÓRÆNINGJASAGA ALLRA TÍMA – BRÁÐFJÖRUG LEIKGERÐ KARLS ÁGÚSTS ÚLFSSONAR OG SIGURÐAR SIGURJÓNSSONAR ELDFJÖRUG TÓNLIST EFTIR ÞORVALD BJARNA ÞORVALDSSON

BÓKANIR Í SÍMA 570 3075 EÐA Á NETFANGINU HOPADEILD@FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ Bókaðu flugið tímanlega á **flugfelag.is**

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 56678 01.2012

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sigur Rós lokahnykkurinn

**Jónsi** og félagar í Sigur Rós spila tvívegis á pólsku tónlistarhátíðinni Sacrum Profanum dagana 16. og 17. september. Kronos-strengjakvartettinn frá Bandaríkjunum stígur á einnig á aðalsviðið með Sigur Rós og verða tónleikarnir lokahnykkurinn á tíu ára afmæli hátíðarinnar. Sigur Rós hafði áður tilkynnt um fimm tónleika, þar á meðal í Japan og á Bestival-hátíðinni í Englandi. Hljómsveitin gefur í vor út sína sjöttu hljóðversplötu. Fjögur ár eru liðin síðan Með suð í eyrum við spilum endalaust kom út við góðar undirtektir.



### Eitísmenn óska Sigga bata

Eitísboltinn **Siggi Hlö** gat ekki séð um vinsælan útvarpsþátt sinn, Með sítt að aftan, á Bylgjunni um helgina því hann var lagður inn á Landspítalann á föstudag. „Ristillinn fékk kast," sagði Siggi á Facebook-síðu sinni í gær og tók jafnframt fram að hann væri að hressast og þakkaði Ívari Guðmundssyni fyrir að hlaupa í skarðið í þættinum. Af þeim tæplega tvö hundruð sem óska Sigga góðs bata á síðunni eru menn sem gerðu sig heldur betur gildandi í tónlistarheiminum á níunda áratugnum: Jón Ólafsson, Hemmi Gunn, Hjörtur Howser og Richard Scobie.

**- fb, kg**



## Mest lesið vísir

1. Stúlka kærði nauðgun til lögreglu
2. Kom sér sjálfur á slysadeild handleggs- og fótbrotinn
3. Hefur þú séð 7 ára pilt í grennd við Sundlaugina í Kópavogi?
4. Starfsfólk tók bíllyklana af viðskiptavini
5. Þyrlan sækir mann með bráðaofnæmi


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



HONDA
The Power of Dreams

1.3i IMA hybrid kerfi - 102 hestöfl
$CO_2$ 104g/km - eyðsla í blönduðum akstri 4,5l/100km
15" álfelgur
Sjálfskiptur
SRS loftpúðar fyrir ökumann og farþega
SRS hliðarloftpúðar
Loftpúðagardínur
Aftengjanlegur loftpúði fyrir farþega í framsæti
ABS hemlalæsivörn
VSA stöðugleikakerfi
EBD hemlaátaksdreifing
EPS rafstýrt aflstýri
EBA neyðarhemlun
Höfuðpúðar og 3ja punkta öryggisbelti fyrir öll sæti
ISOFix barnastólafestingar
Fjölstillanleg töfrasæti
Samlitir stuðarar, hliðarspeglar og hurðahandföng
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
Díóðustefnuljós í hliðarspeglum
Þokuljós að framan
Hágæða hljómflutningstæki með geislaspilara og RDS útvarpi
USB og aux tengi fyrir iPod/MP3 spilara
Tölvustýrð loftkæling með frjókornasíu
Rafmagn í rúðum að framan og aftan
Skriðstillir (Cruise control)
Loftkæling í hanskahólfi
Dökkar hliðarrúður
Armpúði fyrir bílstjóra
Þjófavarnarkerfi
Regnskynjari
og margt fleira

Jazz Elegance HYBRID

EURO NCAP www.euroncap.com

kr. 3.690.000
sjálfskiptur





www.honda.is

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535